



SKOÐUN Kristinn Steinn skrifar um búsetu frambjóðenda í kosningunum. **20**



MENNING Franskir greifar yfir sig hrifnir af Svári við bréfi Helgu. **32**



LÍFID Adolf Smári skrifar um flakkarasamfélag nútímans. **46**



SPORT Ætlar ekki að vera neinn Ole Gunnar Solskjær hjá norsku Víkingunum. **42**

SUMAR í BARCELONA FRÁ 20.990 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

16. apríl 2014
90. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Íslenskt sælgæti er selt til átta mismunandi landa


Úttekt á íslenskum sælgætisframleiðendum, sem seldu 434 tonn af sælgæti til útlanda í fyrra. Framleiðendurnir komu misvel út úr efnahagshruninu.

FRÉTTIR

Sjúkraskrár óaðgengilegrar Lögum um aðgengi að sjúkraskrár var breytt þrátt fyrir athugasemdir margra umsagnaraðila. **4**

Deilt á fiskeldisfrumvarp Landsamband veiðifélaga gagnrýnir breytingar á lögum um fiskeldi. **8**

Klæðskerasniðin lausn Leysa á úr fjárhagsvanda byggingarsjóðs öldrunarmiðstöðvar í Hafnarfirði með því að íbúarnir eignist íbúðirnar. **10**



| | | | |
|----------------|----|----|---|
| Bolungarvík | 0° | NV | 5 |
| Akureyri | 3° | S | 4 |
| Egilsstaðir | 5° | SV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | SV | 4 |
| Reykjavík | 4° | SV | 4 |

Strekkingur A-til fyrrihluta dags en dregur svo úr vindi. Skúrir eða él V-til en bjart A-til í fyrstu. Bætur í úrkomu við S- og SA-ströndina í kvöld. Hiti 0-5 stig að deginum en víða næturfrost. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Grillið | Fólk



Hundraða milljarða halli á gjaldeyrisflæði

Öll verðmæti sem hagkerfið skapar í formi afgang af vöruviðskiptum mun fara í að greiða vexti af erlendum skuldum á næstu árum samkvæmt skýrslu Viðskiptaráðs.

EFNAHAGSMÁL Án endurfjármögnunar núverandi skulda nemur áætlaður halli á gjaldeyrisflæði til og frá Íslandi um 750 milljörðum yfir næstu sex ár. Samanlögð gjaldeyrisþörf þjóðarbúsins gæti numið um 130 prósentum af landsframleiðslu ef aflétta á fjármagnshöftum. Viðskiptaráð greinir frá þessu í nýrri skýrslu.

Þar segir einnig að að öðru óbreyttu muni öll þau verðmæti sem hagkerfið skapar í formi afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum fara í að greiða vexti af erlendum skuldum

á næstu árum. Afnám hafta muni að miklu leyti velja á því hvort innlendir aðilar geti mætt þessari miklu endurfjármögnunarpörf með sjálfbærum hætti.

„Hér þarf annars vegar að vera öflug efnahagsstefna sem styður við langtímaþrótt hagkerfisins og hins vegar trúverðug áætlun um hvernig eigi að taka á þessum skammtímavanda, það er tæknileg útfærsla afnámsins,“ segir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Guðlaugur Þór Þórðarson, vara-

750 milljarðar munu flæða frá Íslandi á næstu sex árum

formaður fjárlaganefndar, segir þetta vera hið stóra verkefni. „Menn hafa stigið fyrstu skrefin. En við náum engum árangri við að koma á efnahagslegum stöðugleika nema við komum hér á ábyrgri stefnu í opinberum fjármálum og náum hallalausum fjárlögum, sem verið er að vinna í,“ segir Guðlaugur.

-fbj / sjá Markaðinn

Fréttir af mannfalli í Úkraínu: Hrundu áhlaupi á lítinn flugvöll

ÚKRAÍNA Oleksandr Túrtsjínov, forseti Úkraínu, skýrði frá því í gær að hernaðaraðgerðir væru hafnar gegn aðskilnaðarsinum. Fregnir bárust af því í gær að Úkraínuher hefði hrundið áhlaupi 30 aðskilnaðarsinna á lítinn flugvöll.

Óstaðfestar fregnir herma að allt að ellefu manns hafi látið lífið, en úkraínsk stjórnvöld sögðu engan hafa fallið. Talsmaður aðskilnaðarsinna sagði að tveir væru sárir en enginn fallinn.

Túrtsjínov fullyrti að stutt væri í að Úkraínuher næði aftur stjórnarbyggingum úr höndum hryðjuverkamanna.

Bandaríkjaforseti og Rússlandsforseti ræddust við í gær og hvatti Obama Pútín til að biðja aðskilnaðarsinna að láta af aðgerðum strax.

-gb, jm / sjá síðu 6



ÉLJAGANGUR Sprækir krakkar léku sér í fótbolta við Austurbæjarskóla í éljaganginum í gær. Það er útlit fyrir hressilegt páskaheft næstu daga en veður gengur niður á laugardag. Sjá síðu 2.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verkfall háskólakennara gæti haft alvarleg áhrif á starfsemi Landspítalans:

Óvissa um hátt í 50 læknanema

HEILBRIGÐISMÁL Komi til verkfalls háskólakennara gæti það haft alvarleg áhrif á starfsemi Landspítalans. Það gæti þýtt að nemendur á lokaári í læknafræði geti ekki preytt próf og þar af leiðandi ekki hafið störf við spítalann í sumar.

Þetta gæti þýtt að hátt í 50 lækna, sem spítalinn reidir sig á, geti ekki mætt til vinnu.

Pétur Sólmar, fulltrúi í stjórn

læknanema, segir nemendur áhyggjufulla.

„Við erum 50 nemendur sem gerum flest ráð fyrir að hefja störf í júní. Ef af verkfalli verður verða engin loka-próf og við hefjum ekki störf eins og gert er ráð fyrir.“

Magnús Karl Magnússon, prófessor við læknaeild,



PÉTUR SÓLMAR GUÐJÓNSSON

tekur í sama streng. „Við hvetjum yfirvöld til að gera sér grein fyrir alvarleika málsins. Ef háskólakennarar leggja niður störf á prófatíma eru ekki aðeins hagsmunir einstaklinga í húfi heldur reidir þjóðfélagið sig á að útskrifa fólk með háskólagráður.“

-jm / sjá síðu 2

Ígló & Indí

0-12 ára
ÍSLENSK HÖNNUN

ÍGLÓ&INDÍ VERSLANIR - SKÓLAVÖRÐUSTÍG 4 OG KRINGLUNNI
www.igloandindi.com

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla og Vesturbergi

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

ENGA MAGAPÍNU UM PÁSKANA

6 GLEÐILEGA PÁSKA

PRÓGASTRO

Gengurvel.is

SPURNING DAGSINS



Vilhjálmur, verður grillmaturinn líka glerharður?

„Það sem á að vera hart verður glerhart og það sem á að vera mjúkt verður mjúkt.“

Vilhjálmur Sanne, sem hefur opnað grillstaðinn Chuck Norris Grill á Laugaveginum, segir að Chuck Norris sé glerharður.

Nýr listi vinnur að framboði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í Mosfellsbæ: Valdimar Leó snýr aftur í pólitík

MOSFELLSBÆR Nýr listi mun bjóða fram til sveitarstjórnar í Mosfellsbæ. Mosfellslistinn hefur þegar óskað eftir listabókstafnum L hjá yfirkjörstjórn. Þetta staðfesti Valdimar Leó Friðriksson, fyrrverandi alþingismaður, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Þar með er ljóst að í það minnsta sex listar verða í boði fyrir íbúa Mosfellsbæjar í vor.

„Listinn samanstendur af Mosfellingum sem eru óánægðir með bæði meiri- og minnihluta



VALDIMAR LEÓ FRIÐRIKSSON

listann í kosningabaráttunni, en listinn í heild sinni verður kynntur síðar.

í bænum. Við erum hvorki til vinstri né hægri heldur aðeins íbúar sem viljum hag Mosfellsbæjar sem mestan,“ segir Valdimar Leó.

Hann mun sjálfur leiða listann í kosningabaráttunni, en listinn í heild sinni verður kynntur síðar.

„Ég mun vera oddviti listans en hef ekki í huga að verða bæjarstjóri. Okkar helsta stefnumál er að ráða bæjarstjóra á faglegum forsendum og tryggja það að hann sé framkvæmdastjóri allra bæjarbúa,“ segir Valdimar Leó.

Um önnur helstu stefnumál listans sagði Valdimar þau verða skólamálið og bættu aðstöðu skólarnanna. „Hér í bæ eru allt of margar lausar kennslustofur á lóðum skólanna. Húsnæðismál skólanna verða að leysast á næsta kjörtímabili.“ - sa

Femínistar skora á yfirvöld: Kynjafræði verði skyldufag

MENNTAMÁL Landssamband femínistafélaga framhaldsskólanna og Kvenréttindafélag Íslands hafa sent frá sér ályktun þar sem skorað er á skólayfirvöld að gera kynjafræði að skyldufagi á grunn- og framhaldsskólastigi.

Kynjafræði er nú kennd sem valáfangi í 17 framhaldsskólum á landinu og hefur sú kennsla samkvæmt ályktuninni verið nemendum skólanna bæði til styrkingar og eflingar.

-jm



SPÁIR ILLA Margar dreymir um að komast á skíði í páskafríinu. Það viðrar hins vegar ekki til útivistar á morgun og föstudag en á laugardag ætti að vera komið ágætis útivistarveður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leiðindaveður um bænadaga en gott á páskum:

Ferðamenn ættu að fylgjast með færð

VEÐUR „Það verður leiðindaveður um bænadagana,“ segir Elín Jónsdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. „Þeir sem ætla að leggja á fjallvegi ættu að fylgjast vel með veðurspá og færð á vegum.“

Spáin fyrir skírdag hljóðar upp á sunnanhvasvísri víða um land með slyddu og snjókomu til fjalla. Veðrið verður ekki mikið betra á föstudaginn langa því að þá snýst hann í suðvestanátt með eljagangi til fjalla og skúrum með ströndinni. Veðrið gengur niður á laugardag og spáin fyrir páskana er góð. „Það viðrar ágætlega til útivistar um mest allt land á laugardag, páskadag og annan í páskum,“ segir Elín.

-jme

Pulitzer úthlutað:

Snowden fær viðurkenningu

BANDARÍKIN Blaðamenn á bandaríska dagblaðinu The Washington Post og breska dagblaðinu The Guardian fengu hin virtu Pulitzer-bláðamannaverðlaun fyrir greinar sínar um víðtæka nýjstærðarbandarísku Þjóðaröryggisstofnunarinnar. Greinarnar voru byggðar á uppljóstrunum frá Edward Snowden, sem enn er í Rússlandi þar sem hann fékk tímabundið hæli.

Snowden sendi frá sér tilkynningu þar sem hann óskar blaðamönnum til hamingju og segir verðlaunin í ár staðfestingu þess að almenningur hafi mikilvægu hlutverki að gegna í landstjórninni.

-gb

Klofningur í Reykjanesbæ:

Gunnar kominn í sérframboð

STJÓRNAMÁL „Það var ekki ég sem yfirlit Sjálfstæðisflokkinn, hann hafnaði mér,“ segir Gunnar Þórarinnsson, formaður bæjarráðs í Reykjanesbæ.

Hann bauð sig fram í fyrsta til annað sætið í prófkjöri í Reykjanesbæ en hafnaði í því fimmta. Gunnar neitaði að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við Árna Sigfússon bæjarstjóra. Fulltrúaráð flokksins samþykkti svo að hann færi af listanum.


Í kjölfarið segist hann hafa ákveðið fara í sérframboð og að nú hafi listi Frjáls afli litið dagsins ljós.

-jme

Verkfall hefði áhrif á starfsemi spítala

Tvísýnt er hvort hátt í 50 kandidateitnema sem fyrirhugað er að hefji störf í vor nái að útskrifast í tæka tíð komi til verkfalls. Grafalvarleg staða segir prófessor.

HEILBRIGÐISMÁL Fyrirhugað verkfall háskólakennara mun hafa alvarleg áhrif á starfsemi Landspítalans ef af verður. Hátt í 50 kandidateitnema í læknisfræði geta ekki hafið störf á Landspítalanum á tilsettum tíma, verði af verkfallinu, sem myndi þýða skort á læknum innan spítalans í sumar.



PÉTUR SÓLMAR GUÐJÓNSSON

Pétur Sólmar Guðjónsson, fulltrúi 6. árs nema í stjórn Félags lækna, segir bæði nemendur og kennara ugðandi yfir málinu.

„Forsenda þess að komast inn á kandidateitrið og hefja störf hjá spítalanum er að ljúka lokaprófinu. Við erum 50 kandidateitnema og flest okkar gera ráð fyrir að hefja störf strax í júní,“ segir Pétur.

Ef prófin frestast þá frestast ráðningar, ef af verkfalli verður verða engin lokapróf.

Stjórn Félags lækna hafa verið í sambandi við forseta læknaeildar í þeirri von að finna einhver neyðarúrræði til að grípa til ef þessi staða kemur upp.

„Þetta verður stór bítur fyrir samfélagið enda hefur verkfallið áhrif á störf lækna, hjúkrunarnema, líf-eindafræðinga og sjúkraliða svo dæmi séu nefnd,“ segir Pétur.

Magnús Karl Magnússon, prófessor við læknaeild Háskólans, tekur undir áhyggjur læknaema og segir stöðuna grafalvarlega.

„Staðan er krítísk fyrir nemendur og fyrir spítalanum. Við í háskólanum erum að leita leiða til að útskrifa þessa nemendur en við



LANDSPÍTALINN Fyrirhugað verkfall háskólakennara mun hafa alvarleg áhrif á starfsemina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

höfum því miður engin svör,“ segir Magnús. „Við verðum að fara eftir öllum reglum sem gilda um verkföll í samráði við yfirmenn háskólans svo það er ekki mögulegt að lækna hefji störf án þess að þreyta prófið. Prófið er forsenda þess að nemendur fái lækningaleyfi,“ segir Magnús.

„Við í læknaeild viljum koma á framfæri hvatningu til yfirvalda um að gera sér grein fyrir alvarleika málsins. Ef háskólakennarar leggja niður störf á prófatima eru ekki aðeins hagsmunir einstaklinga í húfi og hvort þeir fái prófskrteini, heldur reidir þjóðfélagið sig á að útskrifa fólk með háskólagráður. Útskriftarnema eru mikilvægur mannaflí fyrir heilbrigðiskerfið.“

Boað hefur verið til samráðsfundar fulltrúa Landspítala og háskólans eftir tvær vikur en þá verður staðan rædd.

julia@frettabladid.is

Skiljanlegar áhyggjur

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum, segist skilja áhyggjur af áhrifum verkfalls háskólakennara á heilbrigðiskerfið, og að þær séu eðlilegar.



„Við sjáum ekki að það verði bein áhrif á starfsemi spítalans strax en við höfum áhyggjur af stöðunni í vor og sumar. Við munum því fylgjast vel með málinu og vonumst að sjálfsögðu til að deilan leysist. Við þurfum alltaf á unga fólkinu að halda, nýtt og vel menntað fólk er gífurlega mikilvægur starfskraftur.“

Barnsfaðir Hjördísar Svan vann málið í Héraðsdómi Reykjavíkur:

Dæturnar fara til Danmerkur

DÓMSMÁL Kim Laursen, danskur barnsfaðir Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur, vann mál gegn henni í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag og mun fá dætur þeirra þrjár afhentar eftir sex vikur.

Kim og Hjördís hafa átt í áralangri forræðisdeilu vegna barnanna sem Kim hefur nú löglega forræðið yfir, en Hjördís hefur setið í gæsluvarðhaldi í Horsens í rúma tvo mánuði fyrir ólöglegt brottmál á börnunum frá Danmörku til Íslands síðastliðið sumar.

Um miðjan mars lagði lögmaður Kims fram kröfu um að hann fengi dæturnar en danskur lögmaður Hjördísar sagði í viðtali við Fréttablaðið að hann vonaði að ný íslensk sálfræðiskýrsla kæmi í veg fyrir að börnin væru send aftur til Danmerkur.

Aðstandendur Hjördísar segja dóminn mikið áfall fyrir Hjördís. „Íslenska skýrslan, sem var unnin af sálfræðingi sem starfaði í mörg ár í Barnahúsi, var greinilega ekki tekin til greina,“ segir aðstandandi Hjördísar. „En við fengum að vita að stelpurnar eigi að ganga til sálfræðings þar til þær fara til Danmerkur þar sem á að hjálpa þeim að hætta að vera hræddar við föður sinn. Þær eiga sem sagt að fara í aðlögun.“

Réttarhöld yfir Hjördísi verða í Horsens 26. og 30. mars. Lögmaður Hjördísar í Danmörku, Thomas Berg, hefur verið vongóður um að hún fái sýknu þar sem búið er að opna lögreglurannsókn á þremur málum gegn Kim Laursen er varða vanrækslu og ofbeldi gagnvart börnunum.

-ebg



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Dæmt var í málinu á föstudaginn síðastliðinn og mun Kim Laursen fá dætur sínar afhentar eftir sex vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

20% afsláttur



Voltaren

Fæst án lyfseðils. Lesið leiðbeiningar í fylgiseðli vandlega fyrir notkun.

Apótekarinn

lyf á lægra verði

TILBOÐIN GILDA 16.04-17.04

GERÐU GÓÐ KAUP!

PLUS
ÞÆGINDI & GÆÐI

90 X 200 SM.

SPARIÐ 10.000 KRÓNUR

FULLT VERÐ: 44.950

34.950

DREAMZONE™










ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

PLUS B12 JUBILÆUM DÝNA

Miðlungstíf dýna með 250 pokagomum pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr polyester/polypropylene. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Fætur verð frá: 6.995 Verð án fóta. Vnr. B812449432

KRONBORG OF DENMARK

Koddi 50 x 70 sm. 7.995

ANDADÚNSÆNG

PLUS
ÞÆGINDI & GÆÐI

135 X 200 SM. FULLT VERÐ: 17.950

14.950

KRONBORG GREENLAND ANDADÚNSÆNG
Notaleg og góð sæng fyllt með 90% af andadúni og 10% af andafiðri. Þyngd: 750 gr. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Stærðir: 135 x 200 sm. 17.950 nú 14.950 135 x 220 sm. 19.950 nú 16.950 Koddi: 50 x 70 sm. 7.995 Vnr. 4060050, 4060051, 4260004

20% AFSLÁTTUR

SPORUP SKRIFBORÐS-STÓLL
Flottur stóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stíglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga. Litur: Svartur. Vnr. 3620056

FULLT VERÐ: 24.950

19.950

SPARIÐ 1000

GOLD EINSTÖK GÆÐI

BÓMULLARSATÍN

KRONBORG OF DENMARK

FULLT VERÐ: 3.995

2.995

VIBE OG ERNA SÆNGUR-VERASETT
Efni: 100% bómullarsatín. Stærð: 140 x 200 sm. Vnr. 1272380, 1273280

SPARIÐ 3000

72 X 162 SM.

FULLT VERÐ: 9.995

6.995

REFLECTION SPEGILL
Fáanlegur með hvítum eða silfurlituðum ramma. Stærð: 72 x 162 sm. Vnr. 3805001, 3805060

40% AFSLÁTTUR

BORRE GRJÓNAPÚÐI
Fáanlegur í 3 flottum litum. Efni: Polyester. Stærð: B40 x H40 x D40 sm. Vnr. 3613704

FULLT VERÐ: 4.995

2.995

GÓÐ KAUP

GESTARÚM

8.695

VELOUR COMFORT GESTARÚM
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en hafa lítið pláss. Auðveldara getur þetta ekki verið! Vindsæng með innbyggðri rafmagnspumpu. Taska fylgir. Stærð: 157 x 203 x 47 sm. Vnr. 4734400

IOWA MOTTA
Litrík og skemmtileg motta. Fæst í 2 litum. Stærð: 50 x 80 sm. Vnr. 5806700

FULLT VERÐ: 795

395

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

SVONA ERUM VIÐ



10.000 tonn af tómötum

hafa verið framleidd hér á landi frá árinu 1986, um um 340 tonn árlega. Framleiðslan hefur verið 500 til 600 tonn undanfarin sjö ár.

Ekki gefið upp hversu mikið landeigendur högnuðust á aðgangseyri við Geysi: Það á að endurgreiða aðgangseyri

UMHVERFISMÁL Tryggvi Axelson, forstjóri Neytendastofu, telur líklegt að þeir sem hafa greitt aðgangseyri að Geysissvæðinu eigi rétt á endurgreiðslu.

„Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að gjaldtakan hafi ekki verið ákveðin á réttmætum grunni. Þegar svo háttar til á fólk yfirleitt rétt á endurgreiðslu,“ segir Tryggvi.

Héraðsdómur Suðurlands úrskurðaði í gær að sýslumanninum á Selfossi bæri að setja lög-

bann við því að gestir væru rukk- aðir um aðgangseyri við Geysi. Rökin voru þau að til þess að það mætti innheimta gjald af ferðamönnum yrðu allir landeigendur að samþykkja gjaldtökuna. Ríkið, sem er einn landeigandi við Geysi, neitaði að samþykkja.

Garðar Eiríksson, talsmaður landeigendafélags Geysis, segir að það verði ekki gefið upp hversu háar upphæðir hafi verið innheimtar í aðgangseyri á Geysissvæðinu. -jme



GJALD Ferðamenn eru ekki lengur rukk- aðir við Geysi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

390 sumarstörf fyrir nema: Atvinnuáttak í fimmta sinn

ATVINNUMÁL Velferðarráð samþykkti í samráði við Vinnumála- stofnun að ráðast í áttak sem tryggir 390 námsmönnum sumarstörf. Átakið mun kosta um 150 milljónir. Störfin verða færri í ár en undanfarin fimm ár þar sem aðstæður á vinnumarkaði hafa farið batnandi.

Miðað er við að um 60 prósent áttaksstarfanna verði á vegum ríkisstofnana en 40 prósent hjá sveitarfélögum. Von er á frekari upplýsingum eftir páska. -jme



PRÍR LÖGMANNANNA Wang Cheng, Jiang Tianyong og Tang Jitian á veitingahúsi í Peking nýverið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Segjast hafa sætt harðræði: Pyntaðir af lög- reglunni í Kína

KÍNA, AP Fjórir kínverskir mannréttindalögfræðingar segjast hafa sætt pyntingum af hálfu lögreglunnar eftir að þeir voru handteknir í síðasta mánuði.

Einn þeirra, Tang Jitian að nafni, segist hafa verið handjárn- aður, en handjárnin hafi verið fest í reipi og togud upp þangað til hann hékk í lausu lofti.

„Fimm eða sex menn börðu mig og spörkuðu í mig,“ segir Tang.

Mennirnir voru handteknir þegar þeir tóku þátt í mótmælum fyrir utan fangelsi í norðaustan- verðu Kína. Þeir kröfðust þess að fá upplýsingar um liðsmenn Falun Gong-hreyfingarinnar, sem talið var að væru í þessu fangelsi.

Undanfarrið ár hafa kínversk stjórnvöld gengið hart fram gegn lögfræðingum sem hafa sérhæft sig í mannréttindamálum. -gb

LEIÐRÉTT

Of mikið var fullt í endursögn á umfjöllun um Björn Inga Hrafnsson í bók Inga Freys Vilhjálmssonar í dalkinum Frá degi til dags á mánudag. Þar var sagt að í bókinni kæmi fram „hvernig Sigurður Einarsson, báverandi stjórnarformaður bankans [Kaupþings], hefði getað stjórnað skrifum um sig í gegnum Björn Inga þegar hann starfaði á Fréttablaðinu“. Hlutaðeigandi eru beðnir afsökunar á rangherminu.

Segja landlækni í einkenni- legri stöðu í stjórnsýslunni

Lögum um aðgang að sjúkraskrá var breytt þrátt fyrir athugasemdir margra umsagnaraðila. Athugasemdirnar snúa fyrst og fremst að upplýsingarétti sjúklinga og að ákvarðanir landlækni um aðgang séu endanlegar.

HEILBRIGÐISMÁL Breytingar á lögum um sjúkraskrár voru staðfestar á Alþingi í janúar þrátt fyrir að mat margra umsagnaraðila væri að breytingarnar geri fólk enn erfðara að fá afrit af sjúkraskrár sínum og landlækni einvaldan í ákvörðunum um aðganginn.

Umsagnaraðilar gagnrýna meðal annars að nú þurfi einstaklingar sérstaklega að kæra synjun um afhendingu sjúkraskrár til Landlækni. Einnig að í frumvarpinu sé yfir höfuð heimild til að neita einstaklingum um að sjá sínar eigin sjúkraskrár, með þeim rökum að það sé ekki talið þjóna hagsmunum sjúklings að fá aðgang.

Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, er í minnihluta velferðarnefndar sem fjallaði um breytingarnar á sínum tíma. Hún segir að ástæður sem hafi verið gefnar fyrir þessari heimild séu fyrst og fremst vegna geðsjúklinga.

„Þetta er gamaldags viðhorf. Það er einmitt betra fyrir sjúklinga sem glíma við geðrænan vanda að fá að sjá sjúkraskrá sína, það getur verið liður í því að átta sig á veikindum sínum. Ef læknar og hjúkrunarfræðingar skrifa eitthvað í sjúkraskrá sem sjúklingur má ekki sjá þá ætti það ekki að vera skrif- að. Fólk verður að vanda sig hvernig upplýsingar eru settar fram svo þær verði ekki gildishlaðnar,“ segir Björt.


Önnur veigamikil breyting á frumvarpinu er að ákvarðanir landlækni um sjúkraskrárupplýsingar og -aðgang eru endanlegar á stjórnsýslustigi og verður ekki lengur skotið til ráðherra.

Björt, ásamt öðrum umsagnar- aðilum, mælir á móti þessu fyrir-

komulagi með þeim rökum að í málum sem þessum sé mikilvægt að hafa tvö kærustig ásamt því að landlæknir sé settur í einkennilega stöðu í íslenskri stjórnsýslu.

Í ræðu, þar sem Björt kom áleiðis umsögn minnihlutans í velferðar- nefnd, kemur fram að vegna eftirlitshlutverks Landlækni með heilbrigðisstarfsemi og -starfsmönnum geti orðið hagsmunaárekstur.

Björk sagði að sjúkraskrár geti sýnt fram á athafnir eða athafna- leysi heilbrigðisstarfsmanna sem hefðu að öllu jöfnu átt að leiða til aðgerða af hálfu embættisins en gerðu það ekki. Embætti landlækni- is geti því verið í erfiðri stöðu við töku ákvarðana í málum er varða aðgang að sjúkraskrár og því sé ótækt að ekki verði hægt að kæra ákvarðanir landlækni til velferð- arráðuneytisins. erlabjorg@frettabladid.is



Á SKRIFSTOFU LANDLÆKNIS Landlæknir hefur endanlegt ákvörðunarvald um afhendingu sjúkraskráa til sjúklinga og aðstandenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FAGAÐILAR UM BREYTINGARFRUMVARPIÐ

Formaður Félags lífeindafræðinga

„Landlæknir er orðinn einvaldur í þessum málum sem hlýtur að teljast í hæsta máta óeðlilegt.“ „Ég taldi að samkvæmt upplýsingalögum ætti ég rétt á því skilyrðislaust að sjá mínar eigin sjúkraskrár. Hvert er leyndarmálið gagnvart mér í mínum eigin veikinda- skýrslum? ... Að synja fólk um aðgang að sjúkraskrár er í sjálfu sér brot á lögum.“

Varaformaður Hjartaheilla

„Hér er um veigamikil frávik að ræða frá meginreglu stjórnsýsluréttar. ... Hin almenna kærheimild byggist á skiptingu stjórnsýslukerfisins í fleiri stjórnsýslustig þar sem æðri stjórnvöld hafa eftirlit með þeim stjórn- völdum sem lægra eru sett.“

Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar

„[Landlæknir] hefur eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum. Tengsl sem af því leiða geta leitt til hlutdrægni og því er ástæða til þess að draga í

efa að embætti Landlækni sé best til þess fallið að fara með úrskurðarvald í umræddum málum. Að mati undir- ritaraðrar færi betur á því að óháðum úrskurðaraðila væri fallið valdið líkt og á við um áfrýjun stjórnvaldsákvörð- ana í öðrum velferðarmálum.“


Framkvæmdastjóri Öryrkjabandalagsins

„Með þessu er mikið vald framselt til Landlækni og eftirlitshæimild ráðherra tekin út. Um ráðherra gilda lög um ráðherraábyrgð, pólitísk og lagaleg en slíka ábyrgð er ekki að finna hjá Landlækni.“

Formaður Læknafélags Íslands

„Lí getur ekki fallist á að heppilegt sé að fella úr gildandi lögum um sjúkraskrár kærheimildir sjúklinga til velferðarráðuneytis. Lí telur það draga úr réttaröryggi sjúklinga að hafa einungis eitt kærustig í þessum málum. ... Þá séu völd embættis landlækni varðandi sjúkraskrár orðin meiri en eðlilegt sé að eitt stjórnvald hafi.“

Veðurspá



PÁSKAHRETIÐ svíkur okkur ekki í ár. Gengur í S-hvassviðri eða storm síðdegis á morgun með talsverðri úrkomu. Búast má við allhvössum eða hvössum vindi á föstudag og úrkomu. Þeim sem verða á ferðinni er bent á að fylgjast vel með færð.

Auglýsinga- og veitingarfréttablaðið - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is, ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sværrir Birgir Sværirsson sværir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranann Helgason hrannan@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is. ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

GLÆNÝ STÓRLÚÐA

STÓR HUMAR

HUMARSÚPA - að hætti Fiskikóngsins

FISKIKÓNGURINN SOGAVEGI 3 SÍMI 587 7755

FISKIKÓNGURINN HÖFÐABAKKA 1 v/Gullinbrú SÍMI 555 2800

www.fiskikongurinn.is

DIESEL



*Only the
Brave
Tattoo*

THE TATTOO FRAGRANCE



ONLY THE BRAVE

THE ORIGINAL FRAGRANCE

**DIESEL TASKA ER KAUPAUKINN* ÞINN ÞEGAR
ÞÚ KAUPIR DIESEL DÖMU EÐA HERRAILM.**



*Gildir meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað kostar árleg förgun rusls sem borgarþúar sturta niður?
2. Hver hlaut sjö gullverðlaun á Íslandsmeistaramótinu í sundi um helgina?
3. Hversu mörg fyrirtæki eða félög störfuðu við hugbúnaðargerð í fyrra?

SVÖR:
3. 5. 96

1. 32 milljónir. 2. Hrafnhildur Lúthersdóttir.

Samorka segir að ályktun SAF um endurmat virkjunarkosta standist ekki í ljósi meðferðar Alþingis: Ályktun byggist á sátt sem ekki fyrirfinnst

ORKUMÁL Gústaf Adolf Skúlason, framkvæmdastjóri Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja, segir ályktun aðalfundar Samtaka ferðaþjónustunnar um endurmat virkjanakosta í 3. áfanga rammaáætlunar vonbrigði og standist ekki skoðun.

SAF mótmælir þar „tilraunum“ ráðuneyta, Orkustofnunar og orkufyrirtækja til að fá verkefnisstjórnina til að taka upp svæði í verndarflokki og „með framferði sínu hafi að engu áralangar til-

raunir til að eyða óvissu um afdrif fjölmargra náttúruperla og sátt um vernd þeirra gegn orkunýtingu,“ eins og segir á vef SAF.

Gústaf segir að SAF tali á þeim nótum að sátt ríki um rammaáætlun sem afgreidd var í ársbyrjun 2013.

„Það er víðsfjarri. Niðurstöður verkefnisstjórnar voru teknar í gegnum tvöfalt pólitískt ferli þar sem yfir 20 orkukostir rötudu í átt frá nýtingu til verndar eða í bið. Þetta er engin forsenda



GÚSTAF ADOLF SKÚLASON

fyrir sátt,“ segir Gústaf sem segir að þessi meðferð Alþingis á niðurstöðum verkefnisstjórnar hafi verið harðlega gagnrýnd af Samorku, Samtökum atvinnulífsins, ASÍ og fjölda annarra aðila.

„En ég minnst þess ekki að

Samtök ferðaþjónustunnar hafi lýst miklum áhyggjum af þessari meðferð á niðurstöðum verkefnisstjórnar.“

Gústaf segir jafnframt að hagsmunir orkufyrirtækja og ferðaþjónustunnar séu samofnir á margan hátt. „Ekki þarf að leita lengra en í Bláa lónið, í Perluna, Jarðböðin fyrir norðan, sem grundvallast af jarðhitanýtingu og ansi margir ferðamenn sækja,“ segir Gústaf.

- shá



SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN SMÍÐUÐ Starfsmenn Ásgarðs sjá um hönnun og smíði verðlaunagripsins. FRÉTTABLAÐ/PJETUR

Starfsmenn Ásgarðs sjá um að smíða verðlaunagripinn:

Tilnefningarnar hrúgast inn

SAMFÉLAGSMÁL Fréttablaðið óskar eftir tilnefningum fólks og félagsamtaka, sem eiga skilið virðingavott fyrir verk í þágu samfélagsins, til að hljóta samfélagsverðlaunin í ár. Allir koma til greina sem verðlaunahafar, bæði þekktir og óþekktir einstaklingar. Skilafrestur er til miðnættis 23. apríl.

„Það eru starfsmenn Ásgarðs handverkshúss sem hanna gripinn og smíða hann, en hann er algeng rosalega flottur í ár. Ásgarður er verndaður vinnustaður og hlaut einmitt verðlaunin árið 2009. Síðan þá hafa starfsmenn hér smíðað gripinn,“ segir Einar Skúlason, verkefnastjóri samfélagsverðlaunanna.

-jm

Tveggja ára fangelsisdómur:

Barði frúna og læsti hana inni

SVÍPJÓÐ Nær sextugur karlmaður í Malmö í Svíþjóð hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir ofbeldi gegn eiginkonu sinni og fyrir að læsa hana og ungubarn þeirra inni dögum saman að minnsta kosti sex sinnum.

Rétt fyrir jól fundu tveir drengir miða á gangstétt sem á var hjálparbeiðni og tilmæli um að hringja á lögreglu. Þeir sýndu fullorðnum einstaklingi miðann og brást sá strax við.

- ibs

Félagsleg staða jafnast:

Reykjanesbær iPad-væddur

MENNTUN Reykjanesbær ætlar sér að iPad-væða kennslu á öllum unglingsstigi í skólum bæjarins. Það er gert í þremur þrepum. Einn árgangur í hverjum skóla hefur þegar fengið iPad til notkunar í námi sínu.

Gylfi Jón Gylfason, fræðslustjóri Reykjanesbæjar, segir að þar sem allir fá iPadana afhenta til persónulegrar notkunar, jafni það félagslega stöðu nemenda og allir geti nýtt sér tæknina.

-fb

Úkraína ræðst gegn aðskilnaðarsinnnum

Úkraínnumenn eru sagðir hafa hrundið árás aðskilnaðarsinna á flugvöll í austanverðri Úkraínu í gær. Rússar segja allt að ellefu manns hafa fallið í átökum. Utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna samþykkja nánara samstarf með NATO.

ÚKRAÍNA Oleksandr Túrtsjínov Úkraínuforseti skýrði frá því í gær að hernaðaraðgerðir væru hafnar gegn aðskilnaðarsinnnum í austanverðu landinu, sem hann kallaði hryðjuverkamenn.

Stuttu síðar sagði talsmaður úkraínska hersins að áhlaupi aðskilnaðarsinna á flugvöllinn í Kramatorsk í austanverðri Úkraínu hefði verið hrundið. Byssuskot heyrðust á flugvöllum en erfitt er að fá staðfest hversu hörd átökin voru.

Rússnesk sjónvarpsstöð fullyrta að til átaka hefði komið og allt að ellefu manns látið lífið. Úkraínsk stjórnvöld sögðu þetta rangt, og að enginn hafi fallið. Talsmaður aðskilnaðarsinna sagði tvo sára eftir átökin.

Úkraínskir hermenn átekta fyrir utan borgina Slavjansk, sem aðskilnaðarsinnar höfðu náð á sitt vald ásamt um tíu öðrum borgum í austurhluta landsins.

Túrtsjínov forseti fullyrta að stutt væri þangað til Úkraínuherr lyki því verki að ná stjórnarbyggingum í austanverðu landinu úr höndum hryðjuverkamanna.

Fyrr um daginn ræddust þeir Barack Obama Bandaríkjaforseti og Vladímír Pútín Rússlandsforseti saman í síma um ástandið í Úkraínu. Obama hvatti Pútín til að telja aðskilnaðarsinna á að láta af aðgerðum en Pútín sagði Rússa ekki hafa skipt sér neitt af ástandinu.

Ráðamenn bæði í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu hafa, rétt eins og úkraínskir ráðamenn, sakað Rússa um að kynda undir ólgunni í austurhluta



Á LEIÐINI TIL DONETSK Úkraínskir brynvarðir bílar óku í átt til Donetsk í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Úkraínu, meðal annars með því að senda rússneska hermenn til að taka þátt í uppreisn aðskilnaðarsinna. Þá hafa rússneskir ráðamenn gefið það út að þeir muni ekki viðurkenna þingkosningar í Úkraínu, sem boðað hefur verið til 25. maí næstkomandi.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, fagnaði hins vegar hugmyndum Úkraínustjórnar um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort héruð landsins eigi að fá meiri sjálfstjórnarvöld.

Utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna áttu í gær fund í Lúxemborg með Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóra NATO, þar sem rætt var um

11 eru sagðir hafa fallið í bardögum úkraínuhers við aðskilnaðarsinna við flugvöllinn í Kramatorsk, en það hafði ekki fengist staðfest í gærkvöldi.

ástandið í Úkraínu. Var þar samþykkt að efla samstarf NATO og Evrópusambandsins, meðal annars með sameiginlegum heræfingum.

„Rússland ætti að láta af því að vera hluti af vandanum og hefjast handa við að vera hluti af lausninni,“ sagði Fogh Rasmussen að fundinum loknum.

gudsteinn@frettabladid.is

Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli

Otrivin[®] Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xylometazólinhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópiumbromíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrúttinnar nefslímhúðar) og nefrennsli af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xylometazólinhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaföskuna milli fingrana. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaföskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ónæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, ónæmi fyrir atropíni eða svipuðum efnum (t.d. hyoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldrakæðing, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (staekkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjujúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við þvi. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

Nýtt!

2:1



PÁSKAR

PÁSKALILJUR FRÁBÆRT VERÐ!

Páskagreinar

799 kr.

~~899 kr~~

Allt páskaskraut

25%

afsláttur

Páskaliljur 10 stk.

999



Háprýstidæla C105

10.995 kr.

~~14.995 kr~~

Háprýstidæla C105.6-5
105bar, 5m slanga.
5254249

Author Trophy 26"

Gírar: 18
3899987



Author Trophy

32.900 kr.

26"

Sýpris

1.499 kr

ferskur og flottur



Laufsuga

9.495 kr

45 ltr. poki



Laufsuga/blásari Ikra
2500W - 45 ltr. poki.
5083654

OUTBACK

Gasgrill Sunset

39.900 kr.

3 brennarar

Sunset Solo 3
Grillflötur: 628x406mm
3 ryðfríir brennarar, 9,67 kW
3000393



BUGG

Gasgrill BUGG

75.890 kr.

Með undirvagni

BUGG gasgrill
Grillflötur: 1860cm²
2 brennarar 5.86 kW.
3000223



weber

Gasgrill Weber

86.900 kr.

Q300

Weber Q300
Grillflötur: 63x45 cm
Brennari: 6,35 kW
3000253



Húsasmiðjan og Blómaval Skútuvogi

| | | |
|---------------------|-----------|-------|
| Skírdagur | 17. apríl | 10-19 |
| Föstudagurinn langi | 18. apríl | Lokað |
| Laugardagur | 19. apríl | 10-19 |
| Páskadagur | 20. apríl | Lokað |
| Annar í páskum | 21. apríl | 11-17 |

Sjá afgreiðslutíma um land allt á husa.is

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Skoðaðu úrvalið á Bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR



TÖKUM NOTADAN
UPPI NOTADAN!
GERÐU FRÁBÆR KAUP!

SUBARU OUTBACK LUX
Nýskr. 03/11, ekinn 146 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 191295.

Frábært verð
3.490 þús.



HYUNDAI ix35
Nýskr. 04/12, ekinn 35 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.390 þús.
Rnr. 281615.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/12, ekinn 42 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 281588.



TOYOTA HILUX DOUBLE CAB
Nýskr. 06/10, ekinn 47 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.100 þús.
Rnr. 131079.



SSANGYONG KYRON
Nýskr. 10/07, ekinn 99 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.390 þús.
Rnr. 142086.



TOYOTA LAND CRUISER 150
Nýskr. 01/13, ekinn 19 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 10.990 þús.
Rnr. 281574.



RENAULT TRAFIC MINIBUS
Nýskr. 06/11, ekinn 145 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.990 þús.
Rnr. 270371.

bilaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Greenpeace fylgist vel með flutningaskipi með farm af hvalkjöti frá Íslandi: Vísad frá höfn í Suður-Afríku

NÁTTÚRUVERND Greenpeace-samtökin fylgjast grannt með flutningaskipinu Ölm, sem hætti við að leggast að bryggju í Suður-Afríku á sunnudag vegna mótmæla.

Um borð eru um 2.000 tonn af hvalkjöti sem verið er að flytja frá Íslandi til Japans. Skipið átti að taka olú og vistir í Durban í Suður-Afríku en hætt var við það í kjölfar mótmælanna.

Um 35 þúsund manns rituðu nöfn sín á undirskriftalista á vegum Greenpeace þar sem


hafnaryfirvöld voru hvött til að neita skipinu um þjónustu, segir Pavel Klinckhamers, verkefnastjóri hjá Greenpeace.

Hann segir skipið nú vera stöðugt rétt suður af Madagaskar, við austurströnd Afríku. Mun verða fylgst með því þar til það leggst að bryggju í Japan.

„Þetta er ein stærsta sending af hvalkjöti sem við höfum vitað af í áratugi,“ segir Klinckhamers. Hann segist forvitinn um það hvað verði um kjötið á leiðarenda. -hva



VIÐ BRYGGJU Flutningaskipið Alma var lestað um 2.000 tonnum af hvalkjöti í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



SJÓKVÍALDI Upp eru risin fjölmörg álitamál og ágreiningur vegna stórtækra áætlana um tugþúsunda tonna laxeldi í sjó við Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fiskeldisfrumvarpið sagt eiga langt í land

Landssamband veiðifélaga gagnrýnir frumvarp til breytinga á lögum um fiskeldi og kallar eftir að reynsla Norðmanna verði nýtt við heildarendurskoðun. Landsamband fiskeldisstöðva gerir einnig athugasemdir sem og fagstofnanir.

FISKELDI Landssamband veiðifélaga (LV) gerir alvarlegar athugasemdir við frumvarpsdrög um breytingar á lögum um fiskeldi. Umsagnir um frumvarpið bera þess almennt merki að mikið vatn þurfi að renna til sjávar áður en sátt næst um málið.

Óðinn Sigþórsson, formaður LV, segir að frumvarpið sé illa unnið og það skarist við önnur lög sem snerta málaflokkinn; lög um hollustuhætti og mengunarnáttúrur og lög um lax og silungsveiði. LV gagnrýnir að endurskoðun laganna sé í raun aðeins svar stjórnvalda við beiðni um slíkt frá Landssambandi fiskeldisstöðva, enda komi það fram í greinargerð frumvarpsins. Beiðið sé um að stytta og einfalda leyfisveitingar til að ala lax í sjókvíum. Hins vegar verði ekki betur séð en að þessu eina yfirlýsta markmiði verði ekki einu sinni náð, heldur muni breytingarnar, ná þær fram að ganga, skapa enn frekara flækjustig á milli þeirra stofnana sem málaflokkurinn heyrir undir.

Óðinn segir þó að það sem skiptir öllu máli sé að ráðist verði í vandaða heildarendurskoðun laganna sem nú eru í gildi og eru að stofni til gömul. Bráðnaðsynlegt sé að líta til löggjafar þeirra sem mest vita og kunna í faginu og læra af þeirra reynslu – Norðmanna, sem endurskoðuðu sína löggjöf árið 2012. Þá sé ekki úr vegi að tala við hagsmunaaðila eins og veiðifélögin en frumvarpið nú var unnið án samráðs við LV sem lögum samkvæmt gæti hagsmuna veiðifélaga.

„Til heildarendurskoðunar er nægur tími. Ársframléiðslan í fyrra var aðeins 3.000 tonn en í

Leyfisveitingar og eftirlit einfaldað

Lagt er til í frumvarpinu að umsækjendur þurfi einungis að eiga í samskiptum við eina stofnun, Matvælastofnun, sem verður móttökustofnun fyrir umsóknir starfs- og rekstrarleyfa til fiskeldis.

- Þannig mun Matvælastofnun taka við umsóknum og senda umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar, sem mun að lokinni afgreiðslu senda Matvælastofnun starfsleyfi sem stofnunin mun afhenda umsækjanda samhliða rekstrarleyfinu.

- Áður afgreiddi Fiskistofa rekstrarleyfi í fiskeldi. Áfram þarf að leita álits Fiskistofu með umsögn og það er verkefni Matvælastofnunar.

- Lagt er til að það eftirlit sem nú er framkvæmt af Fiskistofu og Matvælastofnun verði allt framkvæmt af Matvælastofnun. Lagt er til að Matvælastofnun sjái um afmarkaða þætti eftirlits með fiskeldi sem Umhverfisstofnun er falið samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarnáttúrur, á grundvelli þjónustusamnings við Umhverfisstofnun.

gildi eru rekstrarleyfi til framleiðslu á rúmlega 20.000 tonnum af laxi á ári,“ segir Óðinn og bætir við að LV muni aldrei sætta sig við löggjöf eins og hún birtist í frumvarpinu.

Alls hafa 12 félög eða stofnanir sent atvinnuveganefnd umsögn vegna frumvarpsins af þeim 29 sem fengu um það beiðni. Fiskistofa, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Matvælastofnun eru meðal þeirra sem gera efnislegar athugasemdir og ábendingar í umsöknum sínum.

Landssamband fiskeldisstöðva lýsir yfir, eðli málsins samkvæmt, ánægju sinni með frumvarpið að meginefni; þá viðleitni að einfalda og stytta umsóknarferli starfs- og rekstrarleyfa, eins og önnur yfirlýst markmið sem LV og fleiri skrifa ekki undir eða „nýmæli sem stöðla að auknu öryggi í fiskeldi s.s. burðarþolsmat og að draga úr umhverfis-



”Til heildarendurskoðunar er nægur tími. Ársframléiðslan í fyrra var aðeins 3.000 tonn en í gildi eru rekstrarleyfi til framleiðslu á rúmlega 20.000 tonnum af laxi á ári.

Óðinn Sigþórsson, formaður LV.

áhrifum fiskeldis“, svo eitthvað sé nefnt.

Hins vegar segir í umsögn LF að „[...] að fari frumvarpið í gegn óbreytt verði framkvæmd einstakur greina miklum vandkvæðum bundin og muni skaða uppbyggingu fiskeldis“.

svavar@frettabladid.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ÚTLIT FYRIR SUMAR

Skínandi sértíloð á ÖLLUM aukahlutum



20% afsláttur á ísetningu aukahluta



Húddhlíf



Þverbogar
á toppgrind



Gluggahlífar



Dráttarbeisli



Gúmmímotta
í skott

Búðu bílinn undir sumarið hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Skínandi sértíloð á öllum aukahlutum og ljómandi 20% afsláttur á ísetningu aukahluta fyrir sumarið. Það er útlit fyrir gott sumar.

Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

Verð á Land Cruiser 150 frá 9.920.000 kr.



Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að
láni án vaxta í allt að þrjú ár.

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgæfið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Aukahlutir eru ekki innifaldir í birtu verði. 40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Lögreglan bregst við síðu með nektarmyndum:

Vissu af málinu frá miðjum febrúar

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri fékk fyrst spurnir af síðu þar sem birtar eru klámfengnar myndir af íslenskum börnum þann 16. febrúar síðastliðinn en aðhafðist lítið í málinu. Fjallað var um síðuna í Fréttablaðinu í gær.

Rannsókn á síðunni komst ekki á skrið fyrr en lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningu um síðuna í síðustu viku. Myndirnar hafa því verið á netinu frá þeim tíma með vitund lögregluunnar á Akureyri.

Svo virðist sem nú sé kominn skriður á rannsóknina. Friðrik Smári Björgvinsson hjá lögreglu á höfuðborgarsvæðinu segir síðuna til skoðunar hjá lögreglu og að rannsókn sé í fullum gangi.

Mikilvægt er að vernda börn og unglinga eins og kostur er gegn myndbirtingum sem þessum segja forsvarsmenn Barnaheilla. Þar hefur síðan verið til skoðunar í um vikutíma.

„Það er mjög mikilvægt að þegar búið er að tilkynna um síðu sem þessa að rannsókn fari sem fyrst í gang. Meginreglan er sú að loka eigi síðunni sem fyrst, innan 48 stunda án þess að skemma rannsóknarhagsmunum. Því er mjög mikilvægt að þeir sem fá tilkynningar sem þessar bregdist strax við,“ segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the children á Íslandi. - sa



NEKTARMYNDIR Fjallað var um erlenda spjallsíðu, þar sem myndum af stúlkum allt niður í 13 ára er deilt, í Fréttablaðinu í gær.



HAFNARHÚSIN Breyting á eignarformi íbúðanna í öldrunarmiðstöðinni er besta leiðin til að leysa málið, að mati stjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Klæðskerasniðin lausn fyrir alla íbúa

Byggingarsjóður öldrunarmiðstöðvarinnar Hafnar í Hafnarfirði hefur verið rekinn með milljónatuga tapi undanfarin tvö ár. Lagt er til að íbúarnir eignist íbúðirnar með því að greiða nokkrar milljónir fyrir þær og hlutdeild í sameign.

FÉLAGSMÁL Samþykki íbúar á öldrunarmiðstöðinni Höfn í Hafnarfirði að íbúðarrétti í 64 íbúðum þeirra í húsunum á Sólvangsvægi 1 og 3 verði breytt í eignarrétt verður lausn fyrir hvern og einn klæðskerasniðin. Þetta segir Gylfi Ingvarsson, stjórnarformaður Hafnar, sjálfseignarstofnunar í eigu Hafnarfjarðarbæjar og nokkurra félaga.

Byggingarsjóður Hafnar, sem hefur haldið utan um reksturinn, var rekinn með 22 milljóna króna tapi árið 2012 og með 20 milljóna tapi í fyrra. Stjórn byggingarsjóðsins hefur lagt til að rekstarforminu verði breytt úr íbúðarrétti í íbúðareign. Í þeim tilgangi og til kaupa á hluta sameignar þurfi íbúar að reida fram eina og hálfu til fjórar milljónir króna eftir stærð og staðsetningu íbúðanna.

Gylfi segir breytinguna þó háða jákvæðu svari sýslumannsembættisins á Sauðárkróki sem vonandi komi sem fyrst.

„Aðalatriðið er að leysa málin

í samstarfi við íbúana. Það er ábyrgðarlaust að halda áfram taprekstri sem vindur upp á sig. Ef þetta verður ekki komið á hreint fyrir sumarfrí þá rúllar þetta áfram með tapi þriðja árið í röð.“

Breytingin á eignarforminu er besta leiðin til að leysa málið, að mati stjórnarinnar. „Við gefum fólkinu um mánaðartíma til að skoða málin með aðstandendum sínum og taka afstöðu. Ef fólk telur sig þurfa meiri tíma þá fær það lengri tíma. Samþykki allir þessa leið er næsta skref að skoða greiðsluþrep.“

Stjórnarformaðurinn nefnir þrjú möguleika í því sambandi. „Í fyrsta lagi er mögulegt að einhverjir geti reitt fram fé. Í öðru lagi kunna einhverjir að þurfa að taka lán og í þriðja lagi reiknum við með að einhverjir séu verr staddir, það er að segja að þeir hafi ekki greiðslugetu til að taka lán. Þá verðum við að finna leið út úr því. Ein leiðin gæti verið að gefa út skuldabréf sem leystist út þegar íbúðin væri seld.“



„Það eru engin áhvílandi veðbönd á íbúðunum. Íbúarnir hafa keypt íbúðarrétt og það getur enginn tekið hann af þeim.“

Gylfi Ingvarsson, stjórnarformaður Hafnar.

Samþykki íbúar ekki tillögu stjórnarinnar um breytt rekstrarform þarf að leggja betur yfir málin til að finna aðrar leiðir, að sögn Gylfa. Það þurfi auðvitað einnig að gera verði úrskurður sýslumanns neikvæður.

Íbúar verða undir engum kringumstæðum reknir á dyr. „Það eru engin áhvílandi veðbönd á íbúðunum. Íbúarnir hafa keypt íbúðarrétt og það getur enginn tekið hann af þeim.“

ibs@frettabladid.is

Gott í eldhúsið og bústaðinn

Kaffivél með Thermo hitakörnu 10-12 bólla, 900w
2.490,-

Djus/ásvætablandari með glerkórnu 40w 1,3l
3.990,-

Tótrasproti – Blandari
1.890,-

Blandari og matvinnsluvél
4.990,-

MURBÚÐIN
– Ahlætt eða gott verð?
Sími 412 2500 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

www.volkswagen.is

Aukabúnaður á mynd: Samlitl handföng, sólpak, þokuljós, listar á hurðum, króm á speglum.

Volkswagen Take up! kostar
1.990.000 kr.

Eyðsla frá 4,1 l/100 km

Volkswagen up!

Meistari í sparsemi

Samkvæmt könnun breska bílablaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan.



Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílász Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

NÚ ER ORMSSON KOMIÐ HEIM OG SAMAN

Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 11-15

OPNUNAR TILBOÐ

Hljómtækjadeildin er nú flutt til föðurhúsanna í Lágmúla 8 og því hefur allt vöruúrval Ormsson nú fundið sér samastað á sama stað.

Pioneer HLJÓMTÆKI X-EM11



TILBOÐ 19.900

Hljómtækjastæða Verð: 25.900

Pioneer HLJÓMTÆKI X-HM11-K



TILBOÐ 27.900

Hljómtækjastæða Verð: 34.900

Pioneer HLJÓMTÆKI X-SM00



TILBOÐ 29.900

iPod vaggja Verð: 39.900

Pioneer HLJÓMTÆKI DEH-X3500UI



TILBOÐ 21.500

Bíltæki Verð: 28.900

Pioneer HLJÓMTÆKI DCS-222K



5.1 rása

TILBOÐ 36.900

DVD-Heimabíókerfi Verð: 49.900

Pioneer HLJÓMTÆKI DV-2242



TILBOÐ 9.900

DVD spilari Verð: 14.900

CELESTRON Travelscope 70



TILBOÐ 12.900

Stjörnu-sjónauki Verð: 16.900

TASKA FYLGIR

Frábærir sjónaukar í úrvali



OLYMPUS
CELESTRON

Verð frá: 3.990

Pioneer HLJÓMTÆKI XW-BTS1



TILBOÐ 16.900

Bluetooth

Bluetooth hátalarar Verð: 22.500

Hercules Air+



TILBOÐ 39.900

DJ stjórnborð Verð: 49.999

Skullcandy HEYRNARTÓL



25% afsláttur

Pioneer HLJÓMTÆKI SE-MJ721



25% afsláttur

Heyrnartól af bestu gerð

Nintendo Wii mini Mario Kart fylgir Verð: 26.900

Wii U Verð: 69.900

NINTENDO DS Tveir litir Verð: 29.900

ÚRVAL TÖLVULEIKJA



Kr. 7.990 | Kr. 9.450 | Kr. 8.990 | Kr. 5.990

SPENNA SNERPA SNILLD

Ljósaperan enduruppgötvuð LIFX SMART LED LJÓSAPERA



- 40.000 tíma ending sem gerir 27 ár miða við 4 klst. notkun á dag.
- 1017 Lumens í fullum styrk
- 17W í fullum styrk en 9W í 50% styrk.
- Allt að 16 milljón litir mögulegir og hvítt ljós 2700-8000 Kelvin.
- LIFX snjallforrit í Apple iOS 6+ eða Android 4.0+
- Stuðningur við allt að 60+ perur á sama netkerfi.

Verð: 15.900

SAMSUNG NX 1000 { TIL BÆDI SVÖRT OG HVÍT }



TILBOÐ 79.900

- 20.3 milljón pixlar
- 20-50 mm linsa fylgir
- APS-CMOS Sensor
- 8 rammar á sek.
- Direct Wi-Fi
- i-Function linsa
- Lokarhraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
- ISO 100-12800
- Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
- Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hjóði
- Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)

Með vélinni fylgir í kaupbæti **SAMSUNG GALAXY Tab 2** 7" WiFi spjaldtölva fylgir með í kaupnum

Kaupauki

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP Í „NÝRRI“ VERSLUN!

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • REYKJAVÍK
SÍMI 530 2800 • ORMSSON.IS

FUDGE Þú kemst fljótt að!
 ...en þú getur líka þarfið tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 551 3010

Steingrímur vill skatt á ríka:
 Spyr hvort afstaðan breytist

ALÞINGI Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, hefur lagt fram fyrirspurn til Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um hvort hann hyggtist endurskoða afstöðu sína til niðurfellingar auðlegðarskatts. Auðlegðarskattur var dæmdur löglegur þann 10. apríl síðastliðinn. „Þetta er [...] pólitískt áhugavert því ein af röksemdum ráðherra fyrir afnámi skattsins voru vangaveltur hans um ólögsmæti,“ segir Steingrímur. -ssb

Verðmætin á netinu sífellt eftirsóttari

Öryggisveilan Heartbleed snertir alla sem nota netið. Áhugi óprúttinna aðila á því að komast yfir upplýsingar verður sífellt meiri. Rafræn skilríki veita mesta öryggið.

TÖLVUR Öryggisveilan Heartbleed, sem tilkynnt var um á dögunum, er alvarleg og snertir alla sem nota netið. Óprúttir aðilar geta notað hana til að komast yfir lykilorð fólks til að fá þannig aðgang að persónuupplýsingum.

Aðspurður segir Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkennis, að um stórt mál sé að ræða eins og megi ráða af viðbrögðum fyrirtækja bæði hér á landi og erlendis.

Ekki er langt síðan brotist var inn í tölvukerfi Vodafone með alvarlegum afleiðingum og virðast mál sem tengjast netöryggi verða sífellt algengari. Oft og tíðum er fólk með sama eða svipað lykilorð á mörgum stöðum og getur því verið nóg að eitthvað komi upp á einum stað sem hefur svo keðjuverkandi áhrif sem ógna öðrum svæðum.

Haraldur segir áhuga aðila á því að komast yfir upplýsingar verða sífellt meiri. „Við erum að setja svo mikið af upplýsingum á netið að það fer að verða hagur af því að komast yfir þau verðmæti, hvort sem það eru netbankar, upplýsingar eða eitthvað annað. Þess vegna er heill iðnaður í því að reyna að komast yfir upplýsingar og því meira sem við setjum á netið, því fleiri munu reyna að sækja í þær.“

Hvað Heartbleed-veiluna varðar kom í ljós að galli var í kerfi sem nefnist Open SSL. Hann var þar í ákveðinn tíma sem þýðir að óprúttir aðilar hefðu getað nýtt sér hann. Fólk hefur verið hvatt til að kynna sér hvort veilan hafi verið hjá þjónustuaðilum sem það sendir persónuleg gögn. Hafi veilan verið í kerfinu er það hvatt til að skipta um lykilorð þegar búið er að laga veiluna.

Í tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu er vakin



Á NETINU Fjármála- og efnahagsráðuneytið vekur athygli á mikilvægi rafrænna auðkenna í tilkynningu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fimm ráð frá Haraldi varðandi lykilorð

1. Ekki nota persónutengdar upplýsingar eins og kennitölur.
2. Eitt algengasta lykilorðið á netinu er 123456. Ekki nota það.
3. Best er að skipta reglulega um notendanöfn og lykilorð.
4. Ekki nota sama lykilorð á mörgum stöðum, til dæmis fyrir þjónustu á netinu sem þér er nokkuð sama um og fyrir þjónustu sem skiptir þig meira máli, eins og netbanka.
5. Best er að nota rafræn skilríki á Íslandi þar sem sú þjónusta er í boði.

athygli á mikilvægi rafrænna auðkenna, í ljósi umræðunnar um netöryggi. „Rafræn skilríki veita hæsta öryggi sem í boði er á Íslandi, en það er meðal annars fólgið í því að notendanöfn og lykilorð eru hvergi geymd miðlægt. Í nýlegri skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins ADMON um mat á öryggi rafrænna auðkenna eru rafræn skilríki öruggasta almenna rafræna auðkenningin sem í boði er hér á landi,“ segir í tilkynningunni.

freyr@frettabladid.is



„Við erum að setja svo mikið af upplýsingum á netið að það fer að verða hagur af því að komast yfir þau verðmæti, hvort sem það eru netbankar, upplýsingar eða eitthvað annað.“

Haraldur Bjarnason framkvæmdastjóri Auðkennis

ftt.

Félag tæknifólks í rafiðnaði

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Félags tæknifólks í rafiðnaði verður haldinn **miðvikudaginn 30. apríl kl. 16** í húsnæði Rafiðnaðarsambandsins að Stórhöfða 31

Dagskrá

Skýrsla stjórnar
 Samþykkt reikninga
 Kosningar í trúnaðarstöður
 Önnur mál

Reykjavík 16. apríl 2014.

Stjórn Félags tæknifólks í rafiðnaði

www.rafis.is/ftt



ÁRSFUNDUR 2014

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 30. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og eru birtar á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Reykjavík 4. apríl 2014,

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.



Gildi - lífeyrissjóður
 Sæturni 1
 105 Reykjavík
 Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is



SAMFÉLAGSPJÓNUSTA Silvio Berlusconi slapp við stofufangelsi en ferðafrelsið var takmarkað. NORDICPHOTOS/AFP

Silvio Berlusconi þarf að sinna samfélagsþjónustu:

Mætir vikulega á elliheimili í eitt ár

ÍTALÍA, AP Silvio Berlusconi, fyrrverandi forsætisráðherra Ítalíu, þarf að mæta einu sinni í viku í eitt ár, fjóra tíma í senn, til að sinna samfélagsþjónustu á elliheimili eða félagsheimili aldraðra. Þetta er refsing fyrir skattsvik, sem hann var dæmdur sekur um nýverið. Hann á yfir höfði sér refsingu í fleiri dómsmálum.

Berlusconi er orðinn 77 ára og enn leiðtogi stjórnarmálaflakks síns, Forza Italia. Hann má þó ekki sitja á þingi vegna dómsins.

Dómstóllinn í Milanó gerði honum auk þess skyld að halda að

mestu til á Langbarðalandi, þar sem hann býr, en hann má þó fara vikulega til Rómars frá þriðjudegi til fimmtudags.

Ekki er tekið fram í dómnum hvað hann eigi að gera á elliheimilinu, en hann er gamall skemmtikraftur og gæti sungið fyrir fólkið – sem margt er á svipuðum aldri og hann sjálfur.

Verjendur Berlusconi virtust ánægðir með niðurstöðuna. Dómurinn hefði getað ákveðið að Berlusconi þyrfti að sitja í stofufangelsi heima hjá sér í heilt ár en hann slapp við þau örlög. - gb



Opnunartími um páskana

Skírdagur 10-18
 Föstudagur Lokað
 Laugardagur 10-18
 Sunnudagur Lokað
 Mánudagur 10-18

Allt klárt fyrir vorið?

Kingstone

BRISBANE GASGRILL
 Kampavínsliðað, 2 brennarar, 51,8 x 48,2 cm grillflötur. Með 2 hliðarborðum, slanga og stillir fylgja.

64.995,-

GARÐBEKKUR
 Fætur og bæk úr pólýresíni.

6.490,-

Grillstar

SYDNEY GASGRILL, SVART
 Með 3 brennurum. Rafstýrður kveikirofi, 59,8 x 44,9 cm grillflötur. Svart. Með hitamæli, 2 hliðarborðum, hjólum og geymsluskáp með hurðum.

29.995,-

PALMA GARÐBORDSETT
 Í settinu er 60 x 60 cm smábord og tveir stólar í stíl úr gráu acajou.

14.990,-

Weibulls
 40 L GRÓÐURMOLD
 Fyrir garðinn, matjurtagarðinn, blómáptanna og útikerin. Inniheldur næringu og heldur vel raka.

495,-

NEPTUN
 SLÖNGUVAGN
 Fyrir 60 m slöngu.

2.990,-

NEPTUN
 20 M GARÐSLANGA
 1/2". Venjuleg slanga. 15 bör.

2.350,-

HURRICANE
 JARÐVEGSKVÖRN
 HMH 2500A. 2500 vött, 230 V. Sker allt að 40 mm breiðar greinar. Hljóðstyrkur 109 dB. 61 l safnskúffa. Sérlega öflug jarðvegskvörn.

14.990,-

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 16. apríl til og með miðvikudeginum 23. apríl 2014. Gildir á meðan birgðir endast.





- fyrst og fremst
ódyr og snjöll

Piparmarinerað

Trönuberja- og eplamarinerað

Grillkryddað

18% afsláttur

New York - marinerað

Hvítlauks- og rósmarín- marinerað

1299

kr. kg

Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Lambalæri marinerað, margar tegundir

PÁSKA VEISLA Í KRÓNUNNI!

1258

kr. kg

Verð áður ~~1598~~ kr. kg
Krónu hamborgarhryggur

32% afsláttur

998

kr. kg

Verð áður ~~1469~~ kr. kg
Grísakótilettur kryddaðar

1298

kr. kg

Mattfugl veislufugl með fyllingu

2998

kr. stk.

Cherry Valley önd, 2,3 kg



50%
afsláttur



Hámark
5 kassar
á mann meðan
birgðir endast!

348 kr. pk.

Verð áður ~~696~~ kr. pk.
Emmessís Smarttoppar, 4 stk.



4 í pk.

396 kr. pk.

Toppur án bragðefna, 4x2 lítrar

899 kr. stk.

Emmess Djæf krans m/daim

1398 kr. stk.

Krónu Súkkulaðiterta, 3ja hæða



Sjá páskaopnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

TÖLUR PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUNAR UM FJARSKIPTAMARKAÐINN

Gagnaflutningar eru á bak við fjárfestingu í fjarskiptakerfunum

Nova er í yfirburðastöðu þegar kemur að fyrirframgreiddum farsímakortum (frelsi). Gagnaflutningar yfir farsímanet hafa stóraukist. Þar eru notendur Nova fremstir og hafa fjórfaldað gagnaflutning milli 2012 og 2013. Tekjur af fjarskiptastarfsemi námu 50 milljörðum í fyrra.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is



Tekjur fjarskiptageirans á Íslandi námu tæplega 50,5 milljörðum króna á síðasta ári og aukast um 4,5 prósent á milli ára, að því er fram kemur í nýútkominni tölfræðiúttekt Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS). Stærsti hluti teknanna, eða tæpur þriðjungur, kemur úr farsímarekstri.



HRAFNKELL V. GÍSLASON

Stærsta breytingin í fjarskiptumhverfi landsmanna á milli 2012 og 2013 liggur í stóraukinni gagnanotkun í farsímum. Þar eru greinileg áhrif 4G-gagnatenginga sem Nova tók fyrst fjarskiptafyrirtækja í notkun í fyrra. Breytingin er langmest hjá fyrirtækinu. Þar fer gagnaflutningur yfir farsímanetið úr rúmunum 89 milljónum megabæta árið 2012 í rúmar 364 milljónir megabæta 2013.

Þegar horft er til farsímanetsins í heild þá er aukningin nær þreföld eða um 190 prósent, fer úr 238,5 milljónum megabæta 2012 í rúmar 692,4 milljónir 2013.

Á öðrum sviðum er þróunin í takt við það sem verið hefur. Áfram dregur úr notkun fastlínukerfisins, eða gamla borðsímans. Þar nemur samdráttur frá 2007 um fimm tungi en hefðbundnum aðgangslínum notenda fækkaði um 6.566 milli 2012 og 2013. Línurnar voru 125.099 2012 en voru komnar í 118.533 í lok síðasta árs.



TÆKNILANDIÐ Fastlínukerfi borðsímanna og fyrsta kynslóð farsíma önnuðu vel þeirri umferð sem þurfti vegna talsambands. Aukin áhersla á gagnaflutninga vegna internetumferðar í fartæki hefur knúið fjárfestingu í fjarskiptageira áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Samdrátturinn milli ára er rúm fimm prósent.

Þá má sjá að símtölum til útlanda úr fastlínukerfinu fækka stöðugt. „Ég hef nú samt ekki trú á að fólk sé minna að hringja til útlanda,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri PFS. Símtölin hafi bara færst yfir á netið, í gegnum Skype og viðlíka þjónustur.

Hrafnkell segir að færleiki viðskiptavina sé einna mestur þegar komi að frelsisþjónustu í farsíma og auðveldast að færa sig á milli fyrirtækja. Hann bendir á að PFS haldi úti vefnum reiknival.is þar notendur geti glöggvað sig á því hvaða áskriftarleið henti þeim best. „Þar koma frelsisþakkar jafnvel oft betur út en föst áskrift,“ segir hann.

Hrafnkell segir að hægt hafi á fjölgun háhraðanettenginga


eftir gífurlega uppbyggingu, þótt enn fjölgi ljósleiðaratengingum. Hreyfanleiki sé hins vegar minni hjá notendum þegar komi að netáskrift. „Og það er nokkuð sem við þurfum að huga betur að,“ segir hann.

Fjárfesting í fjarskiptageira eykst um tæpan milljarð milli 2012 og 2013 og þar segir Hrafnkell að áhrif gagnaflutningskerfanna komi til. „Fjárfestingin er öll þar,“ segir hann og bendir á að 4G-tæknin snúist bara um aukinn gagnaflutning, sem og ljósleiðaravæðing. Fjarskiptafyrirtækin hafi líka lagað sig að þessari þróun með breyttum áskriftarleiðum þar sem bara er rúkað fyrir gagnaflutning yfir fjarskiptanetið. „Þau reyna þar að láta tekjur og útgjöld haldast í hendur.“

MARKAÐSHLUTDEILD Á FARSÍMANETI 2013

→ Fastar áskriftir


→ Fyrirframgreidd símakort



■ Síminn ■ Vodafone ■ Nova ■ Tal

GAGNAMAGN Í FARSÍMA 2011 TIL 2013

Milljónir MB




FARSÍMANOTKUN Í MILLJÓNUM MÍNÚTNA

| Tegund notkunar | 2001 | 2012 | 2013 |
|------------------------|--------------|--------------|--------------|
| Hringt í fastanet | 106,9 | 103,4 | 104,2 |
| Hringt til farsímaneta | 639,5 | 651,5 | 653,7 |
| Hringt til útlanda | 19,4 | 16,2 | 14,0 |
| Samtals | 765,8 | 771,1 | 771,9 |


SÍMTÖL TIL ÚTLANDA ÚR BORÐSÍMUM

Fjöldi símtala



FJÖLDI AÐGANGLÍNA Í FASTANETINU

Í þús.



Umhverfisstyrkir Landsbankans

Samfélagssjóður Landsbankans veitir árlega fimm milljónum króna í umhverfisstyrki. Markmið umhverfisstyrkja er að styðja við einstaklinga og félagasamtök sem starfa á sviði umhverfismála og náttúruverndar.

Við minnum á að umsóknarfrestur umhverfisstyrkja er til miðnættis í kvöld, miðvikudaginn 16. apríl 2014.

Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru ferns konar styrkir veittir: Námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir en afreksstyrkir eru veittir annað hvert ár.

Landsbankinn


landsbankinn.is

410 4000



GÓÐA FERÐ!

HVERRI ÁFYLLINGU FYLGIR PÁSKAEGG FYRIR BÖRNIN

BYRJADU PÁSKAFRÍÐ Á ÞVÍ AÐ FYLLA Á TANKINN Á **SHELL VESTUR-**
LANDSVEGI EÐA Á **ORKUNNI** OG **STÖÐINNI BORGARNESI**. BÖRNIN
Í BÍLNUM FÁ  **RÍS-PÁSKAEGG NR. 1** FRÁ FREYJU. TILBOÐIÐ
GILDIR 16., 17. OG 18. APRÍL, Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

SHELL VESTURLANDSVEGI



ORKAN OG STÖÐIN Í BORGARNESI

Orð Árna Páls um samfylgd ríkis og kirkju:

Sagan verður ekki umflúin

Ummæli Árna Páls Árnasonar, formanns Samfylkingarinnar, í þættinum Mín skoðun á Stöð 2 um helgina hafa valdið deilum í flokknum.

Árni Páll sagðist í þættinum vera mikill stuðningsmaður þjóðkirkjunnar: „Ég held að það þurfi að viðurkenna það að þjóðkirkjan er sérstök stofnun og það eru sérstök rök sem mæla með þessari samfylgd ríkis og kirkju.“

Ungir jafnaðarmenn skoruðu í framhaldinu á flokkinn að samþykka á næsta landsfundi ályktun um aðskilnað ríkis og kirkju og fella út stjórnarskrárákvæðið um stuðning ríkisvaldsins við þjóðkirkjuna, ella verði „fullu jafnrétti í trúmálum“ ekki komið á.

Sigurður Hólm Gunnarsson, Samfylkingarmaður og stjórnarmaður í Síðmennt, skrifaði Árna Páli opið bréf. „Stuðningur minn, og margra annarra frjálslyndra jafnaðarmanna, við Samfylkinguna getur verið í hættu ef formaðurinn er beinlínis á mót fullu trúfrelsi á Íslandi,“ skrifaði Sigurður.

Í viðbrögðunum gætir, eins og oft áður, misskilnings á því hvað telst vera trúfrelsi og hvernig sambandi ríkis og kirkju er háttað.

Engar hömlur eru lagðar á trúfrelsi á Íslandi. Það er stjórnarskrárvarið og allir frjálsir að því að iðka þau trúarbrögð sem þeim sýnist, alveg burtséð frá stöðu þjóðkirkjunnar. Enginn er neyddur til að greiða henni sóknargjöld; ríkið innheimtir félagsgjöld fyrir önnur trúfélög rétt eins og þjóðkirkjuna.

Þjóðkirkjan er ekki lengur ríkiskirkja, heldur sjálfstætt trúfélag með vídtæka stjórn eigin mála. Tengsl hennar og ríkisins lúta aðallega að formsatriðum. Ríkið greiðir laun tiltekins fjölda presta og starfsmanna Biskupsstofu, sem teljast opinberir starfsmenn. Það fyrirkomulag er oft kallað ríkisstyrkur og mismunur, en á sér rætur í meira en þúsund ára sögu, þar sem kirkjan varð stærsti jarðeigandi á Íslandi. Hún hefur þannig sérstöðu sem ekkert annað trúfélag hefur. Greiðslan byggir á samningi ríkis og kirkju um jarðirnar frá 1997.

Það gæti verið kostur fyrir kirkjuna að rifta samkomulaginu og slíta alfarið þessu praktíska samstarfi við ríkisvaldið. Það myndi að minnsta kosti eyða misskilningnum um ríkisstyrkta kirkju. Það myndi hins vegar þýða að kirkjan yrði að fá bætur fyrir jarðirnar, sem gæti orðið dálítill hausverkur að reikna út.

Þá er eftir spurningin um stjórnarskrárákvæðið. Það hefur í dag enga praktíska þýðingu og er fremur nokkurs konar yfirlýsing um kristna sögu og siðferðisgrundvöll ríkisins. Ísland er í grunninn kristið land, með krossmark í þjóðfána sínum og skjaldarmerki, ákall til Guðs í texta þjóðsöngsins, lögbundna frídaga á kristnum hátíðum og þannig mætti áfram telja. Jafnvel þótt öllu sambandi ríkis og kirkju yrði slitið og stjórnarskrárákvæðið strokað út, er vandséð að þorri þjóðarinnar myndi vilja breyta þessu. Söguna fáum við einfaldlega ekki umflúin, þótt við viljum tryggja trúfrelsi og jafnan rétt trúfélaga.

Þeir sem krefjast þess að stjórnarskrárákvæðið um þjóðkirkju verði afnumið, gleyma því að meirihluti kjósenda hefur nýlega greitt atkvæði með því í þjóðaratkvæðagreiðslu að það verði áfram á sínum stað. Stjórnsmálaflokkarnir, líka Samfylkingin, verða væntanlega að hafa einhverja hliðsjón af því að meirihlutinn virðist sammála Árna Páli um að það séu rök fyrir þeirri samfylgd ríkis og kirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

PÁSKATILBOÐ

GLÆNÝ ÝSUFLÖK

KR/KG

1290

NÝR STÓR HUMAR
NÝLÖGUÐ HUMARSÚPA

LAXAFLÖK

KR/KG

1990

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

Gnoðarvogji 44 • Sími 588 8686

OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA KL. 9 - 18.15 • LAUGARDAGA 11-16

FRÁ DEGI TIL DAGS

Guðni hugsar málið

Fyrirverandi ráðherrar Framsóknarflokksins hafa síðustu daga verið orðaðir við fyrsta sætið á lista Framsóknarmanna í Reykjavík vegna borgarstjórnarkosninganna. Sív Friðleifsdóttir er ein þeirra sem þóttu koma til greina en hún er búin að lýsa því yfir að hún hafi engan áhuga. Guðni Ágústsson er ekki bara fyrirverandi ráðherra, hann er líka fyrirverandi formaður flokksins. Hann segir að margir hafi komið að máli við hann og segist vera að hugsa málið. Guðni, sem lengst af bjó á Selfossi, flutti til Reykjavíkur fyrir nokkrum misserum. Hann þykir alþýðlegur og er vinsæll innan flokksins. Hvort það



dugar til er hins vegar annað mál. Eins og staðan er nú þarf sennilega ekkert minna en kraftaverk til að flokkurinn fái borgarfulltrúa í Reykjavík.

Fastafylgið

Framsóknarflokkurinn hefur mælt með tveggja til fjögurra prósentu fylgi í borginni síðustu mánuði og það er því langt í að flokkurinn nái inn manni í borgarstjórn. Flokkurinn verður, ef hann ætlar að halda lífi í borginni, að finna einhvern málsmetandi í fyrsta sætið á allra næstu dögum. Kosningabaráttan hefst af fullum krafti eftir páska, enda orðið stutt í kosningar.



Sjálfstæðisflokkurinn stendur illa

Styrmir Gunnarsson, fyrirverandi ritstjóri Morgunblaðsins, gerir slaka stöðu Sjálfstæðisflokksins í borginni að umtalsefni á Evrópuvaktinni. „Ekki batnar staðan hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík í skoðanakönnunum vegna borgarstjórnarkosninganna í næsta mánuði,“ segir Styrmir. Hann segir að það hafi komið fram vísbendingar um skynsamlegar málefna hugmyndir, sem sé jákvætt. Styrmir segir að eigi Sjálfstæðisflokknum að takast að snúa þessari stöðu við verði mikil gagnsókn að hefjast á mörgum vígstöðvum strax eftir páska. Konur eru ekki áberandi á lista sjálfstæðismanna í Reykjavík, kannski skýrir það lítið fylgi flokksins í borginni.

johanna@frettabladid.is

HALLDÓR



„Þegar brunnurinn kom“

HJÁLPARSTARF

Kristín Ólafsdóttir
fræðslu- og upplýsingafrulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar

„Hvenær byrjaðir þú í skóla?“ spurði forvitinn hjálparstarfsmaður tólf ára stelpu á verkefnasvæði Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví og bjóst við svari á borð við „í fyrra“ eða „þegar ég var átta ára“. Stelpan svaraði hins vegar og án þess að hugsa sig um: „Þegar brunnurinn kom í þorpið.“

Á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu, Malaví og Úganda er það í verkahring kvenna og stúlkna að sækja vatn um langan veg og þvo þvotta í vatnsbólum. Til þess erna ganga þær daglega í tvær til þrjár klukkustundir. Eftir að hafa burðast með um 20 lítra brúsa á höfðinu með neysl vatni fyrir fjölskylduna gefst stúlkum ekki mikill tími til skólagöngu né hafa þær til þess mikla orku.

Þegar brunnur er kominn í þorpið breytast aðstæður stúlkanna hins vegar mjög til hins betra. Þá geta þær farið eftir hreinu vatni á nokkrum mínútum áður en þær hlaupa í skólann. Aðgangur að hreinu vatni skiptir þannig sköpum fyrir þær.

félaginu og haft áhrif á ákvarðanir sem snerta daglegt líf þeirra – og jafnvel tekið þær ákvarðanir sjálfar!

Það má því segja að með því að tryggja aðgang að hreinu vatni sé lagður grunnur að valdeflingu kvenna og jafnrétti kynjanna. Í vatnsverkefnum okkar leggjum við sérstaka áherslu á að tryggja aðgang að hreinu vatni með því að byggja brunna, grafa vatnsbræur og reisa vatnsöfnunartanka við íbúðarhús. Þegar aðgangur að vatni er tryggður er hægt að afla fæðu á auðveldari hátt og tími gefst til skólagöngu.

Viltu taka þátt í þessu með okkur? Þú getur til dæmis gert það með því að greiða 1.800 króna valgreiðslu í heimabankanum. Margt smátt gerir eitt stórt!

Heyrist í hásum þingmanni?

Það er vel við hæfi að nota alþjóðlega radddaginn 16. apríl til að minna fólk á að það kæmist nú sennilega illa í gegnum lífið ef það hefði ekki röddina til að tjá sig með, eitthvað sem flestöllum finnst bara sjálfsgæður hlutur að hafa.

HEILBRIGÐIS-MÁL



Dr. Valdis Ingibjörg Jónsdóttir sérfræðingur í raddmeinum

Fólk er vel meðvitað um gildi raddar þegar kemur að skemmtanagildi hennar en öðru máli gegnir gagnvart daglegri notkun. Rödd er ekki óbrigðul frekar en annað í skrokk-skjóðunni. Hún er hljóð og hljóð bílar ekki. Hins vegar bendir „biluð rödd“, þ.e.a.s. langvarandi hæsi, raddbrestir, raddþreyta og rödd án tónbrigða, til þess að eitthvað sé að í því líkamskerfi sem myndar hana, t.d. raddböndum. En höldum okkur við málvenjuna „biluð rödd“.

Sennilega er um að kenna almennu þekkingarleysi og andvaraleysi að rödd hefur enn ekki komist á blað sem hluti af heilsufari, hvað þá að orðið „raddheilsa“ hafi unnið sér sess, t.d. sem hluti af lýðheilsu. Þessu þarf að breyta því staðreyndin er sú að fjöldi fólks leigir röddina sína út sem atvinnutæki sem það kann takmarkað á og er gert að starfa í umhverfi sem beinlínis getur skaðað raddfærin. Þar má nefna til dæmis kennara, talsímaverði og sölufolk. Það getur varla talist eðlilegt ef um og yfir helmingur fólks í þessum atvinnustéttum þjáist meira eða minna af álags-einkennum á raddfæri.

Veikindaleyfi vegna raddveilna

Um fimmtungur kennara hefur tekið árlega veikindaleyfi vegna raddveilna og þess eru dæmi að fólk hafi hrökklast úr starfi vegna þess að röddin hefur gefið sig, jafnvel svo að einstaklingurinn á erfitt með að taka þátt í venjulegum samræðum. Þarf ekki að líta á þetta sem heilbrigðisvandamál? Á ekki að líta á þetta sem skort á vinnuvernd?

Annað í stöðunni. Ef röddin er farin að gefa sig, t.d. orðin há, þá gagnast hún ekki áheyrandanum. Það skyldi þó ekki vera að óróleiki í bekk stafi að talsverðu leyti af því að nemendur heyra ekki til kennarans? Það skyldi þó ekki vera að nemendur hafi ekki getað fylgst nægilega vel með munnlegri fræðslu til að geta skilað viðunandi árangri í námi?

Kennaranám í dag er fimm ár. Ég veit ekki til þess að inni í því námi sé fastur liður þar sem kennurum er kennt um eigin rödd eða hvernig sé hægt að halda raddheilsunni í jafn raddkrefjandi starfi og kennsla er. Fá störf búa yfir meiri hættu fyrir rödd en kennarastarfið. Að tala tímunum saman í hávaða, vafasömu innilofti og í fjarlægð frá hlustendum ógnar röddinni, enda sést það best á almennu bágu ástandi kennararadda. Sagt er að meðalstarfsaldur íþróttakennara sem slíkra sé innan við fimm ár.

Hver borgar skaðann ef rödd

→ Þar má nefna til dæmis kennara, talsímaverði og sölufolk. Það getur varla talist eðlilegt ef um og yfir helmingur fólks í þessum atvinnustéttum þjáist meira eða minna af álags-einkennum á raddfæri.

gefur sig vegna aðstæðna í vinnu? Er tryggt í kjarasamningum að viðkomandi þurfi ekki sjálfur að borga nauðsynlega meðferð til að ná röddinni til baka? Hvernig er með lífeyrismál kennara sem þarf að hætta kennslu vegna raddmissis? Hafa kennarar almennt aðgang að magnarakerfi?

Astand hjá talsímavörðum er engu betra enda aðstæður fyrir það starf taldar langt í frá vistvænar fyrir rödd – margir í sama herbergi með skilrúm sín á millum sem dugar skammt til að halda skvaldri nægilega frá. Er hugað að því að inniloft á slíkum stöðum sé nægilega gott fyrir raddnotkun? Fá talsímaverðir fræðslu um rödd þannig að þeir geti varist því að of mikið álag gangi fram af henni?

Bilaðar atvinnuraddir kosta þjóðfélagið og einstaklinga drjúgan skilding á ári hverju. Það er löngu kominn tími á að skoða þessi mál heildstætt og af alvöru og finna hvað hægt er að gera til úrbóta. Það mætti t.d. byrja á því í þingsölum hjá hópi sem á ansi mikið undir því að raddir þeirra heyrist.

Fullveldisgildran

Mörg menningarsamfélög hafa farið forgörðum við það að lífsaðstæður þeirra breyttust og þau megnuðu ekki að bregðast við, aðlaga lífnaðarhætti sína og samfélags-sýn þeim breytingum. Þau voru fjötruð í gamla atvinnuhætti og lífssýn, sem áður höfðu dugað þeim.

FULLVELDI



Pröstur Ólafsson hagfræðingur

Getum hefur verið leitt að því að ástæða þess að byggðir Íslendinga á Grænlandi eyddust hafi verið sú að þeir héldu fast við sömu búskaparhætti og þeir höfðu vanist á Íslandi, þótt versnandi veðráttu hafi valdið því að búfé þeirra var orðið svo aðframkomið á vorin að þeir þurftu að bera það út í haga. Þeir höfðu ekki dug í sér til að breyta til og fara að veiða meiri fisk og sel sér til lífsframfæris, því þeir trúðu því að ekki væri hægt að lifa án búfjár.

Þetta segir okkur að tíminn refsar þeim grimmilega sem vilja ekki skilja að breyttar aðstæður krefjast nýrrar hugsunar. Þótt tímarnir nú séu aðrir og afkoma okkar hvíli á mörgum stöðum, þá erum við nútíma Íslendingar í keimlíkum sporum. Við spriklum föst í bóndabeygju auðlindahyggju, úreltra búskaparháttu og samfélagslegrar fortíðarhyggju. Sú samfélags-sýn sem mótaðist af einhæfum atvinnuvegum, skorti og stjórnmálaforystu þröngsýnna efnabænda leiðir okkur í ógöngur við gjörbreyttar aðstæður.

Róttæk hnattvæðing

Heimurinn gengur nú í gegnum breytingaskeið sem kallað er hnattvæðing. Þjóðir heims hafa brugðist við, stærstu þjóðirnar bíða rólegar eins og hákarlar en litlu þjóðirnar leita sér skjóls, mynda bandalög, til að standast samkeppni og ofurvald þeirra stærstu, m.a. við að móta regluverk heimsviðskiptanna. Smáþjóðir Evrópu, því á heimsvísu eru þær allar smáar, vita að þær verða að standa saman. ESB er

evrópska svarið við röttækri hnattvæðingu, sem breytir skiptahlutföllum milli þjóða og landsvæða. Flóttamannastraumar til Evrópu eru afsprengi þessara breytinga, einnig hérlandis.

En ESB er meira. Það er eins konar verkstæði eða smíðja framtíðarinnar til að koma á nýrri heimsskipan, þar sem samvinna og samningar koma í stað yfirráða og valdbeitinga. Það er byggt upp af þeirri frumreglu að ef eitt eða fleiri ríki lenda í miklum erfiðleikum koma hin ríkin og stofnanir bandalagsins til aðstoðar. Þjóðirnar afhenda hlut af eigin fullveldi gegn hlutdeild í fullveldi hinna. Þannig auka minnstu þjóðirnar áhrif sín en draga að sama skapi úr áhrifum stærri þjóða um leið og þær fá vörn gegn utanaðkomandi hættum.

Af jaðri til miðju

Til að yfirvinna fortíðarhyggju og úrelta heimssýn þurfum við að halda áfram. Við tókum mikilvæg skref við inngöngu í EFTA og síðan EES. Þessir áfangar vikkudu sjóndeildarhringinn og fjölguðu tækifærum. Við færðumst af ysta jaðri nær miðju. Við löguðum viðeigandi lög að frjálslyndari lagasetningu sem byggði meir á almannahæill en löggjöf okkar, sem þunguð er af auðlindahagsmunum. Andstaðan við bæði skrefin var mikil, einkum frá framsóknarfólki og Alþýðubandalagi, síðar vinstri grænum, sem héldu fast í fjötra fortíðar.

Þessir hlekkir hafa einkum tengst skilningi á fullveldi og sjálfstæði. Hugmynd okkar um fullveldi grópaðist djúpt inn í vitund þjóðarinnar. Frá barnsaldri var okkur innrætt þjóðernishyggja, afbökun söguskoðun og fullveldisdýrkun, hvort heldur í lestrarbókum, skóla-ljóðum eða öðru efni. Þá var fullveldi markmið til sjálfstjórnar.

→ Þessir hlekkir hafa einkum tengst skilningi á fullveldi og sjálfstæði. Hugmynd okkar um fullveldi grópaðist djúpt inn í vitund þjóðarinnar. Frá barnsaldri var okkur innrætt þjóðernishyggja, afbökun söguskoðun og fullveldisdýrkun, hvort heldur í lestrarbókum, skóla-ljóðum eða öðru efni. Þá var fullveldi markmið til sjálfstjórnar.

Fullveldi orðið skurðgöð

Nú skilgreina margir fullveldi sem skilyrðislaust boðorð, sem óumflýjanlega skyldu en um leið bann. Gagnkvæmar skuldbindingar t.d. í formi samstarfs við ASG er ótæk, þar sem það jaðrar við fullveldisafsal. Sá staðnaði skilningur sem lagður er í hugtakið er orðinn frekari þróun samfélagsins fjötur um fót. Fullveldið er ekki lengur lifandi, frjó áminning. Það hefur breyst í storkinn átrúnað.

Í þessari gildru erum við föst. Við hættem ekki skaðlegum hvalveiðum af því það er réttur okkar, jafnvel skylda, að veiða hval. Samningar um makríllinn er á svipaðri bylgjulengd, svo ekki sé minnst á aðild að ESB. Bjartur í Sumarhúsum fórnaði fjölskyldu sinni og aleigu á altari ímyndaðs sjálfstæðis. Af sama meidi er andstaða Bændaskólans á Hvanneyri við að sameinast Háskóla Íslands; það skerðir sjálfstæði hans. Skólar, sjúkrafstofnanir og sveitarfélög víða um land eru í sömu kreppu, of lítil til að takast á við breyttar aðstæður; svelta frekar en sameinast. Þegar svo er komið þá er skilningur okkar á fullveldi og sjálfstæði staðnaður, orðinn að bábilju sem skaðar meir en hann skaffar.

Varúð!
Ekki fóðra ungana

Nýtt
Bragðarefur
NIZZA
Házkaegg

Prófaðu
NIZZA
Bragðaref

Virkjum styrkleika í skólum

Skólamála snerta kjarna jafnaðarstefnunnar því þar má skapa börnum jöfn tækifæri til að þroskast og eflast sem sterkir og skapandi einstaklingar. Galdurinn er að draga fram styrkleika allra barna í skólastarfinu og skipuleggja nám þeirra og frístundastarf með hliðsjón af áhugasviði og hæfileikum hvers og eins. Þetta er leiðarljós í stefnu Samfylkingarinnar þar sem málefni barna eru í forgangi.

MENNTUN



Skúli Helgason
frambjóðandi
Samfylkingarinnar
í borgarstjórnar-
kosningum 2014

→ Galdurinn er að draga fram styrkleika allra barna í skólastarfinu og skipuleggja nám þeirra og frístundastarf...

standa höllum fæti. Við viljum líka bæta þjónustu við börn af erlendum uppruna og hefja markvissa móðurmálskennslu sem styður við almennt nám þeirra, ekki síst í íslensku. En við þurfum líka að styrkja innra starfið með aukinni teymisvinnu kennara og annarra fagstétta við að sinna ólíkum þörfum barna og auka svigrúm kennara til að einbeita sér að kennslu og starfsþróun og skólastjórnenda til að veita faglega forystu.

Skapandi skólastarf

Getum við ímyndað okkur skólakerfi þar sem er ekki miðlæg námskrá eða námsefni sem öllum er gert að tileinka sér heldur víðfangsefni og markmið þar sem börn og ungmennti geta valið sér námsleiðir og námsefni sem kveikja áhuga þeirra og forvitni? Í slíku skólakerfi er hlutverk kennarans ekki síst að þjálfa gagnrýna hugsun, rökræður og fagleg vinnubrögð, benda á mismunandi leiðir að settu marki en umfram allt ýta undir frumkvæði nemenda og auka sjálfstraust. Það býr mikill sköpunarkraftur í íslenskum börnum og kennurum þeirra, leyfum honum að njóta sín.

Grunnurinn

Börn þurfa að öðlast trú á eigin getu og færni til að leysa fjölbreytt verkefni. Því er mikilvægt að auka samstarf leikskóla og grunnskóla og efla grundvallarfærni barna í læsi og stærðfræði, sem ræður miklu um hvernig þeim vegnar í frekara námi og síðar á vinnumarkaði. Þar skiptir sköpum að beita snemmtækri íhlutun til að styrkja stöðu þeirra sem

Hvaðan koma þeir sem við eigum að kjósa?

STJÓRN MÁL



Kristinn Steinn Traustason
formaður íbúasamtaka Úlfarsárdals

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu um kynjahlutfall í stjórnmálum. Fyrir borgarstjórnarkosningar nú í vor eru fleiri kvenmenn í framboði en karlar og vonandi verður hlutfall kynja jafnt í borgarstjórn eftir kosningar. Hins vegar hefur lítið verið fjallað um búsetu frambjóðenda en hugsanlega er búseta ekki síður mikilvæg en kyn.

Ef bornir eru saman sex efstu frambjóðendur þeirra flokka sem bjóða fram til borgarstjórnar eftir póstnúmerum kemur í ljós að 50 prósent frambjóðenda búa í póstnúmeri 101 en þar búa um 13% íbúa borgarinnar. Samkvæmt tölum Hagstofunnar búa ríflega 46% borgarbúa í póstnúmerum 109-116 en einungis 19% frambjóðenda í sex efstu sætum flokkanna búa í þessum hverfum.


Þegar áherslur borgarstjórnar á núverandi kjörtímabili eru skoðaðar kemur ekki á óvart að áhugi hefur að langmestu leyti verið á uppbyggingu í þeirra nærumhverfi. Á sama tíma hafa úthverfin setið á hakanum og þau jafnvel töluð niður. Farið hefur verið gegn vilja borgarbúa í austurhluta borgarinnar í skóla- og skipulagsmálum.

Stenst ekki skoðun

Borgarstjórn telur að Reykvingar

Búseta frambjóðenda og íbúa í Reykjavík

Sex efstu frambjóðendur þeirra flokka sem bjóða fram til borgarstjórnar í Reykjavík í vor, eftir póstnúmerum.



KYNJAHLUTFALL FRAMBJÓÐENDA

Karlar 45,2% 19
Konur 54,8% 23

vilji ekki búa í úthverfum, sú skoðun stenst ekki skoðun ef lítið er til uppbyggingar í nágrennasveitarfélögum. Þar er hægt að treysta á skipulag og hraða uppbyggingu hverfa þrátt fyrir „hrun“.

Hvaða útsvarsgreiðendur vill Reykjavík hafa? Það er eðlilegt að flestir borgarbúar á aldrinum 16-24 ára vilji búa miðsvæðis, en hvað vilja þeir tíu árum og tveimur börnum seinna?

Nú þegar ljóst er hvernig flokkarnir stilla upp sínum framboðslistum er spurning hverjir séu best til þess fallnir að þjóna hagsmunum allra borgarbúa. Er hugsanlega kominn tími til að breyta kosninga-fyrirkomulaginu þar sem borginni er skipt upp í tíu hverfi til samræmis

→ Ég hef þá skoðun að núverandi fyrirkomulag þjóni ekki hagsmunum allra borgarbúa.

við vinnu að nýju hverfisSKIPULAGI? Í slíku skipulagi mætti tryggja að kjörnir fulltrúar í borgarstjórn yrðu í samræmi við dreifingu íbúa eftir hverfum borgarinnar. Ég hef þá skoðun að núverandi fyrirkomulag þjóni ekki hagsmunum allra borgarbúa. Núverandi úrtak borgarbúa í borgarstjórn endurspeglar ekki nægjanlega vel viðhorf allra borgarbúa. Að mínu mati er búsetuskipting borgarfulltrúa ekki síður mikilvæg en kynjaskipting.

Hafðu það gott og grillaðu
100% íslenskt
lambakjöt

safaríkt og
meyrt lambakjöt

Fæst í: **BONUS** **HAGKAUP**
Skemmtilegast að verða



Laxaflok,
beinhreinsuð
1998 kr./kg
~~3298~~ kr./kg

Ferskir
í fiski

*Njóttu
gæðanna*

Lambalæri
úrþ., fyllt með
sveppum
og camembert

2898 kr./kg
~~3298~~ kr./kg

NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig

Ungnautahund
erlend
4998 kr./kg

Lambafille
með fiturönd

3998 kr./kg
~~4798~~ kr./kg

Gott
um
páskana

Páskatílbod!

Njóttu vel!

J. Oliver Balsamic edik, modena, 250 ml **1386** kr./stk. ~~1630~~ kr./stk.

J. Oliver pestó, rautt og grænt, 190 g **317** kr./stk. ~~373~~ kr./stk.

BB flatkökur, 170 g **148** kr./pk. ~~175~~ kr./pk.

Jarðarber, 450 g **599** kr./pk.

Extra sætur!
Ferskur ananas **279** kr./kg ~~335~~ kr./kg

Jamie Oliver sólpurrkaðir tómatar, og grilluð paprika, 280 g **473** kr./stk. ~~556~~ kr./stk.

Jamie Oliver Bruchetta Greenolive, 180 g **325** kr./stk. ~~382~~ kr./stk.

Opnunartími yfir páskana!

| | Skir- dagur 17. apríl | Föstud- langi 18. apríl | Laugar- dagur 19. apríl | Páska- dagur 20. apríl | Annar í páskum 21. apríl |
|------------|-----------------------------|-------------------------------|-------------------------------|------------------------------|--------------------------------|
| Austurver | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 |
| Nóatún | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 |
| Hamraborg | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 | 8 - 24 |
| Grafarholt | 8 - 24 | Lokað | 8 - 24 | Lokað | 8 - 24 |
| Hringbraut | 8 - 24 | Lokað | 8 - 24 | Lokað | 8 - 24 |

*Við gerum
meira fyrir þig!*

NÓATÚN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. EXPO - www.expo.is

Vistvangur í Landnámi Ingólfs

LANDVERND



Björn Guðbrandsson
framkvæmdastjóri
GFF



Hjálmar Hjálmarsson
bæjarfulltrúi í
Kópavogi og for-
maður stjórnar GFF

Um þessar mundir hafa samtökin Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF) starfað í 17 ár. Samtökin kusu sér strax í upphafi afmarkað starfsvæði, hér á suðvesturhorninu þar sem drjúgur meirihluti landsmanna býr, og þau hafa haldið tryggð við upphafleg markmið um að nýta lífræn úrgangsefni til uppgræðslu. Á þessum tíma hefur GFF unnið með fjölda ólíkra aðila því ein og sér koma samtök af þessu tagi litlu í verk. Sérstaklega má nefna sveitarfélög, grunnskóla og framhaldsskóla, sem að öðrum aðilum ólstuðum eiga einna greiðustu samleiðina með stefnumálum og starfsháttum GFF.

Á þetta löngum tíma hefur GFF safnað í sarpinn töluverðri þekkingu. Það gildir bæði um faglega þekkingu á viðfangsefnum samtakanna sem og landfræðilega þekkingu á starfsvæðinu. GFF eru býsna „lókál“ samtök og vita orðið lengra nefi sínu um hvernig landið liggur í Landnámi Ingólfs, í margvíslegum skilningi að sjálfsögðu.

Samtökin starfa þó í raun ekki síður að hinum hnattrænu umhverfismálum og aðgerðum þeim að lútandi á heimaslóð. „Think globally, act locally“ var ákall Ríó-ráðstefnunnar fyrir 22 árum. Á þessum tímamarki, með 17 ára reynslu í farteskinu, langar GFF til að endurgjalda samfélaginu margháttadan stuðning með því að færa því heillaráð um samband manns og umhverfis hér á suðvesturhorninu. Það er hugmyndin um vistvang sem sækir meðal annars innblástur í landsþekkt kjörorð um „ræktun lands og lýðs“.

Stórt verkefni

Hvert mannsbarn á Íslandi þekkir eða ætti að þekkja að gróður- og jarðvegseyðing er harmsaga í rúmlega ellefu alda sambúð landsmanna og fósturjarðarinnar. Sú saga er nærtækt og átakanlegt dæmi um hvernig verðmæt náttúrugæði geta glatast án þess að menn hafi haft tök eða rænu á að sporna við. Gróður- og jarðvegseyðing er um leið vandamál á heimsvísu og er einn þáttur þess að nú grefur undan matvælaöryggi mannkyns. Samtökin GFF voru stofnuð til að taka til hendinni á þessu sviði, á afmörkuðu svæði hér heima við. Ekki endilega til að græða Landnám Ingólfs upp í einni svipan, fremur til að finna haldberar leiðir og hagfelldar aðferðir til að geta unnið á vandamálinu til framtíðar. Í stuttu máli, að þróa betri sambúð okkar íbúanna við landið. Góðfúsnum lesendum er óhætt að trúna því að verkefnið er stórt, þótt eingöngu sé horft til

3% af flatarmáli Íslands, sem er Landnám Ingólfs.

Hugmyndin um vistvang er svar GFF og aðferð til að endurheimta glötuð landgæði. Samtökin hafa leyft sér að kalla hana „náttúrugæði af mannavöldum“ eða einfaldlega „sjálfbæra þróun í verki“. Að nefna hlutina skiptir máli en mikilvægast er þó að öðlast skilning á ferlinu, hvernig vistvangi er ætlað að virka. Eftirfarandi punktar gefa hugmynd um hvað GFF sér fyrir sér með hugtakið og hvað gerist á vistvangi:

■ Vistvangur er hugtak í anda sjálfbærrar þróunar, upprunnið á Íslandi og tekur mið af því hve upplástur og gróðureyðing hafa leikið fósturjörðina grátt í gegnum aldirnar.

■ Vistvangur er skilgreint, afmarkað svæði þar sem lífræn úrgangur af mannlegri starfsemi er notaður til að byggja upp „náttúrulegan höfuðstól“ gróðurs og jarðvegs.

■ Vistvangur er „snortið“ svæði, snortið af mannlegri starfsemi sem skilar viðkomandi landi hreinum, lífrænum afkrasti og eflir frjósemi þess.

■ Á vistvangi fer fram ræktun lands og lýðs. Þar er æskulýður og nemendur af öllum skólástigum sem og hópar innlendra og erlendra sjálfbodaliða við nám og störf við endurheimt landgæða.

■ Vistvangur gerir mannlegt umhverfi vistlegra og styrkir um leið vistkerfi náttúrunnar þegar lífrænum úrgangi er komið í náttúrulega hringrás.

→ Hugmyndin um vistvang er svar GFF og aðferð til að endurheimta glötuð landgæði. Samtökin hafa leyft sér að kalla hana „náttúrugæði af mannavöldum“ eða einfaldlega „sjálfbæra þróun í verki“.

■ Vistvangur getur orðið leiðarstef út fyrir landsteinana, íslenskt dæmi um nærtækt úrræði við staðbundnum jafnt sem hnattrænum umhverfismálum.

Vistvangur miðlar þeirri hugmynd að náttúrugæði geti, ef rétt er að farið, orðið til af mannavöldum. Tilvist mannlegs samfélags þurfi ekki endilega að eyða eða spilla náttúrugæðum. Úrræði finnst í vistkreppu okkar tíma. Eins og áður er sagt, hugmyndin er byggð á 17 ára reynslu GFF við að nota lífræn úrgangsefni til uppgræðslu í Landnámi Ingólfs.

GFF hefur nýlega sent sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu erindi þar sem hugmyndin um vistvang er kynnt og sett í samhengi við nýleg áform um vinnslu á eldsneyti úr lífrænum úrgangi. Samtökin gera sér vonir um að hugmyndin megi gagnast til að gera Reykjavík, þar með talin öll nágrannasveitarfélögin, að hinni vistvænu höfuðborg norðursins, titil sem Reykjavík þarf að vinna sér inn en á ekki vísan.

AF NETINU

Spítalinn okkar



Það kostar peninga að byggja nýjan Landspítala. Peningarnir eru til. Lífeyrissjóðirnir voru reiðubúnir til að leggja fé í verkið á síðasta ári. Lánsfé. Þeir þurfa 3,5% vexti af sínum fjármunum samkvæmt lögum. Lögum er hægt að breyta. Kosti nýr spítali 50 milljarða kostar það fjármagn 1,5 til 2 milljarða á ári. Árleg rekstrarhagræðing í nýju húsnæði skilar 2,5 til 3 milljörðum króna á ári upp í fjármagnskostnað og aukinn rekstrarkostnað húsnæðis. Þjóð sem hefur efni á að borga sjálfri sér 80 milljarða í umdeildar skuldaleiðréttingar hefur efni á að kosta nýjan Landspítala.

<http://www.dv.is/blogg>

Svavar Gestsson

Lögbann á gjaldheimtu við Geysi



Til að tryggja rétt almenningssá umgengni um landið þurfa sameiginlegir sjóðir að taka ábyrgð á verndun þeirra og uppbyggingu. Við þurfum að tryggja í sameiningu að náttúruverur þjóðarinnar láti ekki á sjá undan ágangi ferðamanna, bæði með markvissri uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn á fleiri viðkomustöðum og bættri skipulagningu ferðapjónustu.

<http://blog.pressan.is>

Inga Sigrún Atladóttir

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is



Magnús Einarsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggiltur
fasteignasali
Sími 690 0820



Íris Hall
Löggiltur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309



Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931



Eggert Mariússon
Sölufulltrúi
Sími 690 1472



Haraldur Ómarsson
Sölufulltrúi
sími 845 8286



Sigurður Fannar Guðmundsson
Sölufulltrúi
Sími 897 5930



Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
Sími 661 7788

Landmark leiðir þig heim! – Þú hringir við seljum!



Dvergahraun (Miðengisland) 801 Selfoss

- Stór glæsilegt 91,3 fm heilsárshús ásamt 24,7 fm Gestahúsi eða samtals 116 fm.
- Húsnæðið er allt hið glæsilegasta ekkert hefur verið til sparað.
- Parket og flísar á gólfum, afar vandaðar innréttingar og tæki.
- Þetta er eign fyrir vandláta.
- Vinsaml. bókið tíma hjá Þórhalli í síma 897-8431
- **V. 34 MILLJ**

Hafðu samband
KRISTBERG SNJÓLFSSON
sölufulltrúi. Sími 892 1931



SKÓGARSEL 43 109 RVK.

- Stór glæsilegt 137,5 FM 3ja herbergja íbúð á 3. hæð ásamt stæði í lokaðri
- bílgeymslu.
- Fallegar vandaðar innréttingar.
- Parket og flísar á gólfum,
- Stórar suður svalir. - Þetta er eign fyrir vandláta.
- Eignin er laus við kaupsamning.
- **V.45,9 MILLJ**

Hafðu samband
KRISTBERG SNJÓLFSSON
sölufulltrúi. Sími 892 1931



LAUS FLJÓTLEGA

MÍÐLEITI – 55 ára "GIMLI"

- Stór íbúð í þessu vinsæla húsi
- Yfirbyggðar svalir óskráðar í fermetrum
- Stæði í bílgeymslu og mikil sameign
- MIÐSVÆÐI, STUTT Í ALLA ÞJÓNUSTU

- **V. 44.5.- millj.**

Hafðu samband
SVEINN EYLAND
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



KÍÐJABERG – HEILSÁRSHÚS

- Prílyft 220 fm heilsárshús
- Lóð er 14.800 fm
- Laust til afhendingar fljótlega
- Vandaðar innréttingar

- **V. 39.9.- millj**

Hafðu samband
SVEINN EYLAND
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820



ALLT Í PÁSKAMATINN

HAGKAUP
SMJÖRSÞRAUTAÐ
KALKÚNASKIP


HAGKAUP
MÆLIR
MED

Undanfarin 13 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörþrautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

ÞETTA EINA SANNA!

HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
GÆÐIN

HAGKAUPS
SMJÖRSÞRAUTAÐ
KALKÚNASKIP
3.298 kr/kg



HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
GÆÐIN

FYLLT MED FRÖNSKUM
CAMEMBERT

NÝTT!

HAGKAUPS
FYLLT
HÁTÍÐALÆRI
3.298 kr/kg

HAGKAUP
FYLLT HÁTÍÐALÆRI
MED FRÖNSKUM CAMEMBERT

HAGKAUP
MÆLIR
MED

Lærin eru úrbeinuð og fást með 3 tegundum af fyllingum:

- Döðlur og gráðastur
- Fíkjur, engifer og kanill
- Franskur Camembert



HAGKAUP
HAMBORGAR-
HRYGGUR
SÉRVALINN ÚR HÁGÆÐA HRÁEFNI

SALT
MINNI

HAGKAUPS
HAMBORGAR-
HRYGGUR
1.799 kr/kg
verð áður 1.999

Þarf ekki
að sjóða!
Aðeins 90 mín.
í ofni!

SÉRVALINN AF
FAGMÖNNUM ÚR
HÁGÆÐA HRÁEFNI!

SALT MINNI

HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
GÆÐIN



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

GRÍSAKJÖT Á FRÁBÆRU VERÐI

GRÍSABÓGUR

579 kr/kg
verð áður 999



GRÍSAHRYGGUR
MEÐ PURU,
ÚRBEINADUR

1.279 kr/kg
verð áður 1.799



GRILLKJÖTIÐ ER KOMIÐ Í HAGKAUP



TILBOD
25%
afsláttur á kassa

CAJ P.
FOLALDAVÖÐVI
1.799 kr/kg
verð áður 2.398



LEMONGRAS



TILBOD
30%
afsláttur á kassa

KALKÚNA
GRILLSNEIÐAR
1.469 kr/kg
verð áður 2.099



SESAM TERIYAKI



TILBOD
30%
afsláttur á kassa

KALKÚNA
LUNDIR
2.239 kr/kg
verð áður 3.199



TILBOD
15%
afsláttur á kassa

LAMBATVÍRIFJUR
KRYDDLEGNAR
2.881 kr/kg
verð áður 3.389

VISSIR ÞÚ AÐ
ÞÚ FINNUR
GLÆSILEG KJÖTBORÐ
Í KRINGLUNNI,
GARÐABÆ, EIDISTORGI
OG Á AKUREYRI.



HEIÐA
LAMBALÆRI
1.499 kr/kg
verð áður 2.099

Gildir til 21. apríl á meðan birgðir endast.



LAMBAHRYGGUR
2.099 kr/kg
verð áður 2.399



LAMBALÆRI
1.699 kr/kg
verð áður 1.899

Lambakjöt
af nýslátruðu
komið í verslanir!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE

ROLEX



MICHELSEN

ÚRSMIDIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 16. apríl 2014 | 28. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

STAFRÆN
PRENTUN!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



ÍSLENSKT SÆLGÆTI SELT TIL ÁTTA LANDA

→ Sælgætisframleiðendurnir seldu 434 tonn af sælgæti til útlanda í fyrra.

→ Útflutningurinn samanstóð að mestu af vörum frá Freyju og Nóa Síriusi.

→ Framleiðendurnir fjórir komu misvel út úr efnahagshruninu. Síða 6-7

850 milljónir í páskaneyslu

Nokkur samdráttur varð í sölu á mat og drykk í mars miðað við sama mánuð og í fyrra. Rannsóknarsetur verslunarinnar greinir frá þessu. Ástæðuna má rekja til þess að páskarnir voru í mars í fyrra en í apríl í ár en landsmenn gera venjulega vel við sig í mat og drykk um páskana.

Áætlað er að landsmenn verji um 603 milljónum króna til kaupa á mat- og dagvöru fyrir páskana. Líklegt er talið að páskæggi og önnur sætindi vegi þar nokkuð þungt. Þá er áætlað að landsmenn kaupi áfengi fyrir páskana fyrir 243 milljónir, bæði páskabjór og aðrar veigar. Samtals má því ætla að heildarfjárhæð í mat og drykk fyrir páskana nemi um 846 milljónum króna. -fbj

Athugasemdir við ferðasiður

Tíu íslenskar vefsíður voru skoðaðar í athugun Neytendastofu með tilliti til verðmerkinga og frekari upplýsinga. Um samræmda skoðun á vefsíðum innan Evrópska efnahagssvæðisins var að ræða.

Í öllum tilfellum var einhverju ábótavant og gerðar athugasemdir. Vefsíðurnar sem um ræður eru síður fyrirtækjanna Flugfélags Íslands, Flugfélagsins Ernis, Icelandair og Wow air og vefsíður Central hotel, Grand hotel, Hilton, Hótel Eddu, Hótel Rangár og Icelandair hotel. Öll fyrirtækin hafa gert víðeigandi breytingar á síðum sínum nema Flugfélagið Erni, sem vinnur að breytingum.

Flestar athugasemdir Neytendastofu voru vegna þess að ekki var hægt að vista eða prenta skilmála með auðveldum hætti. -fbj

Eyðslusamir ferðamenn

Erlendir ferðamenn hafa aldrei straujað kortin sín fyrir hærri fjárhæð hér á landi en á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Greining Íslandsbanka greinir frá þessu og telur að allt bendi til þess að efnahagsleg áhrif ferðaþjónustunnar á þjóðarþúskapinn aukist enn frekar í ár.

Jafnframt er eyðsla þeirra hér á landi umfram þá fjárhæð sem Íslendingar eru að eyða erlendis, og kemur það til þrátt fyrir gríðarlegan vöxt netviðskipta Íslendinga undanfarið. Bendir þetta til þess að um afgang verði að ræða á þjónustujöfnuði vegna ferðalaga á fyrsta ársfjórðungi, en hingað til hefur hann ávallt verið í halla á þeim tíma. -fbj

Sjónmælingar í Optical Studio

Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind
sími 5288500

Optical Studio í Keflavík
sími 4213811

Optical Studio í Leifstöð
sími 4250500

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

4
Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

8
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

0
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

FJARSKIPTI
20,2% frá áramótum

MAREL
2,7% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
-15,4% frá áramótum

BANK NORDIC
-15,4% frá áramótum

VÁTRYGGINGA-FÉLAG ÍSLANDS
5,8% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Víkubreyting |
|--------------------------|-------------|--------------|--------------|
| Atlantic Airways (DKK) | 144,00 | -5,9% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 110,00 | -15,4% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 241,00 | -8,0% | -1,2% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 32,75 | 20,2% | -0,2% |
| Hagar | 41,95 | 9,2% | -0,4% |
| Icelandair Group | 17,55 | -3,6% | -2,0% |
| Marel | 114,00 | -14,3% | 2,7% |
| N1 | 17,40 | -7,9% | 2,1% |
| Nýherji | 3,50 | -4,1% | 0,3% |
| Reginn | 16,40 | 5,5% | -1,2% |
| Sjóvá* | 13,44 | -0,4% | -0,4% |
| Tryggingamiðstöðin | 29,10 | -9,2% | -1,7% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,45 | -12,4% | -2,6% |
| Össur | 256,00 | 11,8% | 2,4% |

*Breyting frá útboði 11. apríl 2014.

Úrvalsvisitalan OMXI6 1.183,02 -6,1% -0,5%

First North Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Víkubreyting |
|------------------------|-------------|--------------|--------------|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 20,00 | 50,9% | -6,5% |
| HB Grandi | 31,00 | 40,9% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

Miðvikudagur 16. apríl

- Samræmd visitala neysluverðs í mars 2014
- Fiskafli í mars 2014

Þriðjudagur 22. apríl

- Visitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

Miðvikudagur 23. apríl

- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Vinnumarkaður í mars 2014
- Verðmæti sjávaraflla janúar-desember 2013
- Visitala byggingarkostnaðar fyrir maí 2014
- Mannfjöldinn á 1. ársfjórðungi 2014

Föstudagur 25. apríl

- Fjöldi útgefna vegabréfa

- Visitala kaupmáttar launa í mars 2014
- Visitala lífeyrisskuldbindinga í mars 2014
- Mánaðarleg launavísitala í mars 2014
- Greiðslujöfnunarvísitala í maí 2014

Mánudagur 28. apríl

- Nýskráningar og gjaldþrot í mars 2014

Þriðjudagur 29. apríl

- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í mars
- Visitala neysluverðs í apríl 2014
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni
- Össur – Uppgjör fyrsta ársfjórðungs
- VÍS – Uppgjör fyrsta ársfjórðungs

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Frettablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Frettablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Frettablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Frettablaðið skilar árangri!

*Prentmiðjökönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Árdís Ármannsdóttir tekur við af Þórunni Jónsdóttur sem fer til Bandaríkjana:

Nýr framkvæmdastjóri Skema

Árdís Ármannsdóttir hefur verið ráðin til að gegna stöðu framkvæmdastjóra Skema. Hún tekur við af Þórunni Jónsdóttur sem mun flytjast til starfstöðva móðurfyrirtækis Skema, reKode Education, í Washington-ríki í Bandaríkjunum.

Skema var stofnað af Raket Sölvadóttur árið 2011 og er leiðandi í kennslu og ráðgjöf í notkun tækni og forritunar á grunn- og framhaldsskólastigi á Íslandi.

Árdís mun stýra rekstri og áframhaldandi uppbyggingu og vexti Skema á Íslandi, en í dag starfa sex manns auk um 20 leiðbeinenda og aðstoðarkennara hjá félaginu. Hún mun einnig leiða stækkun Skema og reKode á Evrópumarkað.

Árdís er með mastersgráðu



STJÓRNENDUR Raket Sölvadóttir, stofnandi Skema, og Árdís Ármannsdóttir, nýr framkvæmdastjóri.

í stjórnun og stefnumótun frá Háskólanum í Árósum og er með áralanga reynslu í markaðssetningu og stefnumótun auk

viðtækrar þekkingar á rekstrarumhverfi nýsköpunar- og samfélagsfrumkvöðlafyrirtækja.

-fbj

Mikill halli á gjald-eyrisflæði til landsins

Erlend skuldastaða Íslands er í flokki með löndum sem komu verst út úr evrukrísunni samkvæmt skoðun Viðskiptaráðs. Aukin víska þarf að ríkja um horfur hagkerfisins svo hægt sé að afnema höft.

EFNAHAGSMÁL

Fanney Birna Jónsdóttir | fanney@frettabladid.is

Erlend skuldastaða Íslands er í flokki með svokölluðum PIIGS-löndum, það er Grikklandi, Portúgal, Spáni, Ítalíu og Írlandi, sem eiga það sammerkt að hafa lent í vandræðum með erlendar skuldir sínar í evrukrísunni árin 2009 til 2013. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skoðun Viðskiptaráðs Íslands sem birt var í gær, Heildarmynd af höftunum: Erlendar skuldir og forsendur afnáms.

Viðskiptaráð segir að án endurfjármögnunar núverandi skulda nemi halli á gjaldeyrisflæði til og frá landinu um 750 milljörðum króna yfir næstu sex ár vegna hárra afborgana af erlendum lánum. Þessi staða er greiðsluvandi íslenska þjóðarbúsins og úr honum þurfi að leysa ef afnámsáætlun hafta eigi að vera raunhæf. Samtals gæti gjaldeyrisþörfin numið 130 prósentum af landsframleiðslu. Miðað við forsendur í dag þyrfti að fjármagna alla þessa upphæð með hagfeldri erlendri lántöku ef afnám hafta ætti að eiga sér stað án þess að efnahagslegt ójafnvægi myndist.

Þannig muni afnámið að miklu leyti velja á því hvort innlendir



TRÚVERÐUGLEIKI Viðskiptaráð segir að leggja þurfi fram trúverðuga áætlun um afnám hafta. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

aðilar geti mætt þessari endurfjármögnunarbörf með sjálfbærum hætti. Þar skipti mestu máli að aukin víska ríki um framtíðarhorfur hagkerfisins, einkum hvað varðar erlenda skuldastöðu og hagvöxt. Ef mikil óvíska er til staðar munu vaxtakjör innlendra aðila vera verri en ella og vaxtakostnaður vegna endurfjármögnunar hærri en þjóðarbúið geti staðið undir. Náist hagstæð fjármögnun muni skuldastaðan smám saman batna, þar sem þjóðarbúið hafi þá burði til að greiða af erlendum skuldum. Þar skipti langtímahagvöxtur höfuðmáli. Takist Íslandi að skapa skilyrði fyrir sterkum hagvexti sem drifinn er af vexti í

útflutningi séu horfur um erlenda stöðu mun betri.

Viðskiptaráð segir að til skemmri tíma þurfi að leggja fram trúverðuga áætlun um afnám gjaldeyrishafta sem styðji við langtímaáætlun. Það sé nauðsynlegt svo að fyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi, sem munu hafa ráðandi áhrif á framtíðarvöxt útflutningstekna, kjósi að byggja upp starfsemina hérlandis. Líggi slík áætlun fyrir muni það jafnframt draga úr fjármagnsflóttalla allra aðila þegar höftum verður aflétt og lágmarka þann efnahagslega óstöðugleika sem afnáminu fylgir.

-sjá nánar síðu 10

Frumvarp viðskiptaráðherra um ívilnanir vegna nýfjárfestinga að öllum líkindum lagt fram á vörþingi:

Kynnti frumvarp um ívilnanir

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra kynnti frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga hér á landi á ríkisstjórnarfundum í gær.

Í frétt á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins segir að markmið laganna verði að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri, styrkja byggðapróun og bæta samkeppnishæfni landsins. Um rammalöggjöf er að ræða og í henni tilgreint hvaða ívilnanir stjórnvöldum og sveitarfélögum er heimilt að veita vegna nýfjárfestinga og hvernig þeim skuli beitt.

„Í flestum þeim ríkjum sem Ísland á í samkeppni við um nýfjárfestingar er boðið upp á ívilnanir og styrki af einhverju tagi. Nái frumvarp þetta fram að ganga mun það efla samkeppnishæfni Íslands hvað erlenda fjárfestingu varðar og gera Íslandi betur kleift að nýta þá sérstöðu sem landið hefur í alþjóðlegu tilliti,“ segir í fréttinni og þar er tekið fram að ívilnunin sé meðal annars háð þeim skilyrðum að fjárfestingarverkefni hafi jákvæð áhrif á efnahag landsins og samfélag.



RAGNHEIÐUR ELÍN Stefnir er að því að frumvarpið verði lagt fram á vörþingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

-hg

Háþróað ferðalag

Tækninýjungar, kraftur og sparneytni einkenna glæsilegan Mercedes-Benz GL-Class. Hann setur ný viðmið í öryggismálum og dráttargetan er upp á 3.500 kg. Þessi einstaki lúxusjeppi er búinn hinu háþróaða 4MATIC aldrifskerfi, ESP stöðugleikastýringu og spólvörn sem tryggir framúrskarandi akstursegginleika og aukinn stöðugleika í vetrarfærðinni. Hann eyðir frá 7,4 l/100 km í blönduðum akstri og losun CO₂ er 192 g/km.

Hjá Öskju á Krókhálsi 11 býður þín glæsilegur GL-Class til sýnis og reynsluaksturs.



Mercedes-Benz GL-Class 350 BlueTEC með 4MATIC aldrifsbúnaði og 7 G-TRONIC PLUS sjálfskiptingu. Verð frá 15.590.000 kr.



Mercedes-Benz



Í BRUNNI Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, bauð nýja hluthafa velkomna í hóp þeirra 570 sem fyrir voru hjá félaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HB Grandi á Aðalmarkaðinn: Bréfin tekin til viðskipta í apríl

Hlutabréf HB Granda hf. verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, Nasdaq OMX Iceland, föstudaginn 25. apríl næstkomandi.

Kauphöllin samþykkti úmsókn sjávarútvegsfyrirtækisins um skráningu í Kauphöll þann 9. apríl. Félagið er nú skráð á First-North markað Kauphallarinnar en verður afskráð af þeim markaði 23. apríl.

Almennu hlutafjárútbóði félagsins lauk 10. apríl síðastliðinn. Útbóðið nam 27 prósentum af útgefnum hlut í HB Granda og söluandvirðið nam 13,6 milljörðum króna.

-hg

LSR á nú 5,2 prósent í N1: Keypti í N1 fyrir 87 milljónir

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) keypti í gær fimm milljónir hluta í olúfélaginu N1 fyrir um 87 milljónir króna.

LSR á nú 5,2 prósent í N1 eða 52 milljónir hluta. Í tilkynningu sjóðsins til Kauphallarinnar segir að A-deild hans eigi nú 3,38 prósent hlut í N1, B-deildin 1,56 prósent, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins séreign 0,07 prósent og lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga 0,19 prósent.

Sjóðurinn tilkynnti nýverið að ávöxtun eigna LSR á árinu 2013 hefði verið mjög góð. Heildareignir námu 485 milljörðum króna í árslok 2013.

-hg



HÚSNÆÐI LSR Undanfarin þrjú ár hafa eignir sjóðsins aukist um 134,8 milljarða króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Tekur við af Einari Erni Ólafssyni þann 9. maí næstkomandi:

Valgeir framkvæmdastjóri Skeljungs

Stjórn Skeljungs hefur gengið frá ráðningu Valgeirs Matthíasar Baldurssonar, framkvæmdastjóra neytendasviðs félagsins, í stöðu forstjóra. Valgeir mun taka við af Einari Erni Ólafssyni, fráfaraandi forstjóra, þann 9. maí næstkomandi en fram til þess tíma mun Einar Örn gegna stöðunni áfram.

Valgeir hefur starfað hjá Skeljungu í fimm ár, fyrst sem fjármálastjóri félagsins en síðustu tvö árin á neytendasviði. Valgeir hefur viðamikla reynslu úr íslensku viðskiptalífi. Hann hefur meðal annars gegnt stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs SPRON, ráðgjafa hjá KPMG og verið meðeigandi og framkvæmdastjóri Álits ehf. að því er segir í tilkynningu frá Skeljungu. Einar Örn mun svo starfa áfram hjá Skeljungu til 30. maí og sinna tilfallandi verkefnum fyrir félagið eftir það.

„Við erum afar ánægð með að hafa fengið Valgeir til að taka að sér verkefni forstjóra Skeljungs. Bæði þekkir hann félagið ákaflega vel og þá hefur hann náð góðum árangri í þeim fjölbreyttu verk-



VALGEIR MATTHÍAS BALDURSSON

efnum sem hann hefur sinnt hjá Skeljungu. Við bindum því miklar vonir við að Skeljungur muni eflast enn frekar undir hans stjórn,“ segir Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður Skeljungs.

Valgeir nam viðskipta- og stjórn málafræði við Háskóla Íslands og lauk MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík 2007.

-fbj

Hagnaður Coca-Cola dregst saman á fyrsta ársfjórðungi:

Gosdrykkja minnkar

Sala Coca-Cola, stærsta drykkjavörufurframleiðanda heims, á gosdrykkjum féll á heimsvísu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Þetta er í fyrsta sinn sem gosdrykkjasalan fellur í fimmtán ár. Hins vegar jókst sala fyrirtækisins á goslausum drykkjum á sama tíma.

Hagnaður Coca-Cola á fyrsta ársfjórðungi lækkaði úr 1,75 milljörðum dala á síðasta ári í 1,62 milljarða. Margir gjaldmiðlar hafa veikt gagnvart Bandaríkjadollar sem skýrir samdráttinn að einhverju leyti. Fjármálastjóri Coca-Cola, Gary Fayard, kennir tíma-setningu páskanna um fallið, en þeir lenda á öðrum fjórðungi þessa



VELDUR ÞYNGDARAUKNINGU Gosið á undir högg að sækja.

MYND/GETTYIMAGES

árs í stað hins fyrsta. Gosdrykkja hefur átt undir högg að sækja í þróaðri löndum eins og Bandaríkjunum árum saman, þar sem talið er að hún ýti undir þyngdaraukningu.

-fbj



PORSCHE MACAN Litli bróðir Cayenne-jeppans en ef eitthvað er enn betri bíll.

Sportjeppinn Porsche Macan nálgast

Porsche Macan hefur fengið frábæra dóma bílablaðamanna. Hann verður kynntur hjá Bílabúð Benna á sumardaginn fyrsta.

BÍLAR

Finnur Thorlacius | finnurth@365.is

Einn af mest spennandi bílum sem koma nýir til landsins í ár er án efa Porsche Macan, ný sportjeppinn frá þessum vandaða þýska sportbílaframleiðanda. Þetta er bíll sem er á verði sem kunnuglegt er fyrir jeppa sem hér eru seldir, eða um 11,9 milljónir. Þá er átt við þá gerð bílsins sem er með 3,0 lítra dísilvélinni, en bíllinn má einnig fá með 340 og 400 hestafla bensínvélum, en þeir eru dýrari. Greinarritari var svo heppinn að fá að prófa allar gerðir hans í Þýskalandi á dögunum, nánar tiltekið í Leipzig, þar sem bíllinn er framleiddur. Sú gerð bílsins sem kom mest á óvart var einmitt dísilútgáfa hans með þessa 258 hestafla vél, en það er sama vél og Porsche Cayenne er með.

Hún er alveg frábær einnig í stóra bróðurnum, Cayenne, en þar sem Macan er öllu léttari bíll er hann þeim mun snarpari með þessari vél, en hann er til að mynda aðeins 6,1 sekúnda í 100 km hraða. Það setur þennan bíl í flokk með öðrum sportbílum. Það er með ólíkindum hvað þessi vél orkar og togar heil ósköp og maður hreinlega gleymir því að hann sé með dísilvél. Búast má við því að flestir þeir Macan sem seljast hér á landi verði með þessari vél, enda lítil þörf á meira afli. Stóri kosturinn við dísilvélinu er hins vegar sá að hún eyðir mun minna en hinar gerðirnar.

Dísilbíllinn ótrúlegur

Bílabúð Benna, seljandi Porsche-bíla á Íslandi, mun kynna þennan bíl á sumardaginn fyrsta, þ.e. 24. apríl, eftir nokkra daga. Mikil eftirspurn er eftir bílunum um heim allan og ársframléiðsla hans er þegar uppötuð, eða 50.000 bílar. Engu að síður hefur Bílabúð Benna tryggt sér nokkur eintök og verður ábyggilega barist um þau, enda þar á ferð frábær bíll á viðráðanlegu verði. Hreinn unaður var að aka Macan, hvaða gerð hans sem prófuð var. Hann var reyndur í torfærubraut sem gerð var rétt fyrir utan verksmiðju Porsche í Leipzig.

Þar var dísilútgáfa bílsins reynd og kom í ljós að hann er afar fær um að glíma við erfiða færð, brekkur, drullu og hliðarhalla. Hann stóð sig frábælega og öll aðstæður hans tryggðu fyrirhafnarlausan akstur við erfiðustu aðstæður. Hreinlega fyndið var að prófa hann einnig á skemmtilegum almenningsvegum í nágrenni Leipzig og þegar við vorum með tvo bíla, annan með dísilvélinni og hinn með 400 hestafla bensínvélinni, fannst glögg hvað dísilútgáfan var lítil eftirbátur kraftabílsins, en sáralitlu munaði að gefa þeim inn hlið við hlið, svo duglegur var dísilbíllinn.

Fáranlegur stöðugleiki á vegi

Bílablaðamenn hafa allir lyft brúnum yfir gæðum bílsins og fæstir þeirra, líklega eins og undirritaður, áttu von á svo góðum bíl í

þessum sportjeppa og er hann enginn eftirbátur dýrari gerða Porsche-bíla. Því keppast þeir nú um að mæra þennan bíl og voru jafn hessa og ég að sjá hve vel hefur tekið til hjá Porsche, eina ferðina enn. Ástæða er til að minnast á reynslu okkar Íslendinganna sem fengum að reyna bíllinn á kappakstursbraut sem einnig er við verksmiðjurnar í Leipzig. Þar var hann virkilega tekinn til kostanna og gríðarhraður akstur var ekkert mál fyrir Macan, alveg sama hvaða gerð hans var reynd. Svo hratt var hægt að aka bílunum að öllum fannst þeir vera að aka sportbíll.

Á undan okkur fór reyndur kappakstursökumaður frá Porsche á 911-sportbílnum og ekki reyndist svo snúið að halda í við hann á brautinni. Bílarnir þöldu svo mikið, vegna frábærra aksturseginnleika, að talsvert sá á dekkjunum eftir akstur okkar, enda engu hlíft. Flestir aðrir bílar hefðu líklega oltið í öllum hamaganginum en stöðugleiki bílsins er fáranlegur og veggrip engu líkt. Það er full ástæða fyrir þá sem smekk hafa fyrir frábærum akstursbílum, sem einnig eru tilvaldir fyrir íslenskar aðstæður, að skoða bíllinn er hann verður kynntur á sumardaginn fyrsta. Þetta er hreint út sagt magnaður bíll og ég sem hafði efasemdir um hann í fyrstu. Þvílík hugdetta þegar Porsche er annars vegar. Helst er hægt að ímynda sér að núverandi eigendur Porsche Cayenne verði svolítið afbrýðis-samir.

Nýtt fyrirtæki sem veitir ráðgjöf á sviði umhverfis- og samfélagsábyrgðar:

Sífelld fleiri setja sér stefnu

RoadMap er nýtt fyrirtæki sem veitir fyrirtækjum, ríkisstofnunum og frjálsum félagasamtökum ráðgjöf við gerð stefnu og skýrslna á sviði umhverfis- og samfélagsábyrgðar, mótun og úttekt á stjórnarháttum og lögræðiráðgjöf.

Stofnendurnir, sem hafa mikla reynslu úr atvinnulífinu, eru Eva Margrét Ævarsdóttir lögræðingur, sem var einn af eigendum Lex lögmansstofu, Hildur Hauksdóttir, MBA með sérhæfingu í umhverfis- og samfélagsábyrgð, og Helga Lára Hauksdóttir lögræðingur, sem hefur um árabíl starfað við lögræðiráðgjöf. Samstarfsaðili RoadMap er Netbalance, leiðandi ráðgjafarfyrirtæki

í umhverfis- og samfélagsábyrgð. „Umhverfis- og samfélagsábyrgð snýst mikið um að fyrirtæki og viðskiptavinir séu meðvitadur við kaup á vöru og þjónustu. Það er einfaldlega gott fyrir efna-hag fyrirtækja að láta sig varða umhverfis- og samfélagsmál,“ segir Hildur.

Þær segja sífelld fleiri fyrirtæki setja sér stefnu á sviði umhverfis- og samfélagsábyrgðar og mælanleg markmið við innleiðingu hennar, auk þess að miðla upplýsingum um slíkt með reglubundnum hætti. Þannig geta þau aukið virði fyrirtækisins og hagsmunaaðila og bætt jákvæð áhrif sín á umhverfi og samfélag.



ROADMAP Eva Margrét Ævarsdóttir og Hildur Hauksdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



MADE BY SWEDEN

- VOLVO XC60 OG ZLATAN -

Svíþjóð, líkt og Ísland, er land andstæðna. Þar tekst ljósið á við myrkrið.
Stórbrotið landslag, langar vegalengdir, snjór, rigning og ís.
Þetta er heimili Volvo XC60. Bíll sem er byggður fyrir ólíkar aðstæður.
Upplifðu einstaka hönnun og skandinavískan lúxus.

KYNNTU ÞÉR NÝJAN OG ÖFLUGRI VOLVO XC60



VOLVO XC60 AWD
VERÐ FRÁ 8.790.000 KR.
VOLVO.IS

**KOMDU OG SKOÐAÐU VOLVO XC60 AWD MEÐ NÝRRI OG ÖFLUGRI DÍSLVÉL
MEIRA AFL, AUKIN SPARNEYTNI OG ENN SKEMMTILEGRI Í AKSTRI**

OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. CO₂ 169 g/km.

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Seldu 434 tonn af sælgæti til átta landa

MATVÆLAIDNADUR
Haraldur Guðmundsson |
haraldur@frettabladid.is



Innlendir sælgætisframleiðendur fluttu í fyrra út um 434 tonn af sælgæti að verðmæti 416 milljóna króna. Vörurnar má meðal annars finna í Bandaríkjunum, Danmörku, Svíþjóð, Rússlandi og á Grænlandi.

Útflutningurinn samanstóð

að mestu af vörum frá Nóa Síriusi og Freyju en hinir tveir framleiðendurnir, Góa-Linda og Kólus, eru lítið eða ekkert í útflutningi.

Fyrirtækin fjögur komu misvel út úr hruninu og einungis tvö þeirra hafa skilað hagnaði á hverju ári frá 2008. Stjórnendur þeirra gagnrýna rekstrarumhverfi fyrirtækjanna á markaði þar sem mikil samþjöppun hefur orðið á undanförunum árum og áratugum.




PÁSKAEGG Hátt í tvær milljónir eggja af öllum stærðum og gerðum fara í verslanir fyrir páska.

Útflutningur á íslensku sælgæti*

*TÖLURNAR ERU Í TONNUM
ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI
ÍSLENSKS SÆLGÆTIS NAM 416
MILLJÓNUM KRÓNA Á SÍÐASTA
ÁRI SAMANBORIÐ VIÐ 280
MILLJÓNUM KRÓNA ÁRÍÐ ÁÐUR.

Heimild: Hagstofa Íslands



Á SKRIFSTOFUNNI Pétur Blöndal tók við starfi framkvæmdastjóra Freyju í upphafi ársins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stjórnendur Freyju hafa lagt áherslu á útflutning

Verksmiðja Freyju í Kópavogi framleiðir um þúsund tonn af sælgæti á ári. Fyrirtækið hefur barist við taprekstur en framkvæmdastjórinn gerir ráð fyrir viðsnúningi. Vörur fyrirtækisins má finna í sjö löndum.

Sælgætisgerðin Freyja framleiðir að sögn Péturs Blöndal, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, um 900 til þúsund tonn af sælgæti á ári. Freyja er að hans sögn með um 25-30 prósentu markaðshlutdeild en Pétur vill ekki segja hversu stór bita páskavertíðin er af ársveltu fyrirtækisins.

„Páskaeggjarn eru þó stærri en jólin hjá okkur en hlutdeild jólahátíðarinnar er allt að aukast,“ segir Pétur.

Neikvætt eigið fé

Rekstrartap Freyju var 8,2 milljónir króna árið 2012 og tæpar 30 milljónir árið áður. Fyrirtækið hefur ekki skilað hagnaði frá árinu 2004 og eigið fé þess var í lok árs 2012 neikvætt um rúmar 193 milljónir króna.

„Nú er þetta allt í rétta átt en við höfum þurft að skoða undir hverja einustu þúfu. Við eigum von á að 2013 verði réttum megin við núllið og svo lítur 2014 ágætlega út,“ segir Pétur og útskýrir hvernig efnahagshrunið hafði áhrif á skuldir fyrirtækisins.

„Erlend og verðtryggt lán okkar hækkðu og forsendur breyttust og fyrirtækið er búið að vinna í því að snúa máluum við. Við höfum farið í ýmsar breytingar á framleiðslunni, sölumálum og öðru. Það má segja að aukin sókn á markaði, bæði hér heima og erlendis, og ýmsar hagræðingaraðgerðir séu okkar leið út úr þessu,“ segir Pétur. Hann nefnir sem dæmi ákvörðun fyrirtækisins um að flytja lakkrísgerð Freyju frá Höfn í Hornafirði í verksmiðju fyrirtækisins við Kársnesbraut í Kópavogi.

„Hráfnismarkaðirnir hafa verið alveg ofboðslega erfiðir síðustu 12 til 15 mánuði. Við flytjum meðal annars inn kakósmjör, kakómassa og lakkrísrot og kakóefnin hafa hækkað um allt að 65-70 prósent,“ segir Pétur. Freyja kaupir kakóefnin af fyrirtækjum í Evrópu sem kaupa þau meðal annars af framleiðendum í Afríku.

„Svo framleiðum við alveg óhemju af lakkrís og þurfum því mikið af lakkrísrot. Við kaupum rótina í gegnum evrópska aðila sem fá hana í Mið-Austurlöndunum. Íran er til dæmis mjög stórt í framleiðslu á lakkrísrot og þaðan fáum við okkar rót.“

Heitir Skotti í Noregi

„Við höfum lagt aukna áherslu á útflutning og vörur Freyju má nú finna í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Þýskalandi, Færeyjum og á Grænlandi. Þar erum við aðallega að selja þetta lakkrístengda súkkulaði eins og Draum og Djúpan. Einn Dani sem kaupir af okkur sagði einu sinni að það væri hægt að draga línu við Hamborg í Þýskalandi. Norðan við Hamborg er hægt að selja íslenska lakkrísinn en sunnan við borgina er hann talsvert öðruvísi.“

Vörur fyrirtækisins eru seldar undir nafni Freyju í öllum löndunum að Noregi undanskildum, þar sem fyrirtækið ber nafnið Skotti.

96 ára saga

Freyja er í dag alfarið í eigu Ævars Guðmundssonar og fjölskyldu hans. Ævar og Jón bróðir hans höfðu rekið fyrirtækið frá árinu 1980, sama ár og innflutningur á sælgæti var gefinn frjáls, þegar Ævar keypti hlut bróður síns í fjölskyldufyrirtækinu á síðasta ári.

Fyrirtækið var stofnað árið 1918 og samanstendur nú af sex sælgætisgerðum; Víkingi, KÁ-sælgæti, Zebru, Mónu og lakkrísgerðinni Skugga. Þar starfa 70 starfsmenn í verksmiðju fyrirtækisins og í nýlegu húsnæði þess við Vesturvör í Kópavogi sem hýsir skrifstofu Freyju og lager.

Pétur segir fyrirtækið stefna að aukinni framleiðslu á heilsuþætandi vörum.

„Við erum að framleiða þessi sykurlausu og mjólkurlausu páskaegg og erum einnig orðin mjög stór í próteinsúkkulaðinu og ætlum okkur stærri hluti þar.“

Góa-Linda framleiðir um hundrað tonn á mánuði

Helgi Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Góu, skiptir árinu í þrjár vertíðir. Páskarnir eru um tíu prósent af ársveltu. Reksturinn skilaði 35 milljóna króna hagnaði árið 2012. Fyrirtækið selur vörur til Færeyja.

„Þetta eru þrjár vertíðir á ári; jól, páskar og vor, og við erum að framleiða um hundrað tonn á mánuði,“ segir Helgi Vilhjálmsson, stofnandi, eigandi og framkvæmdastjóri Góu-Lindu ehf.

Helgi segir sölu á páskaeggjum og öðru sælgæti um páska skila um tíu prósentum af ársveltu Góu. Fyrirtækið hefur framleitt páskaegg frá árinu 1995.

„Á þeim tíma voru páskaeggjarn orðin svo dýr. Maður átti nóg af góðum vörum inn í egginn og vantaði bara skeljarnar. Þá gat maður látið rúsínur og karamellur í egginn og af því að það hét páskaegg þá fimmfaldaðist verðið. En það er svolítið handavinna í þessu,“ segir Helgi.

Um 35 milljóna hagnaður

Sælgætisgerðin, sem var stofnuð í janúar 1968, hagnaðist um rúmar 35 milljónir króna árið 2012, samkvæmt ársreikningi. Góa skuldaði þá 258 milljónir en eignir námu 782 milljónum.

„Nú er ég að græða á þessu,“ segir Helgi þegar góð afkoma fyrirtækisins kemur til tals.

„Þetta hefur gengið ágætlega enda hefur þurft að hafa fyrir því. Maður hefur ekkert verið þunnur oft á mánuðagsmorgnum. Það hefur svolítið að segja.“

Helgi segist lítið hafa velt markaðshlutdeild Góu fyrir sér þegar blaðamaður spyr um hlutdeildina.

„Ég er voða lítill prósentukall. Maður mættir í vinnuna og reynir að gera sitt besta en maður hefur varla tíma í allt hitt saman. Maður má ekki eyða svo miklum tíma í útreikninga að maður gleymi að framleiða.“

Lítið í útflutningi

Góa keypti sælgætisgerðina Lindu á



HELGI Í GÓU Engin áform eru um frekari útflutning á vörum Góu-Lindu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

Akureyri árið 1993 og lakkrísgerðina Drift í september 2002. Um 40-50 manns starfa nú hjá fyrirtækinu.

„Við höfum verið að flytja út svolítið til Færeyja en svo sem ekkert til að tala um. Maður er kannski alltaf að rembast en ég held að ef útflutningur yrði aukinn þá yrði ekkert af þeim vörum framleitt hér. Maður myndi ekki flytja inn bæði kakó og sykurlausu með dýrustu frakt í heimi og svo út aftur með dýrustu frakt. Maður myndi bara framleiða þetta í því landi þar sem vörurnar yrðu seldar en ég ætla bara að halda mig við Ísland, held ég,“ segir Helgi og heldur áfram:

„Ég vona að þetta sé allt að lagast í þjóðfélaginu aftur og ég held að við séum að sleppa í gegnum þetta hrun.“

Fyrirtæki sem var stofnað árið 1934 framleiðir vörur undir merkjum Sambó og Völu:

Litli framleiðandinn Kólus

Sælgætisgerðin Kólus hefur framleitt lakkrís í um 50 ár og súkkulaði frá tíunda áratug síðustu aldar.

Fyrirtækið var stofnað árið 1934 og framleiðir vörur undir vörumerkjum Sambó og Vala og eina stærð af páskaeggjum.

Kólus hefur samkvæmt ársreikningum skilað hagnaði upp á um 20 milljónir króna á síðustu árum. Hagnaðurinn nam 23,7 milljónum árið 2012 og þá var eigið féð jákvætt um rúmar 150 milljónir.

Enginn starfsmaður fyrirtækisins vildi svara spurningum blaðamanns þegar eftir því var leitað.



KÓLUS Sælgætisgerðin framleiddi áður lakkrís fyrir Nóa Síriusi.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



FLÝGUR TIL ÍSLANDS

Breska lággljaldflugfélagið Flybe hefur ákveðið að hefja flug til Íslands frá Birmingham. Frá þessu greinir turisti.is. Fyrstu flugin verða í lok júní og þau síðustu í byrjun september.

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari>



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



KÆRU ÍSLENDINGAR

Það er mér mikil ánægja að taka á móti ykkur á þessum nýja stað þar sem náttúrufrægurinn, maturinn og starfsfólkið er framúrskarandi. Í þau tíu ár sem ég hef unnið við detox-meðferðirnar hef ég notið þess að sjá fólk ná tökum á vanheilsu, endurnýja orkuna sína og fá nýja sýn á lífið, sem oft er flókið. Það er mér heiður að fræða ykkur um föstur í ró og næði þar sem allir fá að fara á sínum hraða í gegnum prógrammið.

Með þakklæti,
Jónína Ben

VOR/SUMAR 2014

10. til 24. maí

24. maí til 7. júní

13. til 27. júlí

HAUST

7. til 21. september 2014



HEILSUMEÐFERÐ JÓNÍNU BEN

NORDICHEALTH KYNNIR Jónína Ben býður heilsu meðferðir á hóteli nálægt Gdansk í Póllandi, í dásamlegu umhverfi við fallett vatn.

Á gríðarlega fallegum stað í þjóðgarði nálægt Gdansk í Póllandi býður Jónína Ben upp á meðferðir til þess að fyrirbyggja og lækna lífsstíls-sjúkdóma. Meðferðin er óhefðbundin fasta en er unnin í samráði við lækni hótelsins.

SPA-deildin er einstök og í boði eru fjöldi fegrunar meðferða.

Hreyfing, hollt mataræði, nudd, fyrirlestrar og fræðsla og einkaráðgjöf er innifalið í verðinu.

Nánari upplýsingar veitir Jónína Ben í síma 822-4844 eða á joninaben@nordichealth.is

AYURVEDA FYRIR ÍSLAND

5 daga þjálfun í ayurvedísku fræðunum með David Crow



Dagsetning: 23. – 27. apríl 2014

Staðsetning: Rósin – Bolholti 4

Verð: 30.000,- fyrir alla dagana og 7.000,- fyrir stakan dag

DAY 1: Peaceful Mind: Reducing Stress and Eliminating Anxiety

DAY 2: Feast of Nectars: Rejuvenation From Fatigue, Depression and Low Immunity

DAY 3: Inner Fire: Increasing the Power Of Digestion and Nutritional Health

DAY 4: Secrets of the Moon: Ayurveda For Women's Health

DAY 5: Ayurveda and Spirit: Meditations On The Energies of the Body and Nature

Upplýsingar á facebook: Ayurveda námskeið með David Crow

Skráning: asta@organicnorth.is og 899 2239

Námskeiðið fer fram á ensku

Nú hlýnar í vedri,
bjóðum upp á

Yfirhafnadaga

15% afsláttur
af öllum yfirhöfnum

Léttir frakkar, vatteraðir jakkar
og þunnar dúnúlpur.

Allt fyrir fermingarnar og brúðkaupin.
Frábær sumarföt fyrir frið og golfið.

Sjáið myndirnar á
facebook.com/Parisartizkan

B/A/S/L/E/R Parisar
TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is

Endurhæfing allt árið



Vakin er athygli á því að full starfsemi er yfir sumartímann.

Læknisfræðileg endurhæfing á Heilsustofnun er góður kostur og miðar að því að ná mestri mögulegri færni og lífsgæðum og viðhalda þeim.

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.hnlfi.is og í síma 483 0300.

Heilsustofnun NLFÍ

Grænumörk 10 - Hveragerði - Sími 483 0300
www.hnlfi.is - heilsu@hnlfi.is

Berum ábyrgð á eigin heilsu



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFTI



SAMAN Á FJALLI
Melkorka tekur þátt í verkefninu Eitt fjall á viku ásamt kærasta sínum, Jóhannesi Benediktssyni, og stærri hóp fólks.

GEFANDI TAKMARK

EITT FJALL Á VIKU Melkorka Ólafsdóttir segir það oft verða að eins konar fíkn að ganga á fjöll en hún gengur á eitt fjall á viku. Hún segir Íslendinga ekki átta sig á hvað það er dýrmætt og sjaldgæft að eiga ósnortna náttúru.

FLOTT FÖT FYRIR FLOTTAR KONUR

Spariföt, hversdagsföt og kósýföt

Verstunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Melkorka Ólafsdóttir, flautuleikari og verkefnastjóri tónlistar í Hörpu, tekur þátt í verkefninu Eitt fjall á viku á vegum Ferðafélags Íslands. „Ég ákvað að fara í þetta af því að mig langaði að fara meira út í náttúruna og kynna umhverfinu í kringum höfuðborgina. Það gefur manni mikið að sjá fjöllin í kringum sig og upplifa það að hafa gengið á þau.“

52 FJÖLL Á 52 VIKUM

Melkorka hóf verkefnið í janúar ásamt Jóhannesi Benediktssyni, kærasta sínum. Gengið verður á 52 fjöll á einu ári og hefur þeim báðum gengið vel það sem af er. „Jóhannes hafði ekki gert mikið af því að ganga á fjöll en hann er yfirleitt til í allt og sló til þegar ég spurði hvort hann langaði að taka þátt í þessu með mér. Hann var hugsanlega með þeim óreyndari í hópnum í byrjun og mætti bara í fótboltaskónum og einhverjum jakka. Hann fékk ófáar ábendingar frá hinum í hópnum, þangað til hann var kominn með lágmarksútbúnað. Það var frekar fyndið en auðvitað í grunninn mjög falleg hugsun. Í hóp er fólki umhugað hverju um annað og metur það hvar þeim finnst vera veikur hlekkur. Það verður mikil samstaða og þetta verður eins konar lítið samfélag.“

HRESS OG SKEMMTILEGUR SÓLSKINSHÓPUR

Melkorka segir hópinn vera hressan og skemmtilegan og fararstjórana frábæra, en hjónin Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir eru umsjónarmenn verkefnisins. „Pau Páll Ásgeir og Rósa segja skemmtilega frá og þekkja landið eins og lófann á sér. Þau búa yfir svo miklum fróðleik og ég hef lært mjög mikið á þessum ferðum, til dæmis um hluti sem eru alltaf fyrir framan mann en maður veit ekki af. Við höfum nú þegar kynnst fullt af fólki sem við hefðum ekkert endilega hitt annars. Samræður verða svo náttúrulegar á göngu og tengingar við annað fólk fallegar. Ég hef kynnst



GENGIÐ Í GÓÐU VEÐRI Hópurinn sem Melkorka tilheyrir hefur fengið gott veður í þeim göngum sem hann hefur farið í hingað til.

bæði landi og þjóð í gegnum þessar ferðir.“

Hópurinn sem Melkorka er í hefur verið afskaplega heppinn með veður. „Það er kannski ekkert sniðugt að vera að nefna það en við höfum kallað okkur í gríni „Sólskinshópurinn“,“ segir Melkorka og hlær. Henni finnst líka vissara að bæta við „sjö, níu, þrettán“ í kjölfarið en hún segir það muna miklu að ganga í góðu veðri eða stormi.

SKEMMTILEGAST Á SKÁLAFELLI

Skemmtilegustu gönguna hingað til segir Melkorka vera þegar gengið var á Skálafell á Hellisheiði. „Það var alveg geggjáð veður í þessari göngu. Við sáum bæði til Reykjavíkur og Hveragerðis, niður að Þorlákshöfn og allan fjallahringinn langar leiðir, sáum Suðurlandið í skemmtilegu samhengi. Skálafellið er lúmskt fjall, það lætur lítið yfir sér en þegar upp er komið er hægt að sjá mjög víða, meira að segja upp á hálendið og Eyjafjallajökul. Ég hlakka líka til framhaldsins, það er ýmislegt eftir og svo verður líka gaman að ganga í vorinu og sumrinu nú þegar við höfum verið að ganga í snjónum.“

ÓSPILLT NÁTTÚRAN DÝRMÆT

Eitt fjall á viku er þannig uppbygggt að byrjað er á minni

fjöllum og svo farið hærra og hærra. Í byrjun er ekki farið langt frá höfuðborgarsvæðinu en farið verður í tvær helgarferðir og þá gengið á nokkur fjöll. „Við förum í Þórsmörk, Landmannalaugar og á Eyjafjallajökul. Fjallgöngur eru nokkurs konar áskoranir og hægt að takast á við fjöllin eins og tekist er á við hluti í lífinu sjálfu.

Að ná upp á topp á fjalli er takmark sem gefur mikið en leiðin sjálf er ekki síður mikilvæg. Það vill gerast þegar fólk byrjar í þessu að þetta verður að nokkurs konar fíkn, þig langar að fara á fjöll og sjá meira af náttúrunni og þetta verður að lífsstíl. Það gæti orðið þannig hjá mér, ég er komin með þetta í kerfið og langar að sjá og upplifa meira. Ég hef mikla þörf fyrir að vera úti í náttúrunni en það virðist vera að Íslendingar átti sig oft ekki á hvað náttúran er dýrmæt. Ég hef búið víða, meðal annars í Japan þar sem hver fermetri er nýttur og byggður. Í Evrópu er hvergi hægt að ganga heilu dagana án þess að sjá mannvirki eins og hægt er að gera hér á landi. Þetta er sérstakt og verður sérstakara eftir því sem fólki fjölgar í heiminum. Við erum svo von að hafa þessa fegurð fyrir framan okkur að okkur finnst hún venjuleg sem hún er alls ekki,“ segir Melkorka.

„...þú breytir hverju augnabliki í eitthvað alveg sérstakt.“

NUK

Út frá reynslu og kærleika: Vörur fyrir mæður og börn.

Börn gera foreldra stolta og hamingjusama, en stundum líka áhyggjufulla og oft skortir þá svör. NUK er með yfir 50 ára reynslu í gæðavörum sem eiga að fylgja börnunum gegnum þroska þeirra. Sjáðu meira á nuk.com

NUK. Understanding Life.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

UMBYLTING Á HEILSUNNI

ICECARE KYNNIR Bio Kult Original er öflug blanda af vinveittum gerlum (probiotics). Öflug vörn fyrir þarmaflórana sem hentar öllum aldri, börnum sem fullorðnum. Þórunn Þórarinsdóttir mælir með þessum góðu gerlum sem bæta meltinguna.

Mig langar að deila reynslu minni af Bio Kult Original-gerlunum. Ég var búin að vera veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur, gjörbreytti mataræðinu en náði þó ekki alveg fullri heilsu. Þá fór ég að skoða hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna. Ég leitaði upplýsinga á netinu og víðar og fann út að sennilega vantaði mig einn ákveðin geril í meltingarflórana en það er svokallaður jarðargerill (Bacillus subtilis). Í framhaldinu fór ég að leita að lifandi gerlablöndum hér á landi sem innihalda þennan geril en það virtist ekki vera í neinu nema Bio Kult Original-vörnunni. Ég ákvað að prófa, og viti menn, það varð algjör umbylting á líðan minni og heilsu," segir Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi.

GÓÐIR GERLAR

„Þar sem ég hef unnið við heilsuráðgjöf ákvað ég upp á mitt eindæmi að breiða út vitneskju mína og ánægju með Bio Kult Original-gerlana því þeir hafa algjörlega breytt lífi mínu. Gerlarnir hjálpa fólki meðal annars með meltingarvandamál. Ég mæli með Bio Kult



Original við skjólstæðinga mína sem eiga til dæmis við hægðatregðu að stríða en þeir hjálpa til við útskilnað í meltingarveginum. Öll þurfum við að losa óæskileg efni úr líkamanum sem við fáum við neyslu á sumum matvælum og Bio Kult Original hjálpar til við það.“

LÍKA FYRIR HUNDINN

„Þá er einnig vert að geta þess að ég hef einnig notað Bio Kult Original fyrir hundinn minn sem er 10 ára gamall af Cavalier-kyni. Hann varð veikur í maga, alltaf að róta í mold og éta hana, það var eins og hann vantaði eitt-hvert efni. Ég prófaði að gefa honum Bio Kult Original-gerlana, setti þá út í matinn daglega. Tíkin lagaðist heilmikið og hef ég síðan haldið áfram að gefa henni Bio Kult Original-gerlana á hverjum degi með góðum árangri.

Ég er ákaflega þakklát fyrir Bio Kult Original-gerlana, því þeir hafa algjörlega breytt heilsu minni og hundsins! Ég mæli hiklaust með Bio Kult Original fyrir alla.“
Fæst í öllum apótekum.



BETRI HEILSA Þórunn Þórarinsdóttir mælir með Bio Kult Original fyrir alla.

MYND/GVA



LÍFRÆNT HRÁSÚKKULAÐI

Pana-hrásúkkulaðið hentar vel fyrir þá sem vilja sleppa sætindum og dekra við sig. Vísindalega hefur verið sannað að hreint súkkulaði er ofurfæða. Pana-hrásúkkulaðið er handgert frá Ástralíu og framleitt af mikilli alúð. Það inniheldur mikið magn andoxunarefna og vítamína. Súkkulaði er venjulega unnið í háum hita en við það tapar það miklum gæðum. Pana-hrásúkkulaðið er hins vegar búið til við lágan hita og heldur því öllum næringarefnum sínum. Súkkulaðið bragðast einstaklega vel og er til í nokkrum bragðtegundum.

Enginn viðbættur sykur er í Pana-súkkulaðinu, það inni-

heldur aðeins kókosolíu, kakó og agave-síróp. Öll innihaldsefni eru lífræn, hrein hollusta. Súkkulaðið er handgert og hentar fyrir allan aldur. Frábært með kaffi, og súkkulaðiþörfinni er fullnægt á gæðastundum.

Pana-súkkulaði fæst aðeins í Hagkaupi og Heilsuhúsinu.



HRÁSÚKKULAÐI Einstaklega hollt og gott.

TANNHVÍTTUNAREFNI SEM MÆLT ER MEÐ

ICECARE KYNNIR GUM Original White-tannhvíttunarefni er öflugt munnskol og tannkrem sem gerir tennurnar hvítar og fallegar.

Tannlæknar mæla með GUM Original White-tannvörnum. Efnið verndar tennurnar og viðheldur almennri tannheilsu og heilbrigði tanna, auk þess að tryggja að tennurnar haldi styrk sínum. „Efnið hreinsar burt gamla bletti og óhreinindi og fyrirbyggir nýja bletti. Tennurnar fá sinn upprunalega lit aftur,“ segir Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Icecare, en markmið þess er að bjóða upp á breitt vöruval af tannvörum og heilsuvörum sem bæta heilsu viðskiptavina á hagstæðu verði.

„GUM er sérstök blanda sem er varin einkaleyfi og hreinsar betur en bleikiefni. Varan inniheldur hins vegar engin bleikiefni en þau geta skaðað náttúrulega vörn tanna. Slípmassinn er svo agnarsmár að hann eyðir ekki glerungi eins og mörg önnur hvíttunartannkrem geta gert,“ segir hún.

„GUM geta allir notað að staðaldri, bæði tannkremið og munnskolið innihalda mikið flúor,“ segir Birna. Allir í fjölskyldunni geta notað GUM Original White, því að efnið fara vel með tennurnar, tannholdið og slímhúðina í munnholinu.

Gæði tannkrema frá GUM eru mikil og því getur fólk notað miklu minna magn í hvert skipti þegar tannburstað er, þar sem tannkremið er mjög drjúgt og nýtist túpan því lengur en venjulega. Það er óþarfi að setja mikið, nota aðeins smávegis á burstann í hvert skipti sem burstað er, það dugar í hverja tannburstun. Þannig kemur verðið út á svipuðum nótum og önnur tannkrem, þar sem svo lítið magn þarf á burstann í hvert skipti.

„Þegar GUM Original White-tannvörurnar eru notaðar finnur fólk fyrir því að tennurnar verða meira glansandi og það myndast ósýnileg húð yfir tennurnar sem kemur í veg fyrir að tannsykla festist við þær. Við þurfum öll að hugsa um tennurnar,“ segir Birna.

GUM Original White fæst í öllum apótekum, Fjarðarkaupum og verslunum Hagkaups.



HRÍFANDI LÍNA



JAZZ Turquoise sófi 228 cm | kr. 202.800



OSLO
Skrifborð
kr. 126.300



TURTLE
Hægindastóll
kr. 239.000



FLINGA
Tímaritahilla
20x160 cm
kr. 16.900



BETINA
Eikarskenkur
170x43x72
kr. 151.700



RETRO
Sófi
170 cm
kr. 169.800

Litir: Grásvartur / Fjólublár / Sand

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - Sími 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16



Í SUMARBÚSTAÐ UM PÁSKANA

AFSLÖPPUN Páskafríð hefst á morgun og margir hugsa sér til hreyfings. Sólarlandaferðir eru uppseldar en margir ætla að skreppa í sumarbústað og njóta sveitasælunnar. Enn aðrir kjósa að fara til heitari landa.

Íslendingar og Norðmenn fá gott sumarfrí og virðast hugsa svipað. Sumarbústaðaferðir, skíðaferðir eða sólarlandafrí eru á óskalistanum yfir páskana. Norðmenn hafa ferðast mikið utanlands undanfarin ár vegna hagstæðs gengis norsku krónunnar. Um páska velja þeir hins vegar að fara í sumarbústaði og vera með fjölskyldu og vinum. Samkvæmt könnun sem gerð var í Noregi fyrir stuttu ætla flestir að eyða páskunum í sumarbústöðum. Íslendingar eru sömuleiðis mikið í bústöðum um páskana og allir bústaðir löngu uppantaðir hjá verkalyðsfélögum. Um 13 prósent Íslendinga eiga sumarhús, samkvæmt Hagstofu. Sumarbústaðaeign er almenn í Noregi. Einn af hverjum þremur ætlar að fara að heiman um páska. Um helmingur ætlar að vera í bústað en fjórð-

ungur kys að fara til heitari landa. Þá hafa fjöllin og skíðaparadísir sitt aðdráttarafl.

Af þeim sem spurðir voru í könnuninni töldu 84 prósent að best væri að vera með fjölskyldunni í páskafríinu. Veðrið um páska skiptir líka máli varðandi hvert farið verður.

Kanaríeyjar eru vinsælasti staðurinn til að fara til um páska og ekki er slæmt að fá forskot á sólina. Þá eru einnig margir sem kjósa að fara á meginland Spánar, til Kýpur og Tyrklands.

Þá kjósa sumir að fara í göngur eða fjallaferðir. Útivist býður fjögurra daga skíðagönguferð frá Kaldalóni yfir Drangajökul ofan í hinn margrómaða Reykjarfjörð. Ferðafélag Íslands er sömuleiðis með skíðagöngu um páskana sem hefst í Fljótshlíð en farið verður upp á hálendið.

VIÐ ÞINGVALLAVATN
Það er notalegt að eyða þessu góða páskafríi í sveitinni.
MYND/GVA

UPPLÝSINGAR UM VEÐUR OG FÆRÐ

Áður en lagt er í langferð um landið er skynsamlegt að kynna sér færð og veður í þaula. Á vef Vegagerðarinnar er að finna ýtarlegar upplýsingar um færð og veður um allt land, sem uppfærðar eru reglulega.

FÆRÐ OG VEÐUR


Færðarkort fyrir einstaka landshluta og landið í heild eru búin til á þriggja mínútna fresti. Línurit fyrir veðurstöðvar og umferðarteljara eru uppfærð á 10 mínútna fresti. Veðurtákn eru einnig færð inn á kortið svo sjá má hvort eljagangur eða stórhrið geisar á áætlaðri akstursleið.

VEFMYNDAVÉLAR

Vegagerðin er með vefmyndavélar á um 100 stöðum við vegakerfi landsins. Nýjar myndir eru sóttar nokkrum sinnum á hverri klukkustund. Hægt er að velja ákveðinn landshluta á kortinu og smella á myndavél til að fá upp mynd og einnig er hægt að velja á milli sjónarhorna með örvinum efst í hægra horni gluggans.

VEGALENGDIR

Í gögnum Vegagerðarinnar um vegalengdir er



á þriðja hundrað staða og hægt er að sjá vegalengdir frá hverjum þessara staða til allra hinna eftir mismunandi leiðum.

FJALLVEGIR

Á vefnum er einnig hægt að fá upplýsingar um þá fjallvegi sem opnir eru og eru þær upplýsingar færðar inn að vori.

Sjá: www.vegagerdin.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



GRILLIÐ

MÍÐVIKUDAGUR 16. APRÍL 2014

Kynningarblað

Hamborgarar, lambakórónur, sósur, eftirréttir og afmælisgjöfin hans Atla Fannars.

Gómsætir borgarar á grillið

Á vefsíðunni Gott í matinn á gottimatinn.is er að finna fjöldann allan af ljúffengum grilluppskriftum. Má þar nefna hamburgara, steikur og ljúffengar sósuuppskriftir sem fara vel með grillmat. Á síðunni er einnig haldið úti fjölbreyttu matarbloggi sem vert er að skoða. Hér fylgja nokkrar gómsætir uppskriftir af síðunni. Höfundar uppskrifta eru Inga Elsa Bergþórsdóttir og Gísli Egill Hrafnsson.



Grikkinn Zorba

Tómatur í sneiðum
Rauðlaukur, fint skorinn eða graslaukur
Ólífur, sneiddar
Kryddolía af fetaostinum og balsamedik, hrært saman
Klettsalat
Dalafeta frá MS
Hamborgari
Hamborgarabrauð

Sneiðið niður tómata, rauðlauk og ólífur. Veltið því upp úr kryddolíunni og balsamedikinu ásamt klettsalatinu. Steikið borgarann eftir smekk. Hitið brauðin á efri grind grillsins. Raðið borgaranum saman og vætið hann riflega með ediksósunni.



Kjúklingaborgari: léttur og ferskur

2 beikonsneiðar
Hamborgari eða kjúklingabringa skorin í tvennt á langveginn
1 sneið af grillosti, Gott í matinn frá MS
Kjúklingaskinka í sneiðum
Sólþurrkaðir tómatar í strimlum
Pestó, hrært til helminga með sýrðum rjóma
Spínat
Súrdeigsbrauð í sneiðum eða hamborgarabrauð

Steikið beikonið á pönnu og geymið. Grillið borgarann eftir smekk eða kjúklinginn þar til hann er steiktur í gegn. Leggið ostinn ofan á borgarann þegar 1-2 mínútur eru eftir af steikingartímanum og látið hann bráðna örlítið. Hitið brauðið á sama tíma á efri grind grillsins. Smyrjið brauðið riflega með pestósósunni. Raðið svo borgaranum saman.



Ítalskur borgari

Hamborgari
Ferskur mozzarella-ostur frá MS
Pepperóni
Smjörsteiktir sveppir
Pitsusósa
Steiktir laukhringir
Ciabatta-brauð eða hamborgarabrauð

Steikið sveppina og laukhringina, sitt í hvoru lagi á pönnu. Grillið borgarann eftir smekk. Þegar 1-2 mínútur eru eftir af steikingartímanum, dreifið þá mozzarella-sneiðum á borgarann og látið þær hitna og bráðna örlítið. Hitið brauðið á sama tíma á efri grind grillsins. Smyrjið brauðið með pitsusósunni. Raðið svo borgaranum saman.



Mexíkóborgari

Hamborgari
Sneiðar af steiptum Mexíkóosti og jalapeño-osti frá MS
Jalapeño-pipar úr krukku, sneiddur
Rauðlaukur og tómatur í sneiðum
Salat að eigin vali
Svartar ólífur
Hamborgarabrauð
Sýrður rjómi frá MS

Grillið borgarann eftir smekk. Leggið Mexíkó- og jalapeño-ostsneiðar á borgarann þegar 1-2 mínútur eru eftir af steikingartímanum og látið ostinn bráðna örlítið. Hitið brauðið á sama tíma á efri grind grillsins og smyrjið með sýrðum rjóma. Raðið svo borgaranum saman. Berið fram með tortilla-flögum og sýrðum rjóma.

Það er alltaf veður fyrir grillið

Það skiptir engu máli fyrir Atla Fannar hvernig veðrið er, það er alltaf gott veður til að grilla. Nýlega fékk hann veglegt gasgrill frá vinum sínum þegar hann hélt upp á þrítugsafmæli sitt. Auðvitað er ætlast til þess að hann bjóði þeim í grill sem allra fyrst.

Grillið spilar stóran sess á heimili Atla Fannars Bjarkasonar, fyrrverandi aðstoðarmanns Guðmundar Steingrímssonar, formanns Bjartrar framtíðar. Atli eignaðist fyrsta alvöru grillið sitt þegar hann varð 25 ára gamall. Þá gáfu æskuvinir hans honum veglegt gasgrill og fimm árum síðar, þegar Atli Fannar hélt upp á þrítugsafmæli sitt, gaf vinahópur hans honum enn stærra og veglegra gasgrill í afmælisgjöf. Sjálfur grillar hann nánast allt árið enda skiptir veðrið engu máli að hans sögn. „Grillið er stór hluti af matarvenjum mínum stóran hluta ársins. Ég grilla líka yfir veturinn enda er alltaf veður fyrir grill. Áður var ég með grillið úti á svölum en núna hef ég skjólgóðan pall. Það eru mikil þægindi fólgin í því að grilla. Þá er ekki verið að skíta allt út í eldhúsinu og maður sleppur við að vaska upp pönnur og potta. Grillið er bara hitað upp og svo skelliir maður kjöti, fiski eða grænmeti á grillið. Ekkert vesen.“ Auk nýja grillsins fékk Atli Fannar ný grill-

áhöld og veglega svuntu í afmælisgjöf.

Nautalundin er best

Gjöf æskuvina hans voru auðvitað skýr skilaboð til Atla Fannars. Honum ber að bjóða félögum sínum reglulega í mat og grilla fyrir hópinn. „Ég set nú yfirleitt fjölbreyttan mat á grillið og prófa mig áfram með ólíka rétti. Þegar æskuvinir mínir hittast á sumrin þá grilla ég hins vegar ekkert nema nautalundir og býð upp á bakaðar kartöflur, bearnaise-sósu og sýrðan rjóma með lauk og graslauk. Ég er algjörlega búinn að fullkomna þá list að grilla nautalund þótt ég segi sjálfur frá. Galdurinn felst í því að grilla lundina á háum hita og slökkva svo á grillinu þeim megin sem kjötið er. Þannig bakast lundin á grillinu í smá tíma og nær fullkomnu bragði og mýkt.“

Atli Fannar hefur hingað til séð um grillmennskuna á heimilinu. Á því verður þó væntanlega

breyting með tilkomu nýja grillsins en það gamla var orðið erfitt viðureignar. „Takkarnir voru stífir og erfitt að stjórna því. Það skýrir hvers vegna ég hef séð um grillið hingað til. Að sjálfsgöðu ætlast ég til þess að kærastan sýni lit og grilli líka. Ekki viljum við ýta undir staðalmyndir og leiðindi á heimilinu.“

Sérfræðingur í nautalundum

Það er náttúrulega engin ein uppskrift til að grillaðri nautalund að sögn Atla Fannars. Fyrir árlega sumargrillið tekur hann hins vegar mið af eftirfarandi meginreglum:

- Mikilvægast er að taka lundina úr kæli nógu snemma svo hún nái stofuhita áður en hún er grilluð.
- Lundin er nudduð upp úr pipar og ósöltuðu smjöri. Salt dregur í sig vökva og því geymum við að salta kjötið þar til steikin er komin á diskinn
- Ég nota hefðbundna aðferð. Byrja á blússandi hita og slekk svo undir öðrum megin og baka lundina þangað til hún er „medium rare“.
- Með nautalundinni ber ég einungis fram bearnaise-sósu og bakaða kartöflu með sýrðum rjóma sem inniheldur graslauk og lauk.



„Ég er algjörlega búinn að fullkomna þá list að grilla nautalund þótt ég segi sjálfur frá,“ segir Atli Fannar Bjarkason. MYND/GVA

Lambakóróna á grillið í sumar

Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga hefur fest kaup á vél til að framleiða svokallaða lambakórónu. Vélin er væntanleg til landsins í maí. Lambakóróna er hryggvöðvi þar sem hryggjarsúlan hefur verið fjarlægð en rifbeinin fylgja.

Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga (KKS) hefur verið leiðandi í þróun og úrvinnslu sauðfjárafurða um árabíl. Afurðastöðin er sú afkastamesta á landinu og ásamt dótturfélagi KS, Sláturhúsinu á Hvammstanga, þá er hlutdeild í heildarslátrun sauðfjár í landinu ríflega þriðjungur.

KKS hefur nú fest kaup á vél til að framleiða svokallaða lambakórónu og er vélin væntanleg til landsins í maí. Lambakóróna er hryggvöðvi þar sem hryggjarsúlan hefur verið fjarlægð en rifbeinin fylgja, þannig að hægt er að skera milli rifja. Stefnt er að því að gera þessa vöru aðgengilegri fyrir íslenska neytendur á komandi sumri. Hingað til hefur hún ekki verið það þó svo að þessi kjötskurður hafi lengi þekkt og verið kenndur í áratugi í Húsmæðraskólanum og Hótel- og matvælskólanum.

Lambakóróna er ein vinsælasta útfærsla á lambasteik á heimsmarkaði og verður þetta því góð viðbót í útrás á íslensku lambakjöti á erlendum mörkuðum.

Sérstaða íslenska lambakjötsins nýtur sín vel í þessari afurð, sérstaklega ef fituröndin fær að halda sér í gegnum eldunarferlið. Eitt af því sem gerir íslenska lambakjötið svona sérstakt er að lömbin eru einungis 4-5 mánaða gömul þegar þeim er slátrað, sem er um helmingi yngri en til myndna nýsjálensk lömb. Fitna geymir ekki einungis bragðið



Hér má sjá tvær útfærslur á því hvernig lambakóróna er borin fram.



sem líkja má við bragð af villibráð, þar sem lambið elst uppi á heidum landsins mest allt sitt líf og lifir þar á villtum gróðri og hreinu vatni, heldur inniheldur fitan líka Omega-3 fitusýrur sem eru bráðhollar.



Fallega frambornar ferskjur af grillinu eru freistandi og hollur eftirrættur.

Ferskjur í rifsberjarjóma

Ávextir eru léttur og gómsætur eftirrættur af grillinu. Þeir seðja sykurþörf sem kviknar oft í enda máltíðar án þess að vera of hitaeningaríkir eða þungir í maga. Grillaðir ávextir eru fullir af fjörefnum og falla einnig að smekk barna. Þá er ótvíræður kostur að grillaðir ávextir og grænmeti mynda ekki krabbameinsvaldandi efni.

Hér er einföld og gómsæt uppskrift að grilluðum ferskjum með þeyttum rjóma og ferskum eða frosnum rifsberjum.

- 1/3 bolli hunang
- 3 msk. bráðið smjör
- 1/4 ts. vanillupykkni
- 4 ferskjur, skornar í tvennt

Rjómi, þeyttur og með viðbættum rifsberjum (sjá mynd)

Hrærið saman hunang, smjör og vanillupykkni. Penslið skornar ferskjur með hunangsblöndunni. Grillið ferskjurnar, á hreinu grilli og með sárið niður, á miðlungshita þar til þær eru gullinbrúnar og heitar í gegn. Berið fram með þeyttum rjóma og rifsberjum. Gott er að hella afgangi hunangsblöndunnar yfir grillaðar ferskjurnar á disk.

GRILLTÍÐIN ER HAFIN!



Gasgrill 3ja brennara
49.998 kr

CampinGaz Adelaide grill

Glæsileg gasgrill á vandaðri grind úr stáli og tekki. Grillin eru með brennara og grillgrind úr pottjárni, sem henta mjög vel fyrir íslenskar aðstæður. Grillið sjálft er postulíns emelerað að utan og innan.

CAMPINGAZ ADELAIDE 3 BRENNARA

- Mjög öflugt 14 KW = 47.769 BTU
- 3x brennarar úr pottjárni
- 1x grillgrind úr pottjárni
- 1x steikarplata úr pottjárni
- 1x hliðarhella
- Piezo kveikja
- Grillflötur: 46x60 cm
- Postulínslok, emelerað að utan og innan
- Skúffa undir öllu grillinu sem tekur fitu
- Stærð BxDxH: 128x59x109cm
- Þyngd 48kg



CampinGaz Grilláhöld 4stk
verð 3.998kr

Yfirbreiðslur fyrir grillin
einnig fáanlegar, verð 4.998kr.



TVÆR HEIMALAGADAR BBQ-SÓSUR

2 bollar tómatsósa
3 msk. púðursykur
2 msk. sojasósa
2 msk. Worcestershire-sósa
2 msk. eplaedik
½ tsk. chili-flögur
2-3 hvítlauksrif pressuð
Blandið öllu saman í pott.
Látið krauma á miðlungshita í um 15 mínútur. Takið af hitanum og látið kólna.
Geymist í allt að viku í ísskáp.

1 lítill laukur, finsaxaður
1 msk. ólífuolía
1 dl tómatsósa
2-3 tsk. hunang
2-3 tsk. balsamedik
2-3 tsk. Dijon-sinnep
Salt og pipar
Steikið laukinn í olíu og bætið við öllu hráefni. Sósan látin krauma þar til hún þykknar. Kælið sósuna. Þá er hægt að pensla kjötið en þessi sósa hentar vel með ljósu kjöti á borð við kjúkling.



ENGIN KEMÍSK HREINSIFNI Á GRILLIÐ

Grillgrindurnar þarf að hreinsa reglulega. Mörgum þykir þó lítt spennandi að löðra grillið í kemískum efnum sem gætu haft áhrif á bragð. Hrár laukur gerir sama gagn.

1. Hitið grillið rækilega. Þá losnar auðveldlega af því.
2. Skerið stóran lauk í tvennt.
3. Snúið öðrum helmingnum af lauknum á hvolf og stingið í hann gaffli. Þannig verður til handfang og minni hætta á að brenna fingur.
4. Nuddið grillgrindina síðan vel með með lauknum og allar viðbrenndar matarleifar losna um leið.
5. Skellið einhverju gómsætu á grillið.

EINFALT EN BRAGÐGOTT

Það er ekki nauðsynlegt að vera með mikið meðlæti með grillmat. Ein sneið af svína- eða nautakjöti með heilum maískólfi er fullkomin máltíð, sérstaklega hversdags. Í þessari uppskrift eru notaðir svínahnakkar sem hafa verið marineraðir í olíu.

Marinering

1 rauður chili-pipar í sneiðum
2 vorlaukar, smátt skornir
Ólífuolía
Safi úr hálfri límónu
Ferskt kóríander, smátt skorið
Salt og pipar

Allt hrært saman og kjötið penslað með blöndunni.

4 maískólfar
Mjúkt smjör
Safi og rifinn börkur af einni límónu
Gott salt

Hrærið smjöri og límónu saman. Setjið kólfana í sjóðandi vatn í tvær mínútur. Grillið þá síðan í sex mínútur og penslið með límónusmjöri bæði fyrir og eftir steikingu. Saltið á eftir. Setjið kjötið á grillið og steikið í 4-5 mínútur



á hvorri hlið eftir stærð. Gjarnan má pensla kjötið með olíunni meðan það steikist en gætið að því að það brenni ekki. Berið fram með maískólfunum.

Eina sérverslun landsins með grill og garðhúsgögn

Grillbúðin



www.grillbudin.is



VELDU GRILL SEM ENDIST OG ÞÚ SPARAR

weber

LANDMANN

Viðhaldsfrí garðhúsgögn úr Tekki



Frá Þýskalandi



Kynnið ykkur muninn á Tekki og öðrum harðvið

Komdu og fáðu ráðleggingar

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

Bækur eru tímalausar gjafir!

ÍÐA

Tilboðin gilda til og með 22. apríl

Opnunartími um páska
lðu Lækjargötu
Skírdagur: 10-22
Föstudagurinn langi: Lokað
Laugardagur 19. apríl: 10-22
Páskadagur: Lokað
Annar í páskum: 10-22

Kvæði,
tilvitnanir og heilræði
í fallegum bókaflökki
verð áður: 2690 kr.
verð nú: 2290 kr.

Heimspekibókin
verð áður: 5990 kr.
verð nú: 4990 kr.

Prjónabiblían
verð áður: 6990 kr.
verð nú: 5990 kr.

Passíusálmarnir
verð áður: 7990 kr.
verð nú: 6990 kr.

Lækjargata 2a og Vesturgata 2a 101 Reykjavík opið 9 - 22 alla daga

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLASALA ÍSLANDS



Óskum eftir tilboði í Hummer H2 Limousine árg 2006 Góðir tekjumöguleikar Sjá myndir raðnum 148244

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
896 1337 / 896 9693
www.bilasala.islands.is

bilfang.is S. 567 2000



NÝR BÍLL DIESEL !

Suzuki Grand Vitara DDIS (NEW) DIESEL árg 2014 Frábært verð 5890 , skipti möguleg, bíllinn er á staðnum !!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

hjól.is bestir í hjólum...

NÚ ER TÍMINN !!
Besti sölutíminn framundan, mikil sala, vantar allar gerðir af hjólum á skrá og staðinn !!



Kawasaki VN900 CLASSIC 2012 ekið 2 þús km. Eins og nýtt. Ásett verð 1290 þús Rnr 124866 gsm. 8998471

hjól.is
Sími: 577 4565
Erum með yfir 100 tæki á staðnum.....Kíktu í heimsókn!!!
www.hjol.is

KRÓKUR



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

BÍLALIND.is



VW Golf Trendline. 03/2007, ekinn 159 PKM, dísel, 6 girar, smurbók. Verð 1.290.000. Rnr.151387.



MMC Pajero Tdi. 07/2002, ekinn 191 PKM, dísel, 5 girar, nýleg timareim, ný dekk. Verð 1.190.000. Rnr.151258.

Bílalind
Funahöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 5808900
www.bilalind.is

Bílar til sölu

Audi quattro til sölu Uppl S 8493230



MINI BUS TIL SÖLU

Suzuki Coolcar, fluttur í að sækja og senda fyrir þá sem eru í túrisma. 8manna, 1300 vél, 4x4, 5gíra, árg2013, (nýr bíll) Verð 2.950millj. með vsk. Upplýsingar í síma 699-5595, 16:00 og 17:30.



TOPP FRÚARBÍLL

VW Golf 1.6 árg 8/2004 EK AÐEINS 79800km sjálfkiptur. Verð 1050P. S. 8227262 meinarsson@me.com



GULLMOLINN TIL SÖLU.

Renault Kangoo Express árg 2003. Ekinn 146 þús km. Bensín 5 gíra. Skoðaður 2014. Góð sumar og vetrardekk. Fæst fyrir 500 þús. Uppl. hjá Halldóri sími 896 6860



Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus.is - S.5522000

500-999 þús.



EKINN AÐEINS 106ÞÚS KM

Suzuki Jimny 1.3 árg ,03 ek aðeins 106þús km. Timakeoja. ný skoðaður ,15. 4x4 hátt og lágt drif. dráttark. glæný dekk. mjög eyðslugrannur og fluttur bíll. Tilboðsverð aðeins 690þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



SJÁLFSKIPTUR-100% VÍBALÁN !

NISSAN PRIMERA ACENTA 2004 ek.151 þús, sjálfkiptur, ný skoðaður 15, bakmyndavél, magazine, ofl. mjög góður akstursbíll, ásett verð 950 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

Bílar óskast



STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 800 ÞÚS.STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 800þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Húsbílar



WINNEBAGO

Ameríski draumurinn frá 1986. Er í finu lagi, lítur vel út að utan og innan. Sæti og svefnpláss fyrir 6. Mikið skápa og geymslurými. Gas, vatn, wc, hiti, ostvr. Ath, 20 m2 bústaður. Chevrolet P30 undirvagn, 7,4 vél ekinn 82000 mílur Nýlegir geymar og allir vökvar, skoðun 2015, fornbíll, gjaldfrír. Kr.2,5m. Engin skipti. s. 8236639

Fellihýsi



Vinnuvélar



Slátturvagn: Greenline Árgerð 2001 Verð:990.000 + vsk. Nánar á www.velamidstodin.is S:577-5757/6949999 magnusr@velamidstodin.is



Til sölu Skyjack vinnulyfta árg. 2005. lítið notuð. Verð 550þús. Uppl. í s. 893 3573

Bátar



Til sölu strandveiðibátur, öll helstu siglingatæki, 3 sænskar færarúllur, 90 hestafla Ford Mermaid vél. Selst með nýju haffæri. Uppl. í síma 848-0619



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algjugar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Bílaþjónusta



Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

Varahlutir

EIGUM VARAHLUTI Í PESSA. KAUPUM BÍLA Í NIÐURRIÐ.

Nissan, Ford, Skoda, Subaru, Toyota, Mitsubishi, Opel, Hyundai Accent-Trajat, Dodge Caravan, Peugeot, Kia, Renault, Volvo S40-S70, Mazda 323. Bílar&Partar 421-7979 bilargpartar.is

SMÁPARTAR.IS

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

Viðgerðir

AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diskar og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

FAGLÆRÐIR PÍPARAR

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnarþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

bílauppboð

bilauppbod.is

Bjóddu í...

Uppboð á ökutækjum og öðrum munum fyrir tryggingarfélög, fjármögnunarfélög og aðra aðila fara fram alla virka daga. Uppboði á þessum bifreiðum lýkur að kvöldi 22. og 23. apríl 2014. Sjá nánar á uppboðsvef.



Dodge Ram 3500 - 4x4 dísel sjálfkiptur, ekinn 86920 mílur, árgerð 2006



Lotus Ellise 1115 bensín, beinskiptur, ekinn 20.360 km, árgerð 2004



Kawasaki KX250-R bensín, ekinn 125 tímar, árgerð 2008



Green machine götusópur 636 HS árgerð 2007



Mazda RX-8 bensín beinskiptur, 101.152 km



Camp Let Apollo Lux árgerð 2006

Hægt er að skoða uppboðsmuni alla virka daga frá 8.30-17.00 í húsnæði Króks að Suðurhrauni 3, Garðabæ.

LYSTIGARÐAR STEFÁNS EHF
 Almenn garðþjónusta:
 • Trjáklippingar • Garðbúðun
 • Sláttur • Garðhönnun • Garðþreif
 Er lærdur skróðgarðyrkjumaður.
 Upplýsingar í síma 782 9090

• Trjáklippingar
 • Felli tré
 • Garðyrkja
 40 ára starfsreysla
 Jóhannes garðyrkjumeistari
 S. 856 9600 • 846 8643
 www.garðyrkjumeistari.is

GARÐAUMSJÓN
 Get bætt við mig verkefnum í trjáklippingum. S. 698 1215 Halldór garðyrkjum.

ÓDÝR GARÐÞJÓNUSTA
 Fáðu verðtilboð í garðklippingar eða garðsláttinn fyrir sumarið. Engi ehf Sími: 615-1605.

Bókhald

SKATTFRAMTAL 2014
 Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

MÁLARAMEISTARI
 Við tökum að okkur alla almenna málningavinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SENDIBILL.IS

Búslóðaflutningar, pianóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Húsviðhald

VIÐHÁLD
 fasteignaviðgerðir
 Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
 • múrviðgerðir • pipulagnir
 • þakviðgerðir • rafagnir
 • málningavinnu • flisalagnir
 • trésmíðavinnu • þarvinnu
 • gluggaskipti • heilulagnir
 • glerskipti • alkæðningar
 Sími 567 6699
 vidhald@vidhald.is
 www.vidhald.is

LEKUR PAKIÐ ?
 Pakkappalagnir / Pakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírusheimsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSID
 Spámiðill Tarot lesstur og kristalkila
 Vn 566 7311
 Tímapantanir í síma 8694650

Spá í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Ein af þeim bestu. Trúnaður. Kristín s. 8979002

SPÁSÍMI 908-6116
 Ástr, fjármál & heilsa.

SPÁSÍMINN 908 5666
 Stjórnsúpa. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
 Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@sinnet.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
 Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Viðgerðir

CASA-RAF
HEIMILISTÆKI-VIÐGERÐIR
 Gerum við öll merki, komum á staðinn, skoðunargjald 4900,-kr S. 845 5976.

KEYPT & SELT

Til sölu

FERDAPJÓNUSTUADILAR !
 Húsgögn og fleira til sölu
 Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.
 Allt notað en vei með farið og í mjög góðum gæðum.
MJÖG GOTT VERÐ
 Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
 Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
 Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

skemmtanir

BOLTINN / BEINNI
Cafe Catalina
 Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
 "Best geymda leyndarmál Kópavogs"
OPNUNARTÍMI UM PÁSKA:
SKÍRDAG: 14 -20
FÖSTUD. LANGI: LOKAÐ
LAUGARDAG: 12 - 03
PÁSKADAG: 10:30 - 17
ANNAR Í PÁSKUM: 14 - 01
MIÐVIKUDAGINN 16. APRÍL
RÚNAR ÞÓR OG REYNIR GUÐMUNDS. ÚR ÝR, ÁSGEIR ÓSKARS. STUÐMENN SIGGA ÁRNA ÚR NÁTTÚRU. SPILA Í KVÖLD
Allir velkomnir

STADGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.
 Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
 www.kaupumgull.is
Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
 Upplýsingar í síma 661 7000.

KAUPI GULL !
 Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.
 Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS
 Vatnaskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl. hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifstill.is

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@sinnet.is

Nudd

TANTRA NUDD
 Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
 Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.

Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaurants and buses. Price from 55.000.
 Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000

Húsnæði óskast

Óska eftir 3-4 herb. íbúð til leigu frá 1. maí. Langtímaleiga. Traust, skilvís og reykingalausir leigjendur. S. 8953869.

Húsnæði til sölu

Ljót risa hús. 108 Rvk. Margar íbúðir eða mörg herb. Verð 160 mkr. s. 893-7211.

Ljót stórt hús. 109 Breiðh. Tvær íbúðir, sk. ódýrari. Verð 75 mkr. S. 8937211

Ljött stórt hús 108 Rvk. Mörg herb. sk. ód. verð 90 mkr. S. 8937211

Ljótur stór sumarb. í 276 Kjós. Eignarland. Verð 16.9 mkr. S. 8937211

Ljót risa raðhús 200 kóp. Tvær íbúðir. Verð 52 mkr. Skipti ód. 8937211.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu tvö iðnaðarbil, 90 og 180 m2 við Suðurellu í Hafnarfirði. Uppl. 6601060 / 8224200

Geymsluhúsnæði

GEYMSLULAUSNIR.IS
 Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
 Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

WWW.GEYMSLAEITT.IS
 Sér geymslur frá 3.900, 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLUR.COM
 Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

VDO Borgardekk

OKKUR VANTAR VANANN MANN Á DEKKJAVEKSTÆÐI OKKAR.

Leitum að áreiðanlegum, stundvísnum og duglegum manni með reynslu á hjólbarðavekstaði til starfa yfir dekkjatönnina og hugsanlega lengur.

Áhugasamir sendi upplýsingar á verslun@vdo.is eða hafið samband í síma 588 9747

til leigu

Til leigu
 300fm iðnaðarhúsnæði í Reykjanesbæ gott aðgengi mikil lofthæð og góð innkeyrsluhurð. Stutt í flugstöðina allar nánari upplýsingar veita **Eignir og tæki ehf í síma 695 2015.**

til sölu

Fyrsta Skotreyrnarmót sumarsins fer fram þann 21. Apríl nk. (annann í páskum. Þetta er fyrsta af þremur mótum Ellingsen mótaraðarinnar, skotnar verða 75 dúfur og mótsgjaldið litlar **2.000kr.-** Keppt verður í tveimur flokkum, byrjanda og 1. flokk og samanlagður árangur þessara þriggja móta ráða úrslitum. Mæting er kl. 10:30 á velli Skotreyrnar og hefst mót um kl. 11:00.
Stórglæsileg verðlaun !!
 Nýja Browning A5 hálfsvífurk haglabýssa verður í verðlaun fyrir 1. sæti í hvorum flokk.

Óskum eftir verkstjóra á kvöldvaktir. Vinnutími frá kl. 18 - 22. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á svanhvit@svanhvit.is

VINNA Á HJÓLBARÐAVEKSTÆÐI

Duglega starfsmenn vantar strax á Hjólbarðavekstaði Sólningar í Hjallarauni í Hafnarfirði Umsóknir ásamt símanúmeri berist á beggi@solning.is

Starfsfólk óskast í fullt / hlutastarf á 10 Dropa kaffihús, helst með reynslu. Áhugasamir sendið umsókn á fanneyg@gmail.com f. 23. apríl.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Stór Grænn Amazon páfagaukur tapaðist frá Tryggvagötu á laugardagskvöld. Uppl 8493230

Fundir

REYKJAVÍKUR-KADEMÍAN

AÐALFUNDUR REYKJAVÍKUR-KADEMÍUNNAR
 Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna, verður haldinn miðvikudaginn 30. apríl kl. 12:15 í fundarsal félagsins að Hringbraut 121, 4. hæð. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins og stjórnarkjör. Atkvæðisrétt á fundinum hafa félagsmenn sem eru viðstaddir og hafa greitt félagsgjald.
 www.akademia.is

atvinna

STARF Í MIÐBÆNUM

Minjagripaverslunin Lundinn leitar að starfsfólki í 100% vinnu. Við leitum að glaðlegu og duglegu fólki. Tungumálakunnátta skilyrði og reynsla af sölustörfum mikill kostur.

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá með mynd á info@puffin.is fyrir 25. apríl.



Laugavegur 44, Hafnarstræti 5 og Skólavörðustíg 10

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

S A F T

tilkynningar



Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Íprótta- og útivistarsvæði Selfoss

Samkvæmt 1.mgr.43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarsjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Íprótta- og útivistarsvæði Selfoss í Sveitarfélaginu Árborg.

Um er að ræða breytingu á fyrirhuguðum æfingavelli austan við frjálsípróttavöllinn. Breytingin fellst í því að æfingavelli er snúið um 90° og stækkaður í fulla stærð keppnisvallar, þ.e. 68x105 m. Við breytinguna raskast svæði sem í gildandi skilmálum er nefnt óhreyft svæði. Hraunhólar og gróður verður fjarlægður en svokallaðir Grýlupottar verða ekki fyrir raski. Í stað þess gróðurs sem verður fjarlægður, verður gróðursettur trjágróður meðfram æfingavelli að austanverðu. Teikningar ásamt greinagerð, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með 16.apríl 2014 til og með 30.mai 2014.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 30.mai 2014 og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi. Ásama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar <http://www.arborg.is> þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið skipulag@arborg.is

Selfossi 14. apríl 2014.

Bárður Guðmundsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 Endurskoðun á aðalskipulagi 1998-2018

Bæjarsjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á 201. fundi sínum þann 3. apríl 2014 tillögu að nýju aðalskipulag sveitarfélagsins 2012-2030 ásamt umhverfisskýrslu. Áður hafði bæjarsjórn samþykkt á 200 fundi sínum svör vegna innsendra athugasemda sbr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlaða.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu var kynnt í samræmi við 30-31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 einnig lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Tillagan var kynnt á tímabilinu 19. desember 2013 til og með 10. febrúar 2014. Athugasemda-frestur rann út 10. febrúar 2014. Alls bárust 9 athugasemdir sem leiddu til breytinga á tillögunni. Helstu breytingar sem gerðar voru: mörk hafnarsvæðis og athafnasvæðis breytast, skilgreint íbúasvæði við Holt á Mýrum, viðmiðunarmörk gististaða á nokkrum stöðum leiðrétt, verslunar og þjónustusvæði á nokkrum stöðum breytt. Nýrri brú yfir Skeiðará bætt við og fjallað um náttúruvá í Örafum. Breytingar sem gerðar hafa verið hafa ekki áhrif á megin markmið eða forsendur aðalskipulagsins og breyta því ekki tillögunni í grundvallaratriðum.

Bréf hefur verið sent til þeirra sem gerðu athugasemdir og þeim kynnt afgreiðsla bæjarsjórnar og svör athugasemda. Aðalskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum verða send til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Þeir sem óska upplýsinga geta snúið sér til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.

Ásgerður K. Gylfadóttir
Bæjarsjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

fasteignir

Frostafold 97

112 Reykjavík
Góð staðsetning með útsýni

Stærð: 81,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1986
Fasteignamat: 18.550.000



Lind



Opið Hús

Laugardaginn 19 apríl kl.17-17.30

Verð: 22.900.000

Snyrtileg 2-3 herbergja íbúð með sérinnangi á þrjú hæð á vinsælum stað. Mikil og óskert útsýni ásamt sérmerktu bílastæði framan við húsið. Skipt hefur verið um gólfefni að mestum hluta í íbúðinni og allt gler að aftan verður ásamt því að húsið er nýlega málað, skipt um rennur og þak yfirfarið. Stutt er í skóla og leikskóla ásamt helstu verslunum og þjónustu. Áhvalandi 17,8 m. Nánari upplýsingar veitir Stefán Jarl s:892-9966 eða stefan@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Stefán Jarl
Sölufulltrúi
8929966
stefan@remax.is

Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
510 7900
thorunn@remax.is


Laugarásvegur

104 Reykjavík
Glæsileg sérhæð með útsýni

Stærð: 175,5 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1964
Fasteignamat: 41.000.000
Bílskúr: Já



Lind



Opið Hús

Miðvikudaginn 16 apríl kl.18-18.30

Verð: 51.700.000

Mikið endurnýjuð og glæsileg sérhæð með óviðjafnanlegu útsýni yfir Laugardalinn og yfir sundin til norðurs og vesturs. Íbúðin er 140,6 fm auk 40 fm bílskúrs. Sérinnangur, tvennar svalir og falllegt umhverfi. Húsið er nýlega málað ásamt því að þak var yfirfarið og skipt var um þak á bílskúr. Útiróppur voru endurnýjaðar ásamt því að sett var snjóbræðsla í þær en einnig er snjóbræðsla í bílplani og göngustíg alveg upp að dyrum. Stutt er í skóla, leikskóla, sundlaug og heilsurækt.

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

Stefán Jarl
Sölufulltrúi
8929966
stefan@remax.is


Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
510 7900
thorunn@remax.is

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lífandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð. Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.



Fasteignir.is
fylgir Fréttablaðinu
á mánudögum.

FÉLAG FASTEIGNASALA

vísir

Páskarnir um 10-15% af heildarveltu Nóa Síriusar

Vörur Nóa Síriusar eru meðal annars seldar í Danmörku og Rússlandi og fyrirtækið horfir nú einnig til Kanada. Fyrirtækið hagnaðist um 695 þúsund krónur árið 2012 en skuldaði þá 1.675 milljónir. Forstjórinn segir afkomuna segja sögu um mikla samkeppni og erfitt rekstrarumhverfi.

„Þetta er tímabil sem skiptir okkur miklu máli en vægi þess er nú ekki eins mikið og margir halda og hefur sennilega farið minnkandi með árunum enda er nú jafnari sala árið um kring,“ segir Finnur Geirsson, forstjóri Nóa Síriusar, um mikilvægi páskavertíðarinnar fyrir fyrirtækið.

„Páskarnir eru á bilinu 10-15 prósent af ársveltu okkar og jól og páskar samanlagt um fjórðungur,“ segir Finnur.

Erfitt rekstrarumhverfi

Hagnaður Nóa Síriusar nam 695 þúsund krónum árið 2012 en 240 milljónum árið 2011. Fyrirtækið skuldaði 1.675 milljónir samkvæmt ársreikningi 2012 en eignir námu þá rúmum 2.251 milljón.

„Reksturinn í fyrra var svipaður og 2012 sem segir heilmikla sögu um þetta erfiða rekstrarumhverfi. Þessi grein mætti vera arðbærari en afkoman segir sína sögu um mikla samkeppni og erfitt umhverfi,“ segir Finnur. Hann nefnir að fyrirtækið hafi þurft að glíma við aukinn hráefniskostnað á sama tíma og mikil áhersla er lögð á að verðlagi hér á landi sé haldið niðri.

„Það varð gríðarleg hækkun fyrir stuttu síðan þegar kakósmjórið hækkaði um meira en helming. Við lentum því í miklum vandræðum um áramótin þegar við þurftum að hækka verð en þá var lagst á okkur af miklum þunga

og við sett á svartan lista. En ef við hefðum ekki hækkað þá hefði töluvert tap verið fyrir sjáanlegt.

Síðan er óneitanlega erfitt hversu háir vextir eru og það er að gera okkur erfiðara fyrir í rekstrinum og takmarka fjárfestingargetuna. Við sjáum ýmis fjárfestingartækifæri til að hagræða en rekum okkur þá á að fjármagnskostnaðurinn er mjög hár. En ég er þrátt fyrir allt tiltölulega bjartsýnn á framhaldið og tel að við eigum að geta ráðið við þetta.“

Horft til útlanda

Fyrirtækið hefur að sögn Finns lagt aukna áherslu á útflutning eftir að gengi krónunnar féll.

„Okkur sýnist að vöxturinn hljóti að liggja í útflutningi. Markaðurinn hér er mettaður og mjög „stabil“ og ólíkt því sem margir vilja halda fram þá er sælgætissala búin að vera svipuð í mjög langan tíma og hefur ekkert verið að vaxa.“

Vörur Nóa eru nú fáanlegar í Bandaríkjunum, Danmörku, Svíþjóð og Rússlandi og fyrirtækið horfir nú einnig til Kanada. Verslanakeðjan Whole Foods í Bandaríkjunum selur fjórar tegundir af hreinu súkkulaði frá Nóa.

„Sem okkur þykir mikil viðurkenning fyrir okkar vörur, enda gerir Whole Foods miklar kröfur. Annars staðar á Norðurlöndunum erum við að selja ýmislegt eins og pokavörurnar okkar og lakkrísúkkulaði. Við erum að taka þetta



STÝRIR SKÚTUNNI Finnur Geirsson hefur verið forstjóri Nóa Síriusar frá árinu 1990.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

föstum tókum en það að flytja út er langtímaverkefni.“

Með 150 manns í vinnu

Nói Sírius rekur rætur sínar aftur til ársins 1920 þegar fyrirtækið Brjóstsykursgerðin Núi var stofnað. Um 150 manns starfa nú hjá fyrirtækinu í höfuðstöðvunum á Hesthálsi. Um 90 prósent hlutafjár eru í eigu afkomenda Hallgríms

Benediktssonar sem eignaðist fyrirtækið árið 1924.

„Við höfum byggt á innri vexti að mestu leyti en við keyptum í lok árs 1995 sælgætisfyrirtækið Ópal,“ segir Finnur.

Árið 1999 setti fyrirtækið upp framleiðslustarfsemi í Lettlandi. Ári síðar keypti það lettneska kekkframleiðslufyrirtækið Staburadze. Það fyrirtæki keypti síðan

meirihluta hlutafjár í stærsta sælgætisfyrirtæki Lettlands, Laima. Núi seldi sinn hlut í Laima/Staburadze í lok árs 2004 og tveimur árum síðar keypti fyrirtækið enska súkkulaðifyrirtækið Elizabeth Shaw. Núi seldi Elizabeth Shaw í maí 2009 og hefur síðan snúið sér alfarið að framleiðslu á eigin vörum fyrir innanlandsmarkað og útflutning.

PÁSKATILBOÐ

PHILIPS
47" 3D SMART LED
FULL HD SNJALLSJÓNVARP



FENGUM SENDINGU Á
STÓRLÆKKUÐU VERÐI
**TAKMARKAÐ
MAGN!**



Pixel
Precise HD

HD Natural Motion

SmartTV

Dual Core

Triple Tuner
DVB-T
DVB-C
DVB-S2

skype

WiFi
CERTIFIED

ambi light

Full HD
LED

EASY
3D

TILBOÐ

299.995

FULLT VERÐ 399.995

Philips 47PFL7108S

- Pixel Precise HD Dual core örgjörvi
- Ambilight Spectra 3 XL baklýsing
- 700Hz Perfect motion rate með micro dimming
- Perfect 3D Natural Motion

- Easy 3D
- Smart TV með opnum netvafrá
- Þráðlaust Wi-Fi með Miracast
- Innbyggð vefmyndavél fyrir Skype



Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

Steig fyrstu skrefin í Kringlunni

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar fasteignafélags, hefur starfað hjá félaginu frá stofnun þess árið 2002. Hann hefur starfað í fasteignageiranum frá árinu 1998 og undirbýr nú skráningu Eikar á markað.

SVIPMYND

Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

„Þessi vetur er búinn að vera mjög fjörugur enda miklar breytingar á fyrirtækinu, bæði með fjárfestingum í SMI-eignunum og Landfestum,“ segir Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar fasteignafélags.

Hann og aðrir starfsmenn Eikar hafa á undanförunum vikum og mánuðum unnið að breytingum á þeim fasteignum sem félagið keypti af SMI ehf. og tók við í febrúar. Einnig er unnið að skráningu félagsins á markað.

„Ef við byrjum fyrir norðan þá voru fjórtán laus verslunar-rými á Glerártorgi og nú, tveimur mánuðum síðar, eru einungis fimm rými laus á sama tíma og við eigum í við-ræðum við tvo aðila og fjórir eru á biðlista. Síðan erum við búin að loka samningum í Turninum í Kópavogi og erum að opna verslunarmiðstöð í Hafnarfirði þar sem ÁTVR var að opna nýja verslun,“ segir Garðar.

Hann er stúdent frá Verslunarskóla Íslands og lauk BA-prófi í heimspeki frá Háskóla Íslands. Þaðan lá leiðin til Manchester þar sem hann lauk

MBA-gráðu við Salford-háskóla árið 1997.

„Eftir nám byrjaði ég sem verðbréfamiðlari en það átti engan veginn við mig. Árið 1998 byrjaði ég síðan í fasteignageiranum þegar ég vann með Ragnari Atla Guðmunds-syni að stækkun Kringlunnar. Þar steig ég mín fyrstu skref í geiranum.“

Garðar vann á þeim tíma hjá Eignarhaldsfélagi Kringlunnar hf. sem síðar var sameinað Þyrpingu hf. undir nafni þess félags. Hann sagði skilið við félagið árið 2002 þegar það varð að Stoðum og síðar Landic Property.

„Þá var ég fenginn til að stofna Eikina sem var þá í eigu Lýsingar. Ég er því búinn að vera hér frá þeim tíma þegar ég sat einn við skrifborð á gangi Lýsingar við hliðina á mötuneyti félagsins, og nú er Eik á barmi skráningar.“

Garðar er í sambúð með Auði Finnbogadóttur, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga. Hann á þrjú börn á aldrinum sjö til sautján ára.

„Við ætlum að bregða okkur út til Danmerkur um páskana og heimsækja Lególand í tvo daga. En þegar ég er ekki í vinnunni eða með fjölskyldunni þá reyni ég að dröslast á fjöll í göngur og í golf á sumrin.“



Í BRANSANUM Í 16 ÁR Garðar lærði heimspeki og er með MBA-gráðu frá Manchester í Englandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einbeittur og mikill gestgjafi



„Þegar Garðar er ekki að hlúa að fasteignum í vinnunni þá er hann heima hjá sér að passa upp á garðinn, húsið og fjölskylduna og allt það. Svo er hann alveg rosa-lega skemmtilegur og vandaður náungi sem býr til heimsins bestu kokteila. Og það er sko ekkert smáræði þegar hann býður heim og upp á kokteila. Það er ekkert venjulegur mojito þar á borðum, heldur chili-mojito eða eitthvað álíka framandi. Hann er mikill kokkur og gestgjafi og er svolítið í tilraunastarfsemi í eldhúsinu eins og í kokteilgerðinni. Mér finnst hún Auður vinkona mín óþægilega vel gift. Það er lottó að finna karl eins og Garðar.“

Ásdís Halla Bragadóttir, stjórnarformaður Evu.



„Ég kynntist Garðari þegar hann varð starfsmaður Lýsingar hf. árið 2002 og vann að stofnun Eikarinnar, dótturfélags Lýsingar, og á hann reyndar allan heiðurinn af nafninu. Garðar var lítillátur en einbeittur og ákveðinn. Það kom strax í ljós að hann var með yfirgripsmikla fjármálaþekkingu, var skarpgreindur og með skipulagshæfileika, en það sem meira var hann gekk í öll verk, meðal annars forritun, og taldi ekkert eftir sér.“

Garðar hefur verið farsæll í starfi og byggt upp traust fyrirtæki sem nýtur virðingar. Á síðastliðnum árum hefur hann stýrt Eikinni farsællega í gegnum ólgusjó tíðra eigendaskipta. Er ekki að efa að heim-spekinámið hafi gert hann viðsýnni og oft nýst honum vel í snúnum aðstæðum.“

Ólafur Helgi Ólafsson, hjá Marcus ráðgjöf ehf.

ORRI HAUKSSON

Boðar frekari hagræðingu og skráningu í Kauphöll

Orri Hauksson, forstjóri Símans, á að baki fjölbreyttan feril. Hann var m.a. aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar forsætisráðherra, var framkvæmdastjóri hjá Novator, fjárfestingafélagi Björgólfs Thors Björgólfssonar, og þá var hann framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins þangað til hann tók við starfi forstjóra Skipta, móðurfélags Símans, í nóvember í fyrra. Orri gekk hreint til verks hjá Símanum og fækkaði framkvæmdastjórum. Hann lét sameina Skipti og Símann að nýju í eitt félag sem hann stýrir. Orri fer yfir skipulagsbreytingarnar hjá félaginu og framtíð Símans í nýjasta Klinkinu sem má sjá á forsiðu Vísis.

5 stærstu hluthafar Símans

- Arion banki hf. 38,3%
- Lífeyrissjóður verslunarmanna 13,2%
- Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 12,0%
- Gildi lífeyrissjóður 4,9%
- Íslandssjóðir 4,8%

Svo Síminn nái markmiðum sínum verður fyrirtækið að kynna nýja þjónustu. Hvað á þetta að vera? „Tekjustraumarnir sem voru í upphafi þessa áratugar eru að þverra og verða í lok þessa áratugar kannski bara helmingur þess sem þeir voru í upphafi. Eitthvað nýtt þarf að koma í staðinn. Við þurfum að kosta minna, hafa færri fólk og meiri sjálfvirkni. Við erum að fækka fólk og vorum að því í síðustu viku. Og við munum halda því áfram. Nýjar vörur munu felast í lífsstíls-, öryggis- og heilbrigðisvörum og hins vegar afþreyingarvörum.“

Er slagurinn við Netflix ekki tapaður því Ísland er bara nálarauga í hinu stóra samhengi hlutanna?

„Ég held að hluti af svarinu sé jú, það er tapaður slagur fyrir staðbundna aðila eins og Símann eða 365 að reyna að vinna einhvern alþjóðlegan slag á Íslandi. Hins vegar er ekki allur slagur alþjóðlegur. Það er mikil eftirspurn eftir staðbundnu efni. Vinsælasta efnið hér er oft íslenskt efni.“

Hvenær fer Síminn á markað?

„Það hefur ekki verið ákveðið. Við búumst við því að það verði ekki síðar en vorið 2015. Jafnvel fyrr. Það er búið að vinna talsverða vinnu. Við gætum farið frekar hratt inn. Við þurfum bara nokkurra mánaða fyrirvara.“

Var ekki ágreiningur um ráðningu þína á meðal hluthafa Skipta/Símans? „Ég las um það eins og þú hefur gert, en ég þekki það ekki frá fyrstu hendi. Ég sótti bara um og fór í gegnum þetta ferli og var ráðinn að lokum.“

Hvað var að rekstrinum hjá Skiptum? „Síminn var seldur á mjög háu verði 2005 þegar ríkið gerði gott mót. Kaupin voru fjármögguð með lánsfé í erlendri mynt. Skuldsetningin var vandamálið. Stóra breytingin sem verður að eiga sér stað er að halda niðri kostnaði og búa til nýjar vörur.“

ÞAÐ ERU ENGIN PLÖN UM AÐ SELJA FJÖLMÍÐLAFYRIR-TÆKIÐ SKJÁINN FRÁ SÍMANUM.

klínkið

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@365.is



Viðtalið við Orri Hauksson er hægt að sjá í þættinum Klinkinu á www.visir.is.



Make it matter



étt Aðeins 1,49 kg þunn Aðeins 1,59 cm & sterk

HP EliteBook Folio 1040 G1
með Intel® Core™ i7-4600U örgjörva.

Framúrskarandi hönnun, létt, þunn og sterkbyggð

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi. Jafnvel kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.



UltraSlim tengikví fyrir skrifstofuna.*



Létu þér lífið.



Solid State diskur (SSD).



3 ára ábyrgð á rafhlöðu.

*aukabúnaður

Kynntu þér EliteBook nánar á
www.ok.is

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/þá öðrum löndum, Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið



Dómur um gjaldtöku á Geysissvæðinu sýnir að nýrrar nálgunar er þörf:

Einhver borgar

Ferðapjónusta er stærsta útflutningsgrein landsins. Tekjur af ferðamönnum námu samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands tæpum 275 milljörðum króna og enn er spáð aukningu ferðamanna.

Aukinn ferðamannastraumur kallar um leið á fjárfestingu í innviðum þjónustunnar og gengur illa að negla niður leiðir í þeim efnum. Raunar hefur alltaf verið eins og að kreista blóð úr steini að fá ríkið til að leggja peninga í uppbyggingu á vinsælum ferðamannastöðum.

Um það geta til dæmis vitnað landeigendur á Geysi, sem áratugum saman hafa talað fyrir uppbyggingu og viðhaldi á staðnum, enda einn af þeim fjölsóttari hér á landi, án þess að með-eigandinn, ríkið, brygðist við svo nokkru næmi. Því var viðbúið að eitthvað myndi undan láta þegar hér varð sprenging í fjölda ferðamanna sem ekki sér fyrir endann á.



Markaðshornið
ÓLI KRISTJÁN
ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is

Á meðan leitað er leiða og stefna mótuð gætu landeigendur hins vegar prófað gjaldtöku sem síður yrði umdeild og fylgir jafnvel minna umstang.

ekki að leita lengi áður en komið er að sköttum sem eyrnamerkir voru einhverjum verkefnum en fara svo í eitthvað allt annað, svo sem gjöld sem lögð eru á eldsneyti.

Á meðan leitað er leiða og stefna mótuð gætu landeigendur hins vegar prófað gjaldtöku sem síður yrði umdeild og fylgir jafnvel minna umstang en að fólk standi kraftgallaklætt við náttúruundur okkar og rukki aðgangseyri. Erlendis eru dæmi um að gjald sé tekið fyrir bílastæði á vinsælum ferðamannastöðum.

Geysir virðist henta ágætlega fyrir slíka gjaldtöku þar sem tollhliðin yrðu að bílastæðunum í staðinn fyrir hverasvæðið. Þá mætti líka stýra gjaldtöku þannig að hópferðabifreiðar greiði sérstakt gjald og þá veita afslátt þeim sem tíðar ferðir eiga á svæðið.

Þótt einhver fjárfesting sé sjálfsagt falin í gjaldtökubúnaði bílastæða verður líklegt að teljast að meiri sátt gæti orðið um slíka innheimtu, sem um leið ýtir undir vistvæna ferðamennsku á reiðhjólum.

Löjulaus eftir fjöldauppsagnir í tóbaksverksmiðjum



ATVINNULAUS Starfsmenn Seita-Imperial Tobacco-verksmiðjunnar í Carquefou í Frakklandi stóðu verklausir fyrir utan inngang verksmiðjunnar en Imperial Tobacco tilkynnti um lokun hennar í gær. Tilkynnt var um lokun verksmiðja fyrirtækisins bæði í Frakklandi og Bretlandi en 900 manns misstu við það atvinnuna. Minnkandi sala í Evrópu ásamt stífarri lagasetningu gegn reykingum varð til þess að svona fór. Breska verksmiðjan er í Nottingham í Englandi en þar störfuðu 540 manns. Í Carquefou glötuðu 327 vinnunni við lokunina í gær.

NORDICPHOTO/AFP

Heildarmynd af höftunum: Erlendar skuldir og forsendur afnáms

SKOÐUN

Björn Brynjólfur Björnsson
hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands



Erlendar skuldir og greiðsluvandi þjóðarinnar eru nú í brennidepli efnahagsumræðunnar. Helsta áhyggjuefnið snýr að umfangi þessara skulda og stórum afborgunum erlendra lána á næstu árum. Þessir þættir geta ógnað jafnvægi hagkerfisins og komið í veg fyrir að hægt sé að aflétta fjármagnshöftum.

Erlendar skuldir þurfa að nýtast til uppbyggingar hérlendis

Íslenska hagkerfið hefur viðhaft neikvæða erlenda skuldastöðu um árabíl og landið er í dag mun skuldugra en nágrannaríkin. Skuldastaðan er nær stöðu hinna svokölluðu PIIGS-ríkja, en þau lentu í vandræðum með erlendar skuldir sínar í evrukrísunni á árunum 2009-13 (mynd 1). Hærra skuldahlutfalli fylgir aukin hættu á efnahagslegum óstöðugleika auk þess sem háar vaxtagreiðslur úr landi draga úr þrótti hagkerfisins til lengri tíma litið.

Neikvæð erlend skuldastaða getur verið eðlileg ef hún skýrist af fjárfestingum sem auka útflutningstekjur og framleiðslugetu hagkerfisins. Í dag orsakast hún hins vegar að miklu leyti af skuldum við aðila sem ekki vilja fjárfesta hér til langs tíma. Þessum skuldum þarf að skipta

út fyrir fjármagn sem nýtist til uppbyggingar atvinnulífs hérlendis til að ekki sé vegið að framtíðarvexti hagkerfisins.

Greiðsluvandinn og snjóhengjan leggast saman

Án endurfjármögnunar núverandi skulda nemur halli á gjaldeyrisflæði til og frá landinu um 750 ma. kr. yfir næstu sex ár vegna hárra afborgana erlendra lána. Þetta er hinn svokallaði greiðsluvandi íslenska þjóðarvaxta og úr honum þarf að leysa af afnáms hafta á að vera möguleiki.

Í ofanálæg þarf að vera til staðar nægur gjaldeyris til að losa um snjóhengjuna, þ.e. greiða fyrir útgöngu þeirra aðila sem vilja færa fjármuni sína úr landi við afnáms (mynd 2). Séu þessir tveir þættir lagðir saman gæti gjaldeyrisþörfin numið um 130% af landsframleiðslu.

Langtímastefna og afnámsáætlun skipta miklu fyrir framtíðina

Afnám hafta mun að miklu leyti velta á því hvort innlendir aðilar geti mætt þessari miklu endurfjármögnunarförf með sjálfbærum hætti. Í því felst að „óþolinmóðu“ fjármagni verði skipt út fyrir erlent langtímafjármagn á hagstæðum kjörum. Til að svo megi verða þarf aukin víska að ríkja um framtíðarhorfur hagkerfisins, bæði til lengri og skemmri tíma.


Langtímastefna í efnahagsmálum þarf að tryggja áfram-

haldandi uppbyggingu útflutningsgreina, bættu framleiðni og opnun hagkerfisins fyrir erlendra samkeppni og fjárfestingu. Slík stefna mun leiða til aukinnar tiltrúar innlendra og erlendra aðila á íslensku efnahagslífi, sem örvar fjárfestingu og bætir vaxtakjör innlendra aðila. Ef Íslandi tekst að skapa skilyrði fyrir sterkum útflutningsdrifnum hagvexti á næstu árum myndast því mun sterkari grundvöllur fyrir afnámi hafta en ella.

Útfærsla á afnámi haftanna þarf að styðja við langtíma-stefnuna. Fyrirtæki í alþjóðlegri starfsemi munu hafa ráðandi áhrif á framtíðarvöxt útflutningstekna. Til að stjórndur þeirra kjósi að byggja upp starfsemi hérlendis er nauðsynlegt að þeir trúu að afnáms hafta sé í sjónmáli. Einnig þarf að leysa úr vanda fjármálakerfisins, sem er að meirihluta í eigu þrotabúa í dag og skortir erlenda fjármögnun til að styðja við alþjóðlegan vöxt íslenskra fyrirtækja. Þá þurfa einstaklingar að geta ávaxtað sparifé sitt erlendis, bæði í gegnum lífeyrissjóði og á eigin vegum, svo þeir njóti sömu tækifæra og íbúar annarra ríkja. Til að afnámsáætlun verði trúverðug þarf hún að ná heildstætt yfir vanda allra þessara aðila. Takist að leggja fram slíka áætlun mun tiltrú á íslenskt efnahagslíf aukast nær samstundis og róðurinn verða mun auðveldari í kjölfarið.

Gjaldeyrisþörf þjóðarvaxta


Ma. kr./Hlutfall af landsframleiðslu



1) Landsbankabréf er fráregið þessum þrotabúum þar sem það er innifalið í gjaldeyrisútfærslu. Með Landsbankabréfi er umfang þrotabúanna 785 ma. kr. eða 44% af landsframleiðslu.

Erlend staða

Hlutfall af landsframleiðslu (2012)



1) Tölur fyrir árið 2013. Án krafna erlendra aðila á þrotabúin, en með áætlun Seðlabankans á áhrifum af uppgjöri þeirra.

ASUS PRO ADVANCED



14" mattur HD skjár sem minnkar endurkast í dagsljósi. 178° Wide-view fyrir breiðara sjónarhorn.

Örþunn til að ferðast með og aðeins 1.64 kg.

Stórt og þægilegt chicklet lykklaborð sem auðveldar áslátt og er vökvahelt.



Harðgerður SSD diskur sem þolir meira hnjask en í hefðbundnum fyrirtækjafartölvum og stenst ítrustu kröfur um gagnaöryggi.

Fingrafaraskanni tryggir skjótan aðgang og notendaöryggi.

ASUS

STERKBYGGÐ OG ÖRUGG

Ný Ultrabook Pro tryggir öryggi gagna fyrirtækisins í fartölvunni. Dulkóðaður SSD diskur með TPM, vökvahelt lykklaborð og fingrafaraskanni. Umgjörð úr magnesíum, ál- og koltrefjablöndu sem þolir meira hnjask en er jafnframt mjög létt og meðfærileg.

Traust fartölva fyrir fyrirtæki sem gera kröfur um gæði, gagnaöryggi og lága bilanatíðni.

HAFÐU SAMBAND

Fyrirtækjapjónusta Tölvulistans leggur áherslu á að bjóða fyrirtækjum gæðabúnað frá þekktum og traustum framleiðendum í öllum vöruflokkum.

Hægt er að fá tilboð og nánari upplýsingar hjá fyrirtækjapjónustunni í s. 414-1710 eða sala@tl.is.



FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA



5-6%

Vöxtur í einkaneyslu

Kortavelta innanlands jókst að raungildi um 6,2% í mars síðastliðnum en kortavelta erlendis um 12,5%. Vöxturinn var á svipuðum nótum á heildina litið og var fyrstu tvo mánuði ársins. Greining Íslandsbanka telur að einkaneysluvöxturinn á fyrsta ársfjórðungi gæti reynst 5-6% frá sama tíma í fyrra sem yrði þá hraðasti vöxtur einkaneyslu frá árinu 2011, ef ekki lengur.

6,7%

Velta dregst saman

Velta í dagvöruverslun dróst saman um 6,7% á föstu verðlagi í mars miðað við sama mánuð í fyrra og minnkaði um 5,8% á breytilegu verðlagi. Leiðrétt fyrir vikudaga- og árstíðabundnum þáttum jókst velta dagvöruverslana í mars 2,2% frá sama mánuði árið áður. Verð á dagvöru hækkaði um 0,9% á síðastliðnum 12 mánuðum.

15.04.14 „Fátækt barnafjölskyldna er ekki síst tilkomin vegna allt of mikillar gjaldheimtu, meðal annars borgarinnar. Það er ólíðandi að til viðbótar við húsnæðis- og samgöngu-kostnað þurfi fólk að borga upp undir milljón á ári fyrir leikskóla, skólamáltíðir og frístundaheimili. Frístundastyrkur upp á 1.200 krónur á mánuði leysir ekki þann vanda.“

Sóley Tómasdóttir,
borgarfulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs



500 MILLJÓNIR

Twitter kaupir Gnip

Samskiptafyrirtækið Twitter hefur keypt greiningarfyrirtækið og samstarfsfélagann Gnip, sem hefur greint yfir 500 milljónir Twitter-færslna daglega fyrir auglýsendur, pólitíkusa og aðra viðskiptavinum fyrirtækisins. Twitter sagði í gær að Gnip spilaði nú þegar lykilhlutverk hjá fyrirtækinu. Notendur Twitter voru yfir 240 milljónir á árinu 2013.



Hin hliðin
GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI FRANKLINCOVEY
ICELAND

100, 10, 1

Síðastliðna viku bar ég gæfu til að vinna með sjö stjórnendateymum úr hópi nokkurra farsælustu fyrirtækja og stofnana landsins: tvö þeirra fögnuðu 100 ára starfsafmæli sl. ár, tvö þeirra eru skráð í erlendar kauphallir og tvö þeirra samanstanda af hópi framsækinnna frumkvöðla sem sækja fram af íslensku hugviti með sannreyndum árangri. Og einn hópurinn ber ábyrgð á stjórnskipan lýðveldisins og þjóðmenningu – hvorki meira né minna!

Ef ég ætti að kortleggja DNA árangurs þessara einstöku hópa íslenskra forgöngumanna er gott að minnast orða Jóhannesar Kjarval: „Það er heimikið fyrirtæki að vera manneskja.“

- Í stefnu og sókn tel ég að þessir einstaklingar horfi meðvitað og ómeðvitað til næstu 100 ára og spyrji sig – hvert er varanlegt framlag okkar til nær- og fjarsamfélags okkar? Þó svo að allt sé breytingum háð, þá mótast sú langtímasýn ramma daglegrar starfsemi, sá tilgangur kallar á ábyrgð og ánægju allra starfsmanna og hjálpar þeim að halda fókusi dagsins önn.

- Í áætlanagerð og samningum sé ég þessa stjórnendahópa taka mið af taktísku 10 mánaða plani. Þau sækja fram af festu og aga og hafa kjarkinn til að taka ákvarðanir með því að treysta á kjarnahæfni sinna vinnustaða. Þetta hafa þau lært af oft biturri reynslu og áföllum til jafns við tímabil farsældar, sem og með því að læra af reynslu og rannsóknum annarra.

- Í ákvarðanatöku og áhrifum sé ég þessa stjórnendahópa muna að það er augnablikið sem gildir. Hver þessara leiðtoga hefur áhrif á hundruð manna innan og utan sinna vinnustaða á hverjum sólarhring – með nærveru sinni og fjarveru. Hvern 1 asta dag – er það orðið, athöfnin og augnablikið sem gildir. „There is no try – only do“ sagði spekingurinn Yoda.

Og eitt enn. Þetta eru vinnustaðir sem bera virðingu fyrir fólki. Þrátt fyrir lögskipað vald, glæsilegan flota og framleiðslueiningar, sögulegar eignir, flottustu ferlin og tækin, magnaða hönnun og hugbúnað muna þessir stjórnendur að hið eina sanna samkeppnisforskot liggur í fólkinu. Þeir þekkja hvernig einstaklingar blómstra þegar þeir fá traustið, frelsið og tækifærið til að bera ábyrgð. Þeir þekkja hvernig hópar magna mátt einmana hugmyndar – hvernig stök frumefni mynda saman töfraformúlur sem breyta og bæta heimsmynd okkar. Þeir þekkja hvernig teymi sem taka mið af trúverðugum gildum byggja upp menningu árangurs. Og þeir vita að öflug vinnustaðamenning er hið sanna samkeppnisforskot.

Ég hlakka til að að fylgjast með vaxandi íslenskum leiðtogum hafa áhrif á komandi kynslóðir. Fagnaðu hverjum degi eins og þú myndir lifa í 100 ár. Hugsaðu um áhrif hverrar ákvörðunar a.m.k. næstu 10 mánuði. Njóttu hverrar stundar eins og þú lifir bara þennan 1 dag. Carpe diem.



Frestur til
að senda tilnefningar
er til miðnættis þann
23. apríl

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2014

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

1 Hvunddagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hleknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfléiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í maí.



HAFÐU ÞAÐ GOTT UM PÁSKANA



**VALETTE
ANDABRINGUR**
3.999 kr/kg
verð áður 4.399



ALLT HRÁEFNI Í
WELLINGTON FÆST Í
HAGKAUPI!

**NAUTALUNDIR
INNFLUTTAR**
3.599 kr/kg
verð áður 3.998



**KALKÚNN
FERSKUR, ÍSLENSKUR**
1.699 kr/kg
verð áður 1.899

NÝ SENDING
FRÁ ÍTALÍU



Ítalíu hráskinka í úrvali



Hagkaups sultur
Papríku og chilisulta, berjasulta.



Franskir ostar

Frábært úrval af erlendum ostum og
ennþá meira úrval af ostum í osta- og
sælkeraborði okkar í Kringlunni.

HAGKAUP
VEISLULÆRI
MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM

HAGKAUP
MÆLIR
MEÐ

TILBOD
30%
afsláttur á kassa

HAGKAUP
MERKIÐ
TRYGGIR
GÆÐIN

Við notum eingöngu sérvalin
lambalæri sem eru krydduð
með fersku rósmarín, stein-
selju, timian, söxuðum hvít-
lauk, sítrónu, chili pipar, salti
og olíu. Útkoman er einstök.
Hentar hvort sem er í ofninn
eða á grillið.

**HAGKAUPS
VEISLULÆRI**
1.819 kr/kg
verð áður 2.598



Tonitto Gelato
Ekta ítalskur gelato
beint frá ítalíu.




• Bæjuber
• Kirsuber
• Trönuber



• Jarðarber
• Rífsber
• Brómber



• Hindber
• Bláber
• Vínber



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

MESTA ÚRVALIÐ AF PÁSKAEGGJUM?

TROÐFULLT
AF NAMMI!



Risaegg
1.350 gr.

NÝTT!

Nizza bragðrefur
Með blönduðu
sælgæti í skelinni.

Konfekt egg
Stútfullt af konfekt.

HJÁ OKKUR
FÆRÐU GOSIÐ
KALT Í KÆLINUM!

Spadómsegg
Siggu Kling

NÝTT!

Sirius Konsum
Dökkt súkkulaði,
6 egg saman í pk.

Úrval fyrir páskaborðið



Valor súkkulaði

Hágæða spænskt súkkulaði framleitt frá árinu 1881.



Kaffi Gull

Fyrsta blanda Te & Kaffi og hefur lengi verið ófánleg. Til að fagna þremur áratugum bjóða Te & Kaffi upp á kaffið sem kom þeim á kortið.

Meðalristuð blanda tegunda frá S-Ameríku, Afríku og indónesíu. Góð fylling og léttkryddaður keimur prýðir þessa úrvals kaffiblöndu.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Grátur og gnístran tanna í Reykjavík

Heimili: Reykjavík.
Velferð: ?

Okkur skortir rannsóknir en vitum þó að margir borgarbúar eru hjálparþurfi. Aldraðir, veikir, fatlaðir, efnalitlar fjölskyldur, námsmenn, fíklar, heimilislausir, útlendingar, atvinnuleitendur, fangar, skuldarar, börn og unglingar sem búa við erfiðar heimilisástandstæður eða kljást við vanlíðan af öðrum sökum... listinn er langur.

Borgin stendur sig ekki vel í að rétta hjálparhönd. Ástæður eru m.a.:

- peningaskortur.
- kerfisbákn og regluveldi sem þarf að taka til í.
- þekkingarskortur á aðstæðum borgarbúa.
- hugsunarleysi.
- vond lög og reglugerðir.
- forréttindi sem fast er haldið í.
- lélegt upplýsingakerfi og skertur aðgangur fólks að vitneskju um málefni sem það varðar.
- hræðsla við breytingar.

Kerfið ver alltaf sjálft sig, rétt eins og valdamiklir völdin sín og auðmenn peningana sína. Þess vegna þurfum við „counter-strike“; öflugt aðhald og sterka mannréttindagátt sem verkar eins og gagnarárs ef stjórnkerfi borgarinnar fer að ganga á réttindi borgaranna og borgin hættir að rækja skyldur sínar.

Í Reykjavík er grátur og gnístran tanna daglegt brauð á mörgum heimilum, þar með töldum elliheimilum, fangelsum, sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, sambýlum o.fl. þar sem fólk heldur heimili, nauðugt eða sjálfviljugt. Fjöldi fólks glímir ekki bara við fjárhags-, skulda- og húsnæðisvandamál heldur líka áhyggjur af börnunum sínum, einmanaleika, næringarskort, áhrifaleysi og lamandi þreytu, uppgjöf og úrræðaleysi þess sem stendur andspænis ofurvaldi gamalgróins kerfis. Því sem næst öll orka margra fer í að sækja rétt sinn til borgarinnar og/eða verjast ofurkröfum banka og lögfræðinga, í stað þess að byggja sig upp, gefa af sér, ná heilsu, vinna, mennta sig og vera með fjölskyldu sinni og fleira fólki.

Þið ykkar sem eruð í góðum málum, lokið augunum skamma stund og ímyndið ykkur hvernig það er að horfa í augun á svöngu barni og segja „því miður“ eða streituna sem fylgir öllum erfiðleikum sem taldir eru upp hér að framan. Þeir eru raunveruleg viðfangsefni margra Reykvíkinga.

Hvað er til ráða? Hér eru nokkrar tillögur. Borgin getur:

1. Greitt öllum Reykvíkingum grunnframfærslu.
2. Léð þeim húsrúm sem vantar samastað. Borgin á yfir 300 fasteignir og getur samið um að fá fleiri, t.d. frá Íbúðalánasjóði.
3. Bóðið borgurum upp á hollan morgunverð.
4. Gert leikskólann gjaldfrjálstan.

SAMFÉLAG



Kristín Elfa Guðnadóttir
mannfræðinemi

5. Spurt borgaranna sjálfa hverju þarf að breyta.

6. Innleitt áætlun undirritaðrar um nýjar leiðir fyrir þá sem skulda Reykjavíkurborg. Sjá „Ég skil! Skuldaskil“ á blog.piratar.is/kristin.

7. Haldið alþjóðlega samkeppni í formi fjársjóðsleitar: „Leitin að nýjum tekjulindum fyrir Reykjavík.“

8. Einfaldað stjórnun borgarinnar, aukið aðgengi að upplýsingum og skilgreint alla aðstoð

við borgarbúa upp á nýtt með einfaldleika og gagnsæi í forgrunni.

9. Komið því skýrt á framfæri hverjar skyldur borgarinnar og réttindi borgarbúa eru.

10. Komið á alvöru þátttöku-lýðræði.

11. Nýtt borgarbyggingar betur undir samveru borgarbúa, tómstundir, fræðslu, sam hjálpa og vinnuskipti. Húsnæði er vannýtt til dæmis í kirkjum og félagsmiðstöðvar hafa breyst í „eitt-hvað sem er til úti á landi“ að miklu leyti.

12. Hér má hlaða inn öllu þessu góða sem við getum farið að hugsa um þegar við höfum þak yfir höfuðið, mat á borðið og erum ekki að sligast af áhyggjum út af skuldum og velferð barnanna okkar.

Það er léleg klisja að við getum engu breytt. Það hefur þvert á móti aldrei neitt breyst nema einmitt vegna þess að einstaklingar tóku sig saman og breyttu því, svo vitnað sé til orða mannfræðingsins Margaret Mead.

Við getum breytt borginni í betri samastað.

→ Í Reykjavík er grátur og gnístran tanna daglegt brauð á mörgum heimilum, þar með töldum elliheimilum, fangelsum, sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum, sambýlum o.fl. þar sem fólk heldur heimili, nauðugt eða sjálfviljugt.



gulur

súkkulaði
ungi páska helgi
pálmar fjölskylda passía
samvera kerti útivist
páskaungi hátíð
súkkulaði egg sálmur tágakarfa
gleðilega páska
eggjaleit kanína málsháttur
veisla páskalilja
hreiður páskahret messa
vorblóm egg dúkur frí
gulur túlípani kaffiboð
föndur tryggðablóm
sunnudagur konfekt
páskalambið
skraut páskasól
servíettur krókus

OPIÐ Í DAG

10-20

SKEIFAN | DALVEGUR
SKÚTUVOGUR

OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

VÍNBUÐIRNAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU OG AKUREYRI

| | |
|--|-------------------|
| Miðvikudagur 16. apríl | OPIÐ 11-19 |
| Dalvegur, Skeifan og Skútuvogur | OPIÐ 10-20 |
| Skírdagur | LOKAÐ |
| Föstudagurinn langi | LOKAÐ |
| Laugardagur 19. apríl | OPIÐ 11-18 |
| Páskadagur | LOKAÐ |
| Annar í páskum | LOKAÐ |

Kynntu þér páskaopnun allra Vínbúða á vinbudin.is
eða á farsímavef okkar m.vinbudin.is.

VÍNBUÐIN

GEFÐU
VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar

MERKISATBURÐIR


1915 Gullfoss, fyrsta skip Eimskipafélags Íslands og jafnframt fyrsta vélknúna millilandaskipið sem smíðað er fyrir Íslendinga, kemur til Reykjavíkur.

1919 Mahatma (Mohandas) Gandhi skipuleggur dag föstu og bæna til að mótmæla fjölda-morðum Breta á indverskum mótmælendum í Amritsar.

1946 Sýrland hlýtur sjálfstæði.

1947 Sprenging verður í flutningaskipi í höfninni í Texas City í Bandaríkjunum. Eldurinn breiðist út um borgina og yfir 600 manns farast.

1954 AA-samtökin á Íslandi eru stofnuð.



JÓHANNA Allar myndirnar í seríunni voru teknar í eldgömlum heimavistarskóla í Lettlandi á stafræna Hasselblad-myndavél.

MYND/BJARGEY

Var bara með vasaljós

Listakonan Bjargey Ólafsdóttir ætlar að sýna ljósmyndir í Edinborgarhúsinu á Ísafirði um páskana, renna sér á skíðum og skemmta sér á rokkhátíðinni Aldrei fór ég suður.

Bjargey Ólafsdóttir er að pakka niður fyrir flug til Ísafjarðar þegar ég heyri í henni. Þar ætlar hún að byrja á að hengja upp ljósmyndir í sýningararrýminu Slunkaríki í Edinborgarhúsinu, stórar, óræðar litljósmyndir af stúlkunni Jóhönnu.

„Ég er að reyna að vekja sömu stemningu og í málverkum, með myndavélinni. Þetta er svolítið eins og að mála með ljósi. Að fanga hið óræða er það sem ég er að reyna að glíma við,“ útskýrir Bjargey. Spurð hvort hún noti tölvuna til að fá fram það sem hún ætlar sér, harðneitar hún því. „Það er ekkert gert í tölvu. Ég tók þessar myndir í eldgömlum heimavistarskóla í Lettlandi á stóra digital Hasselblad-myndavél sem vinur minn lánaði mér. Ég hef áður gert seríu sem heitir Tíra, þar sem ég spáði mikið í liti og ljós. Þá var ég að vinna með sólarljósið. Í þetta sinn

var ég bara með vasaljós.“ Þegar ég gúggla Bjargeyju sé ég að hún hefur einmitt verið tilnefnd til ljósmyndaverðlaunanna Deutsche Börse og Godowski Colour fyrir seríuna Tíru.

Hún er ekki einhöm í listinni hún Bjargey því hún bindur sig ekki við neina eina aðferð til að koma hugsunum sínum á framfæri heldur fæst við kvikmyndagerð, skriftir, hljóðverk, gjörninga, teikningu, málnu og ljósmyndir. „Ég nota þann miðil sem hentar hugmyndinni hverju sinni,“ segir hún.

En af hverju að sýna á Ísafirði. Er hún að vestan? „Nei, en ég hef komið þangað nokkrum sinnum og finnst Ísafjörður heillandi bær. Það verður fínt að komast á skíði og svo auðvitað á Aldrei fór ég suður. Mundu að segja rokkurum að mæta.“

gun@frettabladid.is



LISTAKONAN „Mér finnst Ísafjörður heillandi bær,“ segir Bjargey, sem er með sýningu í Slunkaríki um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Okkar ástkæri

GUÐMUNDUR JÓHANN ARASON
Langholtsvegi 177,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 9. apríl. Jarðsett verður frá Langholtskirkju þriðjudaginn 29. apríl kl. 13.00.

Vala Sigríður Guðmundsdóttir Yates
Rögnvaldur Guðmundsson
Ari Hlynur Guðmundsson

Anna Hólmfríður Yates

Jón Guðni Arason
Aðalgeir Arason
Einar Sigurbergur Arason

Margrét Þorbjörg Þorsteinsdóttir



ADALHEIÐUR JÓNSDÓTTIR
frá Þórshöfn á Langanesi,

sem lést 1. apríl hefur verið jarðsett í kyrri þey að eigin ósk. Bestu þakkir til starfsfólks Sólúns fyrir frábæra umönnun.

Sigríður Gunnarsdóttir
Gautur Elvar Gunnarsson
og aðstandendur.



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

ELÍNAR FRÍÐRIKSDÓTTUR
frá Hjarðarhaga, Eyjafjarðarsveit.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð fyrir ómetanlega umönnun og hlýhug. Guð blessi ykkur öll.

Ragnheiður Snorraddóttir
Óddný Snorraddóttir
Sigurður Snorrason
Friðrik Snorrason
Snorri Snorrason
Haraldur Haraldsson
Anna Sigríður Haraldsdóttir
Ólöf Guðrún Helgadóttir
Heiða Dís Einarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langlangafi,

HARALDUR HERMANSSON
frá Yzta-Mói, Fljótum,
Sauðárkrúki, Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki fimmtudaginn 3. apríl. Útförin fer fram frá Sauðárkrúkskirkju laugardaginn 19. apríl kl. 11.00. Jarðsett verður að Barði í Fljótum.

Guðmunda Hermansdóttir

Jóhanna Petra Haraldsdóttir
Linda Nína Haraldsdóttir
Lára Gréta Haraldsdóttir
Þróstur Georg Haraldsson
Ellen Hrönn Haraldsdóttir
Stefán Logi Haraldsson
Róbert Steinn Haraldsson
Haraldur Smári Haraldsson
afabörn, langafabörn og langlangafabarn.
Sigurhanna Ólafsdóttir
Jónas Svavarsson
Jón Eðvald Friðriksson
Magnús Sigfússon
Guðrún Haraldsdóttir
Gunnar Björn Ásgeirsson
Inga Sesselja Baldursdóttir
Erla Valgarðsdóttir
Eydis Eysteinsdóttir



Þökkum innilega samúðarkveðjur og hlýhug vegna andláts ástkærs eiginmanns, föður, tengdafaður og afa,

MAGNÚSAR BJÖRNSSONAR
frá Flögu í Vatnsdal,

sem lést 26. febrúar. Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar í Kópavogi og Karítas fyrir einstakan stuðning og hlýju.

Hallfríður Kristín Skúladóttir
Elsa Lyng Magnúsdóttir
Stefán Torfi Höskuldsson
og afabörn.



Ástkæri, yndislegi sonur okkar, bróðir, frændi og mágur,

ÓLAFUR FREYR HERVINSSON

lést á heimili sínu miðvikudaginn 9. apríl. Útför hans fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 25. apríl kl. 14.00.

Margrét Skarphéðinsdóttir
Sigurður S. Hervinsson
Herdís K. Hervinsson
Margrét Heiðrún Harðardóttir
Ólöf Erla Sigurðardóttir
Gabriel Þór Sigurðsson

Þórður Ingimarsson
Ása Lára Þórisdóttir



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

FRÍÐRIKS HARALDSSONAR
bakameistara.

Steina Margrét Finnsdóttir
Haraldur Friðriksson
Finnur Þór Friðriksson
Dröfn Friðriksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ásrún Davíðsdóttir
Jóhanna Björnsdóttir
Arnþór Þórðarson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

GUÐRÍÐAR JÓNU INDRÍÐADÓTTUR

sem lést á Landakoti 8. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrri þey.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar,
GUÐNÝ GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

lést laugardaginn 12. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

Guðrún Rósa Michelsen
Lilja Dóra Michelsen
Frank Úlfar Michelsen
Hlynur Jón Michelsen
Anna Birna Michelsen



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

ELÍN DAVÍÐSDÓTTIR
til heimilis að Stóragarði 28,

lést laugardaginn 12. apríl sl. Jarðarförin fer fram þriðjudaginn 22. apríl kl. 15 frá Fossvogskirkju.

Bergljót Gyða Guðmundsdóttir
Kolbrún María Guðmundsdóttir
Kristján Páll Guðmundsson
Óskar Gíslason

Ragnar Sigurðsson



TILBOÐSDAGAR
legsteinar og fylgihlutir
10-50% afsláttur

Mikið úrval - Vönduð vinna

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



PÁSKALÆRIÐ

Í Iceland færðu allt sem þú þarft fyrir páskahátíðina



1098 kr. kg.

1. FLOKKS LAMBALÆRI FRÁ FJALLALAMBI

OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

SKÍRDAGUR: Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi og Engihjalla.
FÖSTUDAGURINN LANGI: Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi. Opnum á miðnætti í Engihjalla.
LAUGARDAGUR: Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi og Engihjalla.
PÁSKADAGUR: Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi. Opnum á miðnætti í Engihjalla.
ANNAR Í PÁSKUM: Opið allan sólarhringinn í Vesturbergi og Engihjalla.

PIPAR YTBVA • SÍA • 141161

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.



148

Ora grænar baunir
420 g



278

Rauðkál
Ora, 580 g



998

Coca Cola
4x2 l



1698 kr. kg.

Lambahryggur
Fjallalamb



2998 kr. kg.

Amerískt kalkúnaskip
frá Ísfugli



3398 kr. kg.

Kalkúnabringa
frá Ísfugli



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ENGIHJALLA OG VESTURBERGI

Iceland



NÝTT

KL. 20:10

Death Comes To Pemberley

Bresk framhaldsmynd í þremur hlutum sem skartar sömu persónum og áhorfendur þekkja úr sögunni Pride and Prejudice eftir Jane Austen.

Frábært miðvikudagskvöld

KL. 21:15

Grey's Anatomy

Tíunda sería þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg.



KL. 22:00

Rita

Önnur þáttaröðin um Ritu, kennslukonu á miðjum aldri, sem fer ótroðnar slóðir og er óhrædd við að segja skoðun sína.



KL. 22:45

360

Spennandi kvikmynd frá 2011 með Rachel Weisz, Jude Law, Anthony Hopkins og Ben Foster í aðalhlutverkum.



KL. 22:00

Gangster Squad

Spennumynd með Sean Penn, Ryan Gosling, Josh Brolin og Emma Stone í aðalhlutverkum.



KL. 19:45

Baby Daddy

Önnur gamanþáttaröðin um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraprepi hans.



KL. 07:00-20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|--|
| | 8 | | | 1 | 5 | | | | |
| 2 | | 1 | | 5 | | | 7 | | |
| | | | 6 | 9 | 1 | | 8 | | |
| 5 | 9 | 7 | | 6 | | | | | |
| | | 3 | | | | | | 4 | |
| 4 | 2 | 8 | 7 | | 9 | | | | |
| | 3 | | 4 | 2 | 6 | | | | |
| 7 | | 4 | 5 | 3 | | 8 | | | |
| 9 | 5 | | | | | | | | |

LÉTT

MIDLUNGS

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|--|
| 7 | 3 | 5 | | 4 | | | | 9 | |
| | 8 | | | | | 3 | | | |
| 9 | 1 | | | 6 | | | 5 | 8 | |
| | | | 5 | | | | 3 | | |
| | | 7 | | | 1 | | 2 | 4 | |
| | 5 | | 2 | | | 9 | 6 | | |
| 8 | 7 | 3 | | | | 1 | | | |
| 5 | 4 | | 7 | 3 | 9 | | | | |
| | | | | | | 7 | | | |

MIDLUNGS

PUNG

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | | | | | 3 | |
| | | 5 | 9 | | | 7 | | 4 | |
| | 9 | | 4 | | | | | | |
| | | | 8 | | | | | | 3 |
| | 2 | 5 | 9 | | | | 8 | | |
| 7 | | | | | | 5 | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | 8 | | | | |
| 9 | 2 | | | 7 | | | | | |
| | | 1 | 2 | | | | | | |

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|--|
| 2 | 4 | 6 | 1 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 | | | | | | | | | | | |
| 9 | 5 | 7 | 2 | 3 | 4 | 1 | 6 | 8 | | | | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | | | | | | | | | | | |
| 3 | 8 | 9 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | | | | | | | | | | | |
| 7 | 1 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 | 8 | 9 | | | | | | | | | | | |
| 4 | 6 | 5 | 8 | 1 | 9 | 7 | 2 | 3 | | | | | | | | | | | |
| 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 6 | | | | | | | | | | | |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 | 4 | | | | | | | | | | | |
| 8 | 7 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 | 3 | 2 | | | | | | | | | | | |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | | | | | | | | | | | |
| 1 | 6 | 7 | 2 | 3 | 8 | 5 | 4 | 9 | | | | | | | | | | | |
| 8 | 2 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 1 | 3 | | | | | | | | | | | |
| 5 | 3 | 1 | 6 | 9 | 2 | 8 | 7 | 4 | | | | | | | | | | | |
| 7 | 8 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 | 6 | 1 | | | | | | | | | | | |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 | 3 | 5 | | | | | | | | | | | |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 2 | 4 | 1 | 9 | 8 | | | | | | | | | | | |
| 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 3 | 4 | 2 | 6 | | | | | | | | | | | |
| 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 3 | 5 | 7 | | | | | | | | | | | |
| 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 | 3 | 9 | | | | | | | | | | | |
| 5 | 8 | 9 | 6 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 | | | | | | | | | | | |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 4 | 2 | | | | | | | | | | | |
| 6 | 4 | 8 | 9 | 2 | 5 | 1 | 7 | 3 | | | | | | | | | | | |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 6 | | | | | | | | | | | |
| 9 | 1 | 3 | 8 | 4 | 6 | 2 | 5 | 7 | | | | | | | | | | | |
| 7 | 6 | 4 | 2 | 5 | 3 | 9 | 1 | 8 | | | | | | | | | | | |
| 8 | 5 | 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 6 | 4 | | | | | | | | | | | |

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Allar gjörðir koma út frá hugsun þannig að það er hugsunin sem skiptir máli.“

Sai Baba

| | | | | | | | | | |
|----|----|--|----|----|----|----|--|----|--|
| 1 | | | 2 | 3 | 4 | 5 | | | |
| 6 | 7 | | | 8 | | | | | |
| 9 | | | 10 | | 11 | | | | |
| 12 | | | | 13 | | | | | |
| | 14 | | | | | | | 15 | |
| 16 | | | | 17 | | | | | |
| 18 | | | 19 | | | 20 | | | |
| 21 | | | | | | | | | |

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. tarfur, 6. frá, 8. óvild, 9. hafið, 11. kringum, 12. bit, 14. framvegis, 16. tveir eins, 17. iðka, 18. eyrir, 20. pfn., 21. málmur.

LÓÐRÉTT

1. þungi, 3. kúgun, 4. reiðufé, 5. angan, 7. fáskiptinn, 10. gogg, 13. útsæði, 15. kvið, 16. hald, 19. holskrúfa.

LAUSN

1. ílm, 2. fáláttur, 3. ok, 4. lausaré, 5. ílm, 6. fáláttur, 7. fáláttur, 8. fáláttur, 9. fáláttur, 10. nef, 11. fáláttur, 12. fáláttur, 13. fáláttur, 14. fáláttur, 15. fáláttur, 16. fáláttur, 17. fáláttur, 18. fáláttur, 19. fáláttur, 20. fáláttur, 21. fáláttur.

SKÁK


Gunnar Björnsson

Hjörvar Steinn Grétarsson (2511) vann Oliver Aron Jóhannesson (2115) í 2. umferð Wow air móts Taffélags Reykjavíkur.

Hvítur á leik



38. Bxd4! Svartur gafst upp enda með tapað tafl. Til dæmis 38...f5 39. Rf6+ Kf7 40. Bf3. Hjörvar Steinn er eftur með fullt hús eftir þrjár umferðir. Hannes Hilfar Stefánsson og Ingvar Þór Jóhannesson koma næstir með 2,5 vinninga. www.skak.is: Skráning hafin í Íslandsmótið



LFP

El Clásico í kvöld!

Tvö stærstu knattspyrnulið heims mætast í kvöld og berjast um Konungsbikarinn á Spáni. Það er alltaf mögnuð spenna þegar þessi tvö lið mætast. Nú er allt lagt undir í úrslitaleiknum.
Hver mun lyfta bikarum?

SPORT Í kvöld kl. 19:30

BARCELONA - REAL MADRID



Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

11.990 kr. + 0 kr.

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þrjú mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.



Fáðu þér áskrift! **365.IS**

MENNING



BERSVEINN BIRGISSON
Skáldsagan Svar við bréfi Helgu heldur áfram að vekja athygli og hljóta verðlaun erlendis.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Franskir greifar verðlauna Bergsvein

Svar við bréfi Helgu eftir Bergsvein Birgisson hlaut á fimmtudaginn var virt frönsk bókmenntaverðlaun.

Skáldsaga Bergsveins Birgissonar, Svar við bréfi Helgu, hlaut í liðinni viku bókmenntaverðlaun Cercle de l'union interalliée í Frakklandi. Guðrún Vilmundardóttir, útgáfustjóri Bjarts, segir þetta virt verðlaun, enda engir meðalmenn sem standa að baki þeim.

„Cercle de l'Union interalliée eru samtök franskra greifa og fyrimenna, sem voru stofnuð árið 1917,“ segir Guðrún. „Nú eru um 3.300 meðlimir í samtökunum, stjórnálamenn, menntamenn, viðskiptajöfrar og aðrir framámennt í frönsku samfélagi. Samtökin eru til húsa við St. Honorégötu, eina fínustu götu í París, þar sem tískuhúsin standa í röðum í

skjóli Louvre-hallarinnar.“ Samtökin veita árlega bókmenntaverðlaun bókum sem eru annaðhvort skrifaðar á frönsku eða þýddar á frönsku. Í ár fengu tveir höfundar verðlaun: Hinn franskli Olivier Bleyss fyrir bókina Concerto pour la main morte, og Bergsveinn Birgisson fyrir Svar við bréfi Helgu sem í franskri þýðingu Catherine Eyjólfsson nefnist La Lettre à Helga.

Guðrún er að vonum ánægð fyrir hönd höfundarins, sem Bjartur gefur út á íslensku. „Það þykir mikill heiður að hljóta verðlaun þessara virtu samtaka, auk þess sem höfundurinn er veitt peningaverðlaun. Svona upphæfð sá hann Bjarni bóndi ekki fyrir,“ segir hún. - fsb

Ófrumlegt verk um ófrjósemi

LEIKLIST ★★★★★

Útundan eftir Alison Farina McGlynn

Háaloftið í samstarfi við Tjarnarbíó

PÝÐING OG LEIKSTJÓRN: TINNA HRAFNSDÓTTIR. LEIKMYND: JÓNÍ JÓNSDÓTTIR. LJÓSAHÖNNUN: ARNAR INGVARSSON. TÓNLIST: SVEINN GEIRSSON. BÚNINGAR: ÖLÖF BENEDIKTSDÓTTIR. LEIKGERVI: KRISTÍN JÚLLA KRISTJÁNSDÓTTIR.

Leikritið Útundan var frumsýnt um helgina í Tjarnarbíó í uppsetningu Háaloftsins. Verkið er eftir hina bresku Alison Farina McGlynn í þýðingu Tinnu Hrafnsdóttur sem einnig leikstýrir verkinu. Útundan er fyrsta leikritið sem hún leikstýrir.

Útundan varpar ljósi á þann vanda sem fylgir því að geta ekki eignast barn. Verkið er dramatískt en einnig er slegið á léttu strengi. Það fjallar um þrjú pör sem eru að berjast við ófrjósemi. Það eru þau Margrét og Símon, Sylvía og Davíð og Júlía og Jón. Hvert par á við sama vanda að stríða en öll eru þau í ólíkum aðstæðum. Persónur verksins eru allar fremur dæmigerðar. Það gerir áhorfendum auðvelt fyrir að átta sig á stöðu hvers og eins en hins vegar eru þær ekki sérlega áhugaverðar.

Sýningin var mjög vel leikin. Elma Lís Gunnarsdóttir fór afar vel með hlutverk Margrétar og sýndi hversu yfirþyrmandi lífið getur orðið þegar eini tilgangur þess er að reyna að eignast barn en ekkert gengur. Eins var gaman að sjá Björn Stefánsson á sviði og stóð hann sig sérstaklega vel sem hinn ógeðfelli Símon. Svandís Dóra Einarsdóttir fór með hlutverk aðalpersónunnar Sylvíu sem var að mínu mati áhugaverðust.



ÚTUNDA Í TJARNARBÍÓ „Kannski hefði það þjónað verkinu betur ef það hefði verið aðlagð íslenskum veruleika.“
FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Sylvía var sterk persóna og hómoristi en harmur hennar máði út lífsgeðina. Benedikt Karl Gröndal átti virkilega sannfærandi spretti sem Davíð og hreyfði við áhorfendum. María Heba Þorkelsdóttir og Magnús Guðmundsson mynduðu samstillt dúó. Samband karaktera þeirra, Júlíu og Jóns, stóð sterkast. Einnig fór Armundur Ernst Bachman vel með hlutverk Magga litla, bróður Jóns, og var mikið hlegið að honum.

Sýningin lifur fyrir að textinn er einfaldlega ekki mjög frumlegur. Kannski hefði það þjónað verkinu betur ef það hefði verið aðlagð íslenskum veruleika. Eins tel ég að það hefði verið hægt að leggja meiri vinnu í búningana. Allir kvenkarakterar voru í pilsu eða kjól en mér fannst til dæmis að það hefði getað gefið karakter Sylvíu styrkleika ef hún hefði klæðst buxum. Kynhlutverk voru öll mjög skýr og jafnvel gamaldags.

Leikmyndin var einföld og sögnin í henni átti vel við umfjöllunarefni verksins. Þó voru tilfæringar á leikmyndinni á milli

sena ívið miklar. Þrátt fyrir að senurnar ættu að eiga sér stað á mismunandi stöðum hefði það líklega ekki komið að sök að sleppa þessum tilfæringum og nýta heldur lýsinguna. Þetta virkaði trúflandi á flæði sýningarinnar. Hins vegar þjónaði það sýningunni vel að gera ekki á henni hlé. Enda var ákveðið ris fyrir lok sýningarinnar sem hefði ekki orðið jafn áhrifaríkt ella. Tónlistin hentaði sýningunni og studdi vel við upplifunina.

Það er auðvelt að mæla með verkinu Útundan á þeim grundvelli hve mikil þörf er fyrir umræðuna um ófrjósemi. Sýningin er virkilega vel leikin og sýnir hversu reynir á sambönd og geðheilsu einstaklinga sem eru að kljást við þennan vanda. Það eru skemmtilegir tímar í Tjarnarbíó og verður áhugavert að fylgjast áfram með framtíðaruppsetningum Háaloftsins.

Eva Guðrún Gunnbjörnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Vel leikin sýning sem gaman hefði verið að sjá í tilraunakenndari búningi.

10 ÁRA FERMINGARDAGAR 10 ÁRA

TJÖLD
KÚLUTJALD
2-3ja manna tjald



SCOUT, 2500mm vatnsheld
~~24.995 kr.~~ **19.996 kr.**

SVEFNPOKAR
Trekking
Kuldapól: -20°C
þyngd: 1,65 kg.



~~13.995 kr.~~ **11.196 kr.**

Aura
Kitchen-to-go
Ferðaeldhús



SLIMIN SALO MON



SALOMON
snjóbrettpakkar
með 35% afslætti



BLACK DRAGON
snjóbrettpakkar
með 30% afslætti



BAKPOKAR
Mikið úrval
af bakpokum



PINGUIN Explorer 75
~~24.995 kr.~~ **19.996 kr.**

PINGUIN Activent 55
~~22.995 kr.~~ **18.396 kr.**



ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafen 8 • 108 Reykjavík • Sími 534 2727
2004 - 2014

✓ **Góð gæði**

✓ **Betra verð**

Skemmtilegt og leiðinlegt

TÓNLIST ★★★★★

Tectonics – hljómsveitar-tónleikar

Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ilan Volkov stjórnáði

Í HÖRPU FÖSTUDAGINN 11. APRÍL.

Ég hef heyrt fallega tónlist eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur. Ef minnið svikur mig ekki hefur það þó eingöngu verið á tónleikum kammerhópsins Nordic Affect. Þeir tónleikar eru yfirleitt í litlum sal og þá er ekki annað hægt en að sitja nálægt tónlistarfólkinu. Tónlist Maríu er lágstemmd, en það er í henni andrúmsloft sem er heillandi. Þessi sjarmi hefur skilað sér í nálægðinni. Það er einhver einlægni við hana, eitthvað sem er skemmtilega persónulegt.

Ég var ekki eins sannfærður á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Tectonics á föstudagskvöldið. Þar flutti hljómsveitin undir stjórn Ilans Volkov tónsmíð eftir Maríu að nafni 1001 – for bowed metal. Jú, hugmyndirnar voru góðar. Stefin og hljórnarnir voru seiðandi í einfaldleika sínum. Upphafið var í svarta myrkri og það eina sem sást voru lítil ljós á strengjabogum sem voru notaðir til að framkalla hljóð úr ýmiss konar slagverki. En hápunkturinn, þar sem viðkvæm laglína var í burðarhlutverki, drukknaði í of miklum gný. Umgjörðin var of stór. Það vantaði eitthvað.

Verkið var flutt í Eldborginni. Hið óvanalega við tónleikana var að þeir voru haldnir í tveimur söllum, líka í Norðurljósum. Þar var næst á dagskrá Esoteric Mass eftir Bergrúnu Snæbjörnsdóttur. Hún er í þann mund að ljúka tónsmíðanami í Listaháskólanum. Tónlistin hennar byggðist á því að blásturs-



BERGRÚN SNÆBJÖRNSDÓTTIR „Svo óx verkið upp í hápunkt sem var skemmtilega ærslafenginn og kaótskur.“
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hljóðfæraleikarar röðuðu sér í hring og spiluðu eftir mynstri sem var á sífelldri hreyfingu. Mynstrinu var varpað á gólfíð. Fyrst heyrði maður aðallega endurtekna tóna, varfærnislega spilaða. En svo óx verkið upp í hápunkt sem var skemmtilega ærslafenginn og kaótskur. Hann samsvaraði sér þrýðilega við högvært upphafið og endinn. Þetta voru flottar andstæður.

Langtímarannsókn # 2 eftir Davíð Brynjar Franzson, einnig í Norðurljósum, kom ekki eins vel út. Þar dreifðu strengjaleikarar sér um salinn og nudduðu bogunum á brúnir hljóðfæra – ekki á strengina. Áheyrendum var á sama tíma sagt að ganga um salinn á sokkaleistunum, aðallega til að geta gengið um í þögn til að heyrja mismunandi hlíðar hljóðheimsins eftir því hvar fólkíð var státt. Gerningurinn var athyglisverður en ívið langdreginn. Heil eilífið leið og bar ekkert til tíðinda.

Síðasta verkið á dagskránni var í Eldborginni. Það var eftir tónlistarhóp sem heitir Lemur. Hljómsveitinni var skipt upp í litlar einingar sem voru staðsettar víðs vegar um salinn. Salurinn sjálfur var líka í mismunandi stillingum. Eins og kunnugt er er hægt að breyta endurmuninni þar talsvert eftir því hvernig tónlist er verið að flytja. Salurinn lék því stórt hlutverk í tónsmíðinni. Allt hefði það verið gott og blessað ef tónlistin hefði ekki verið svona leiðinleg. Hún samanstóð af einstaklega fráhrindandi hljómasamsetningum og endurtekningum. Það skipti engu máli þótt tónarnir kæmu úr hinni eða þessari áttinni, í mismunandi bergmáli. Þeir voru jafn þreytandi fyrir því. Hér hefði minna verið meira.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Sumt var athyglisvert og skemmtilegt, en fleira missti marks.



Hver er sinnar pizzu smiður



Tvö frábær ný pizzudeig frá Wewalka.
American style og spelt- og heilhveiti XXL.



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

OPIÐ Í DAG FRÁ KL.10:00-20:00



BÓNUS Rjómi 725ml

498
krónur kg.



579
kr. 500g



1998
kr. 1 kg.



198
kr. 2 ltr.

198
kr. 1.5 ltr.



1259
kr. 630g
Verð áður kr. 1798

Leynist glaðningur
í Bónus 1. kg páskaegginu þínu ?
100 stk. af **10:000** kr. úttektarkorti
í Bónus, eða **25 stk.** Dolse Gusto
kaffivélur



198
kr. 170g



2 LTR.



359
krónur 2 ltr.



159
kr 4 stk.



198
kr. 1 kg.

Bónus kornbrauð 1 kg.



198
krónur 300g

Homeblest kex 300g



159
kr 5 stk.



1598
kr 10 stk. 120g

KJARNAFÆÐI Frosnir nautgripaborgarar 120g BÓNUS XL hamborgarabrauð



79
kr. 500ml

AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS UM PÁSKAHELGINA
SKÍRDAGUR 17.apríl **10:00-19:00**
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
FÖSTUDAGUR 18 apríl LOKAÐ
LAUGARD. 19.apríl **10:00-19:00**
SUNNUDAGUR 20 apríl LOKAÐ
MÁNUD. 21.apríl **12:00-18:00**



79
kr. 500ml



359
kr 10 stk.

Bónus Pylsubrauð 5 stk Bónus Pylsur 10 stk 485g


AFGREIÐSLUTÍMI MIÐVIKUDAGUR 10:00-20:00

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI MIÐVIKUDAGUR 10:00-20:00

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



OPIÐ Í DAG FRÁ KL.10:00-20:00



1259
krónur kg.

Ferskur **Veilsufugl/kjúklingur** m/fyllingu



1198
krónur kg.

Ali **Bayonne-skinka** 1.flokkur



1259
krónur kg.

Bónus **Hamborgarhryggur**



1298
krónur kg.

Bónus **Grísahryggur** úrb.



2598
krónur kg.

Fjalla **Norðlenskt úrb. hangilæri**



1098
krónur kg.

Bónus **Grísahnakkafillet**



598
krónur kg.

Bónus ferskur **Grísabógur**



1998 **100% KJÖT**
krónur kg.

Frosin Kalkúnabringa



2798
krónur kg.

KJARNAFÆÐI Kofareykt Hangilæri Úrbeinað



1498 **KG**
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. **Lambalæri** í sneiðum **FROSID**



1259 **KG**
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. **Heilt lambalæri** **FROSID**



1398
krónur kg.

Frosinn **Íslenskur Holdakalkúnn**



1889
krónur kg.

KEA Lambahryggur léttreyktur



1398
krónur kg.

KJARNAFÆÐI ÍSLENSKT HEIÐALAMB Íslenskar kryddjurtir



3798
krónur kg.

Þýsk **Nautalund** frosin



1798
krónur kg.

Sláturfélagið Frosnar lamba-tvírifjur

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
10:00-20:00

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
10:00-20:00

Hátíska í aðalhlutverki í Game of Thrones

Margir tóku andköf yfir atburðum annars þáttar í fjórðu seríu af Game of Thrones sem sýndur var í vikunni. Þeir sem eru með glögg tískauga tóku hins vegar eftir því að búningum karakteranna svipar mikið til hátísku nútímans þótt þættirnir eigi að gerast einhvern tímann í fyrndinni.

JOFFREY BARATHEON

HAUST- OG VETRARLÍNA
ALEXANDER MCQUEEN 2010



CERSEI LANNISTER

HAUST- OG VETRARLÍNA
ANTONIO MARRAS 2013



RAMSAY SNOW

HAUST- OG VETRARLÍNA
RICK OWENS 2013



STANNIS BARATHEON

HAUST- OG VETRARLÍNA
PLOKHOV 2013



OLENNA TYRELL

HAUST- OG VETRARLÍNA
ALEXANDER MCQUEEN 2012



ELLARIA SAND

HAUST- OG VETRARLÍNA
JEAN PAUL GAULTIER COUTURE 2012



BRAN STARK

HAUST- OG VETRARLÍNA
TOPSHOP UNIQUE 2010



MARGAERY TYRELL

HAUST- OG VETRARLÍNA
JULIEN MACDONALD 2011



Rannsóknasjóður Umsóknarfrestur 2. júní



Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

Auglýst er eftir umsóknum í Rannsóknasjóð fyrir styrkarið 2015. Umsóknarfrestur er til kl. 17:00, 2. júní 2014.

Allar umsóknir og umsóknagögn skulu vera á ensku. Umsóknir eru rafrænar og sótt eru um í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Ekki er tekið við umsóknum á öðru formi.

Upplýsingar og umsóknagögn má nálgast á www.rannis.is



Hjaltalín lítur til Hemma Gunn

Magnús Leifsson leikstýrir nýjasta tónlistarmyndbandi Hjaltalín.

„Okkur Steinþór Helga, sem er umboðsmaður hljómsveitarinnar, hefur svo lengi langað að nýta gömul dansatriði úr Á tali með Hemma Gunn, og við létum loksins verða af því,“ segir Magnús Leifsson, leikstjóri nýjasta myndbands hljómsveitarinnar Hjaltalín við lagið Letter to [...], sem frumsýnt var á Vísi í gær. Myndbandið byggist að mestu leyti á tédum atriðum sem fléttuð eru saman við reykvíska samtíma.

Um kvikmyndatöku sá Árni Filippusson, en Guðlaugur Andri og Sigurður Eypórssonir sáu um að klippa.

Magnús leikstýrði áður myndbandi fyrir Hjaltalín við lagið Myself.

„Myndbandið er hið fimmta í röðinni af plötu Hjaltalín, Enter 4, sem kom út í lok árs 2012,“ segir Steinþór Helgi.

Að sögn Steinþórs mun sveitin líklegast láta staðar numið í myndbandagerð við plötuna, enda hefur Hjaltalín hafist handa við upptökur á nýju efni. Sveitin mun kynna þetta nýja efni á tónleikum sem fram fara í Eldborgarsal Hörpu í kvöld.

„Það er uppselt á tónleikana en með þeim verður Hjaltalín fyrsta hljómsveitin af yngri kynslóðinni til að halda sína eigin tónleika í Eldborg.“



LEIKSTJÓRINN Magnús Leifsson hefur áður leikstýrt myndbandi fyrir Hjaltalín. FRÉTTABLAÐIÐ/BALDUR KRISTJÁNSSON

PÁSKA TILBOÐ

TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI



4BLS
BÆKFLINGUR
NETBÆKFLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP

ALLT AÐ
20
ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF SPJALD-
TÖLVUM TIL PÁSKA

ALLT AÐ
50
ÞÚSUND
AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM
TIL PÁSKA

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
AF HLJÓÐKERFUM,
TURNUM, FLÖKKURUM
OG FLEIRA OG FLEIRA

Birt með fyrirvara um breytingar. Innsláttarvillur og myndabreyngi



OPNUNARTÍMAR
Í dag Miðvikudag
10:00 - 18:30
Fim - Föstudag
LOKAÐ
Laugardag
11:00 - 16:00

TOLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ

ÞORIR ÞÚ Í BÍÓ?
OCULUS

EINVIÐIG Í AMAZON
rio 2

HARRY OG HEIMIR

★★★★ -B.O., DV
★★★★ -H.S., HBL

| SMÁRA BÍÓ | HÁSKÓLA BÍÓ |
|---|---|
| RIÓ 2 2D ÍSL. TAL. KL. 3:30 - 5:45 | RIÓ 2 2D ÍSL. TAL. KL. 5:45 |
| RIÓ 2 3D ÍSL. TAL. KL. 3:30 - 5:45 | OCULUS KL. 8 - 10:20 |
| RIÓ 2 3D ENG. TAL. (ÓTEKTAÐ) KL. 5:45 - 8 | HARRY OG HEIMIR KL. 6 - 8 - 10 |
| OCULUS KL. 8 - 10:20 | NYMPHOMANIAC PART 2 KL. 8 |
| HARRY OG HEIMIR KL. 4 - 6 - 8 - 10 | HELD KL. 6 |
| HARRY OG HEIMIR LÚMUS KL. 4 - 6 - 8 - 10 | GRAND BUDAPEST HOTEL KL. 5:45 - 8 - 10:15 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL KL. 8 - 10:15 | |
| HNETURÁNIÐ 2D KL. 3:30 | |
| RIDE ALONG KL. 10:15 | |

Míðasala á: **miði**

Píslarganga B-manneskju

BAKPANKAR
Höllu Þórlaugar Óskarsdóttur



VEKJARAKLUKKAN hringir. Klukkan er fimm. Máttvana teygi ég mig í símann. Klemmi saman augun. Græt. Bölvu sjálfri mér. Finn engar afsakanir. Dröslast á fætur. Ég er ekki á leið til útlanda, þótt ég hafi ítrekað reynt að ljúga því að sjálfri mér. Kæri lesandi, áður en lengra er haldið þætti mér vænt um að þú tækir þér eins og eina mínútu og hugsaðir hlýlega til manneskjunnar sem vaknaði skjálfandi í morgun, bölvandi og grátandi til skiptis, til þess eins að troða hálfblautu blaðinu inn um lúguna þína.

NÚ geri ég mér grein fyrir að ég er ekki fyrsti blaðberi Íslandssögunnar. Að sama skapi átta ég mig á því að vika er ekki langur tími og trúlega ekki tímabært að kvarta, sérstaklega í ljósi þess að veðrið hefur verið ágætt. Að því sögðu langar mig að segja: Blaðburður er dauði. Í fyrsta lagi fylgir blaðinu alltaf einhver asnalegur auglýsingapóstur sem enginn vill. Sumir óska eftir að fá ekki auglýsingapóst en vilja samt Fréttablaðið. Aðrir afþakka Fréttablaðið en minnst ekki á

hitt svo samkvæmt mínum vinnureglum skulu þeir fá auglýsingapóstinn, jafnvel þótt þeir kæri sig ólíklega um hann.

OG sums staðar bíða mín skilaboð. Mis-agressíf. „Kæri blaðberi! Við viljum engin dagblöð!“, „EKKI AUGLÝSINGAPÓST!!“, „Ekki Fréttablaðið í lúgu núna,“ stendur á einum stað. Ég athuga daglega hvort þau hafi skipt um skoðun. Gullfalleg blaðburðarkerra og viðráðanlegur blaðabunki. Þetta beið mín á mánudaginn fyrir viku. Laugardagsmorgunninn hófst ekki jafnvel. Blaðastafinn náði mér upp að öxlum og á stuttri göngu frá heimili mínu að götunni þar sem ég ber út (já, það er bara ein gata) hvíldi ég mig fimm sinnum. Við hverja áningu hrundu tveir blaðabunkar af kerrunni. Mig langaði að gráta.

ÉG segi öllum að morgungangan létti lund og styrki sprund. Ég veit ekki hvern ég er að reyna að sannfæra. Ástæðan fyrir því að ég tók upp á þessari vitleysu var sú að mig langaði að lækna af B-heilkenninu og verða A-manneskja. Það kemur í ljós hvort það tekst eða ég læri að lifa í sátt við sjálfa mig og mína eigin lífsklukku.

Skálum fyrir páskunum

Sérfræðingur Fréttablaðsins tók saman öll helstu tilboð sem skemmtistaðir og ölstofur Reykjavíkur hafa upp á að bjóða yfir páskana. Áhugafólk um skemmtanalífið getur glaðst yfir því að opnunartímana yfir hátíðirnar má sjá hér.

→ **BAR 7**
Frakkastígur 7

Bjór á **350 krónur**
Á milli 16.00 og 20.00
alla daga vikunnar.

→ **Prikið**

Bankastræti 12
Bjór á **375 krónur**
Á milli 16.00 og 20.00 mánu-
daga til fimmtudaga.

→ **Bunk**
Laugavegur 28

Bjór á **450 krónur**
Á milli 16.00 og 20.00 alla daga
vikunnar.

→ **101 Bar**

Hverfisgata 10
Bjór á **470 krónur** og léttvín á
900 krónur
Á milli 16.00 og 18.00 alla daga
vikunnar.

→ **Danska kráin**
Ingólfsstræti 3

Bjór á **475 krónur** og léttvín á **500 krónur**
Á milli 16.00 og 19.00 alla daga vikunnar.

→ **Kaldi Bar**

Laugavegur 20B
Bjór á **500 krónur** og léttvín á **600 krónur**
Á milli 16.00 og 19.00 alla daga vikunnar.

→ **Dolly**
Hafnarstræti 4

Bjór á **500 krónur**
Á milli 20.00 og 22.00.

→ **Slippbarinn**
Mýrargata 2

Bjór á **500 krónur** og léttvín á **500 krónur**
Á milli 16.00 og 18.00 alla daga
vikunnar.

→ **Loftið**

Austurstræti 9
Bjór á **500 krónur** og léttvín á **500 krónur**
Á milli 16.00 og 20.00
alla daga vikunnar.

→ **Harlem**

Tryggvagata 22
Bjór á **550 krónur**
Á milli 18.00 og 22.00 alla daga
vikunnar.

→ **Ölstofa Kormáks og Skjaldar**

Vegamótastígur 4
Bjór á **700 krónur**.
Á milli 15.00 og 20.00
alla daga vikunnar.

OPNUNARTÍMAR

Miðvikudaginn 16. apríl hafa skemmtistaðir leyfi til þess hafa opið til 04.30.

Fimmtudaginn 17. apríl hafa skemmtistaðir leyfi til þess að hafa opið til 00.00.

Föstudaginn 18. apríl hafa skemmtistaðir leyfi til þess að hafa opið frá 00.00 til 04.30.

Laugardaginn 19. apríl hafa skemmtistaðir leyfi til þess að hafa opið til 03.00.

Sunnudaginn 20. apríl hafa skemmtistaðir leyfi til þess að hafa opið frá 00.00 til 04.30.

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Coca-Cola

rio 2

A HAUNTED HOUSE 2

HARRY OG HEIMIR

MONICA Z

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMBIO.IS

DIVERGENT

rio 2

CAPTAIN AMERICA THE WINTER SOLDIER

NOAH

NEED FOR SPEED

ANTBOY

| SAMBIO | ALFABAKKA | EGILSHÖLL |
|----------------------------|------------------------------------|---|
| DIVERGENT | KL. 3 - 5:10 - 8 - 10 - 10:50 | KL. 2 - 4:50 - 7:40 - 10:30 |
| DIVERGENT VIP | KL. 5 - 8 | CAPTAIN AMERICA 2 KL. 3D: 4:50 - 7:40 - 10:30 2D: 2 |
| RIÓ 2 KL. TAL. | KL. 3D: 3 2D: 3 - 4 - 5:40 | RIÓ 2 KL. TAL. KL. 3D: 2:30 2D: 3 - 5:20 |
| CAPTAIN AMERICA 2 KL. TAL. | KL. 3D: 5:10 - 8 - 10:45 2D: 10:20 | NOAH KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 |
| CAPTAIN AMERICA 2 VIP 2D | KL. 10:50 | NEED FOR SPEED KL. 7:40 - 10:30 |
| NOAH | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | SAMBIO KRINGLUNNI NÚMÉRUS SETI |
| NEED FOR SPEED | KL. 7:10 | DIVERGENT |
| NON STOP | KL. 8 | CAPTAIN AMERICA 2 2D |
| THE LEGO MOVIE KL. TAL. 2D | KL. 3 | NOAH |
| SAMBIO KEFLAVÍK | | GAMLINGINN |
| DIVERGENT | KL. 8 - 10:50 | SAMBIO AKUREYRI |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 10 | DIVERGENT |
| RIÓ KL. TAL. 3D | KL. 5:50 | CAPTAIN AMERICA 2 |
| HARRY OG HEIMIR | KL. 5:50 - 8 | NOAH |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EDA APPELSINGUGULU KR. 750 Á APPELSINGUGILT OG KR. 1000 Á GRÆNT

BÍÓ PARADÍS
EUROPA CINEMAS

ANTBOY

MONICA Z

ANDRI & EDDA VERÐA BESTU VINIR

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Míðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

RAUNVERULEG HAMINGJA

SVO ER TIL BELGÍSKT SÚKKULAÐI

11- 15 JÚLÍ 2014
BRUGGE

FENEYJAR NORÐURSINS

Menningin, söfnin, arkitektúrinn og síkin er ekki það eina sem gerir Belgíu að ómetanlegri upplifun. Þú verður að drekka bjórinn, borða matinn og smakka súkkulaðið. Ferð fyrir alvöru nautnaseggi.

- ✈️ Flug, skattar og gjöld
- 🚗 Akstur frá flugvelli á hótél og til baka
- 🏠 Gisting á hóteli með morgunmat
- 📍 Heimsókn til Ghent með hestalest
- 🌐 Íslensk fararstjórn

ICELANDAIR 
Við fljúgum með Icelandair

Vild

Kynntu þér málið á transatlantic.is


Trans - Atlantic

Sími: 588-8900

Nýtt kortatímabil

nettó

Kræsingar & kostakjör

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI
LÍFRÆNT LAMBAKJÖT
MED UPPRUNAMERKINGU
BEINT FRÁ BÓNDA.



SAH Afurðir ehf
Blönduósi



LÍFRÆNT
LAMBAKJÖT
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 1.898,-

1.594,-

KALKÚNN
FRANSKUR
KÍLÓVERÐ
1.167,-



-30%



FYLLTUR
LAMBAHRYGGUR
KÍLÓVERÐ
VERÐ ÁÐUR 3.099,-

2.169,-



-30%



JARÐARBER
FRÁ SPÁNI
250 GR BOX
VERÐ ÁÐUR 489,-

342,-

-30%



BLÁBER
FRÁ SPÁNI
125 GR BOX
VERÐ ÁÐUR 559,-

391,-

**GLEÐILEGA
PÁSKA!**

**OPNUNARTÍMAR
NETTÓ UM PÁSKA**

| | AKUREYRI | BORGARNES | EGILSSTAÐIR | GRINDA VíK | HVERAFOLD |
|---------------------|-------------|-------------|---------------------|--------------|-------------|
| SKÍRDAGUR | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 |
| FÖSTUDAGURINN LANGI | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| PÁSKADAGUR | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| ANNAR Í PÁSKUM | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 |
| | HÖFN | SALAVEGUR | MJÓDD/GRANDI | REYKJANESBÆR | SELFOSS |
| SKÍRDAGUR | 10.00-18.00 | 10.00-18.00 | Opió til miðnættis | 10.00-18.00 | 10.00-20.00 |
| FÖSTUDAGURINN LANGI | Lokað | Lokað | Lokað til miðnættis | Lokað | Lokað |
| PÁSKADAGUR | Lokað | Lokað | Lokað til miðnættis | Lokað | Lokað |
| ANNAR Í PÁSKUM | 12.00-18.00 | 12.00-18.00 | Dag&nótt | 12.00-18.00 | 10.00-20.00 |

Tilboðin gilda 16. -21. mars 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÞÚ FÆRÐ UPPÁHALDS PÁSKAEGGIÐ ÞITT Í NETTÓ!



NIZZA EDA
NÓAKROPPS EGG
NO 5

2.198,-



PÁSKAEGG NO 9
FREYJU RÍS- EDA DRAUMAEGG

2.198,-

Í NETTÓ FÆRÐU NÝBÖKUR BRAUÐ & KRUDERÍ



-31%

COOP HVÍTLAUKSBRÁUÐ
GRÓFT/FÍNT 350G
VERÐ ÁÐUR 289

199,-



-33%

HUMAR
SKELBROT 1 KG
VERÐ ÁÐUR 2.980,-

1.997,-



COKE OG SNAKK



COCA COLA
4X2 LÍTRAR

998,-



LAYS SNAKK
SALT EDA SOUR CREAM
POKAVERÐ

299,-

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Arsenal upp í fjórða sætið

FÓTBOLTI Arsenal komst upp í fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar í fótbolta í gærkvöldi þegar liðið lagði West Ham að velli, 3-1.

Gestirnir úr austurhluta borgarinnar komust reyndar yfir með marki Matts Jarvis á 40. mínútu er hann skallaði boltann í netið af stuttu færi.

Það tók heimamenn ekki langan tíma að jafna metin en það gerði Þjóðverjinn Lukas Podolski með föstu skoti úr teignum.

Eftir tíu mínútna leik í seinni hálfleik sýndi franskur framherjinn Oliver Giroud sníldartilpríf í teignum er hann tók boltann niður í baráttu við tvo varnarmenn West Ham og skoraði úr þröngu færi, 2-1.

Podolski innsiglaði svo sigurinn á 78. mínútu með öðru marki sínu og þriðja marki Arsenal, 3-1.

Arsenal komst sem fyrr segir upp í fjórða sætið með sigrinum og er með 67 stig eftir 34 leiki en Everton er sæti neðar með stigi minna en á fimm leiki eftir.



-tom

Ancelotti vill ekki sjá nein mistök gegn Barcelona

FÓTBOLTI Spænsku stórlíðin Barcelona og Real Madrid mætast þriðja sinni á þessu tímabili í kvöld þegar þau eigast við í sérstakri bikarútgáfu af El Clásico. Þessir risar mætast á Mestalla-veginum í Valencia í kvöld í úrslitaleik spænska Konungsbikarsins en leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og hefst útsending klukkan 19.30.

Barcelona missteig sig hrapallega í deildinni um helgina þegar það tapaði fyrir Granada og þá er liðið úr leik í Meistaradeildinni. Real getur enn unnið þrennuna en þarf

þá að vinna erkifjendur sína í kvöld.

Þegar liðin mættust í El Clásico í deildinni á dögunum vann Barcelona á Santiago Bernabéu, 4-3, í mögnuðum fótboltaleik. Þar hjálpuðu Real-menn við að grafa sína eigin gröf því Sergio Ramos fékk nokkuð klaufalegt rautt spjald.

„Við spilum vel á Bernabéu en við gerðum mistök. Við verðum að koma í veg fyrir þessi mistök sem við gerðum í síðasta leik. Við munum reyna að spila okkar leik. Það hefur gengið vel á tímabilinu,“ segir Carlo Ancelotti, þjálfari Real Madrid.



ERFIDUR Lionel Messi skoraði þrennu í síðasta Clásico-leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Á HEIMLEIÐ? Akureyringar vilja fá Sverre Jakobsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bíða eftir svari frá Sverre

HANDBOLTI Akureyri Handboltáfélag er öruggt með sæti sitt í Olísdeild karla næsta vetur eftir sigur á HK í lokaumferðinni á mánuðagskvöldið.

Breytingar verða á liðinu fyrir næsta tímabil en Bjarni Fritzon yfirgefur félagið og fer þar besti leikmaður liðsins og annar þjálfarinn. Maðurinn sem Akureyringar vilja fá til að þjálfva liðið er landsliðsmaðurinn Sverre Jakobsson.

„Það kemur í ljós síðar í vikunni með hann. Það eru víðræður í gangi. Við viljum að hann spili en hann er ekki alveg á því. Við höfum allavega áhuga á að fá hann í klúbbinn,“ segir Hlynur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Akureyrar Handboltáfélags, við Fréttablaðið.

Akureyringar ætla sér að styrkja hópinn fyrir næsta tímabil og eru nöfn á lofti í þeirri umræðu á borð við Ragnar Jóhannsson, skyttu FH-inga, og Hreiðar Levy Guðmundsson.

„Ef Hreiðar er á leiðinni heim munum við allavega tala við hann en við erum með góðan markvörð sem vill vera áfram. Annars höfum við bara áhuga á öllum góðum leikmönnum.“

Stefnan er tekin á toppbaráttuna eftir tvö erfið tímabil. „Annaðhvort tökum við þátt í þessu af krafti á næsta ári eða hættum þessu. Það nennir enginn að standa í þessu rugli. Við erum búnir að sameina félagin en getum svo ekki verið með alvöru lið. Það er ekki boðlegt,“ segir Hlynur.

Ætla ekki að vera Solskjær

Selfyssingurinn Jón Daði Böðvarsson hefur aðeins fengið að spila í 62 mínútur í fyrstu þremur leikjum norska úrvalsdeildarliðsins Viking á tímabilinu en hefur engu að síður skorað öll þrjú mörk liðsins.

FÓTBOLTI 21 árs gamall Selfyssingur er búinn að vinna hug og hjörtu allra í Stafangri í Noregi, það er allra nema kannski þjálfarans, Kjells Jonevret. Jón Daði Böðvarsson hefur skorað þrjú glæsileg mörk í fyrstu þremur umferðum norsku úrvalsdeildarinnar í ár og er markahæsti leikmaður deildarinnar þrátt fyrir að hafa ekki fengið að byrja einn leik.

Hollur höfuðverkur

„Mér finnst ég vera búinn að spila allt of lítið en það er eitthvað sem ég get ekki breytt því það er bara þjálfarinn sem velur liðið. Ég held að ég setji pressu á hann núna og ég held að karlinn hafi bara gott af því. Þetta er orðinn hollur höfuðverkur fyrir hann,“ segir Jón Daði létur.

Pressan á þjálfarann Kjell Jonevret er orðin svakaleg enda Jón Daði vinsæll meðal bæði fjölmiðlamanna og stuðningsmanna.

„Þegar það gengur svona vel þá er athyglin mikil. Ég hef aldrei verið á mótí athyglinni þannig að þetta er bara gaman. Það eru allir á því hér að ég eigi að vera í byrjunarliðinu, sem er skiljanlegt þegar það er búið að ganga svona vel,“ segir Jón Daði. Jón Daði vakti fyrst athygli í fyrsta leik þegar hann kom inn á sextán mínútum fyrir leikslök á útivelli á mótí Rosenborg og breytti stöðunni úr 0-2 í 2-2 með tveimur flottum mörkum.

Yfirvegaðri en í fyrra

„Mér finnst ég vera yfirvegaðri inni á vellinum en á síðasta tímabili,“ segir Jón Daði og um síðustu helgi skoraði hann sigurmarkið á mótí Lillestrøm eftir að hafa komið inn á sem varamaður. „Ég

ÓTRÚLEG TÖLFRÆÐI VIKINGS-LIÐSINS

JÓN DAÐI INN Á VELLINUM
Mínútur: 62 Markatala: +3 (3-0)

JÓN DAÐI Á VARAMANABEKKNUM
Mínútur: 208 Markatala: +2 (0-2)

ætla samt ekki að vera einhver Solskjær,“ segir Jón Daði hlæjandi, aðspurður hvort hann sé að breytast í svokallaðan „súper-sub“. Jón Daði lítur heldur ekki lengur á sig sem miðjumann.

„Ég hef alltaf verið leikmaður sem er úti um allt, úti á báðum köntum eða fyrir aftan framherjann. Það er eins og það sé kominn meiri stöðugleiki hjá mér og að framherjinn sé orðin mín staða. Hún hentar mér best og ég hef náð að klára færin mín mjög vel í fyrstu leikjunum,“ segir Jón Daði.

Einn af fimm Íslendingum

Hann er einn af fimm íslenskum leikmönnum Viking-liðsins en með liðinu spila einnig Indriði Sigurðsson, Steinþór Freyr Þorsteinsson, Sverrir Ingi Ingason og Björn Daníel Sværissón.

„Ég er ekkert að kvarta yfir því. Það er gott að hafa þennan félagsskap og þetta eru allt fagmenn. Norsararnir eru mjög hrifnir af Íslendingum og þeir hafa mjög góða reynslu af þeim,“ segir Jón Daði.

Jón Daði viðurkennir að fyrsta tímabilið hafi verið mikill skóli fyrir sig en þá þurfti hann oft en ekki að byrja á bekknum.

„Það er stórt skref að koma úr svona litlum klúbb eins og á Selfossi og í stóran pakka eins og Viking er. Það tók kannski eitt tímabil fyrir mig að ná áttum og venjast öllu saman. Ég tek allt gott úr því. Mér fannst þetta vera mjög jákvætt tímabil í fyrra þrátt fyrir að spílatíminn hafi ekki verið mikill. Ég lærði alveg gríðarlega mikið og þroskaðist í leiðinni,“ segir Jón Daði. Hann fór meðal annars til íþróttasálfræðings til að hjálpa sér í gegnum mótlætið.

„Það var mikið andlega hliðin sem ég þurfti að laga,“ segir Jón Daði og hann er alltaf að reyna að bæta sig.

Gerir kærustuna stundum bilaða

„Á frídögum fer ég út að æfa því mér líður illa ef ég hreyfi mig ekki. Ég get stundum gert kærustuna



MÖRK Á TUTTUGU MÍNÚTNA FRESTI Jón Daði Böðvarsson í búningi Viking í gær en hann hefur staðið sig frábærlega í byrjun tímabilsins þrátt fyrir fá tækifæri. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Dadi cool“ og „Who´s your Dadi“

Jón Daði Böðvarsson hefur slegið í gegn í upphafi móts og eignað sér margar fyrirsagnirnar í norsku blöðunum. Norðmenn hafa mikið verið að leika sér með nafnið hans og skella þeim inn í heimsfræg dægurlög.

„Ég er búinn að heyra „Dadi cool“ svona þrjú þúsund sinnum og Norsurum finnst þetta alveg drepfyndið og þeir eru líka með „Who´s your Dadi“,“ segir Jón Daði um nýju viðurnefnin sín í norsku fjölmiðlum.

„Það er eitthvað við þetta Daða-nafn. Ríkharður Daðason var herna líka og hann var alveg gríðarlega vinsæll. Ég veit samt ekki hvort hann var með einhver gælunöfn eða ekki,“ segir Jón Daði. Ríkharður Daðason skoraði 48 mörk í 68 leikjum fyrir Viking á árunum 1998 til 2000.

mína alveg bilaða með því hvað ég er of metnaðarfullur stundum,“ segir Jón Daði í léttum tón en hann veit vel að stuðningsmennirnir vilja sjá hann í liðinu í næsta leik.

„Það sem er búið að vera frábært við þetta, að mér sé búið að ganga svona vel þrátt fyrir að spila

svona lítið, er að ég er fá svo mikinn stuðning frá stuðningsmönnum og almenningi í heild sinni. Það gefur mér alveg þvítíkt sjálfs-traust því þá veit ég að ég er að gera góða hluti,“ sagði Jón Daði að lokum.

ooj@frettabladid.is

Mennirnir sem börðu mig í spað á sínum tíma

Helgi Jónas Guðfinnsson þjálfar karlalið Keflavíkur næstu tvö árin en hann stóð fyrir framan forna fjendur á samningfundinum.

KÖRFUBOLTI Helgi Jónas Guðfinnsson kom mörgum á óvart þegar hann hætti með Íslandsmeistaralið Grindavíkur fyrir tveimur árum og þeir hinir sömu voru líka hissa í gær þegar þeir heyrðu að hann væri orðinn þjálfari erkifjendanna úr Keflavík. Helgi Jónas gerði tveggja ára samning við Keflavík í gær og tekur við liðinu af Andy Johnston.

„Þetta er stórt skref og ég er með þessu að fara svólitíð út fyrir þægindarammann því ég þjálfaði áður Grindavík í þó nokkuð vernduðu umhverfi,“ sagði Helgi Jónas í gær.

„Þegar ég var að tala við Keflavíkingana þá var gaman að segja frá því að þá sat ég á mótí Fali Harðar, Gauja Skúla og Alberti Óskars, allt menn sem voru búnir að berja mig í spað á sínum tíma og vinna mig hægri, vinstri. Ég er þakklátur fyrir að þeir sýni mér þetta traust,“ segir Helgi Jónas í léttum tón. Hann hætti óvænt fyrir tveimur árum en hvað hefur breyst? „Það var tvennt í því. Ég var að standsetja fyrirtæki sem tók sinn tíma og ég vildi einbeita mér að því. Svo var annað meira persónulegt sem ég var að velja fyrir mér. Eitt af því var hvort þjálfunin væri eitt-

hvað sem ég vildi gera. Ég var ekki alveg hundrað prósent viss um það,“ segir Helgi Jónas.

„Það er alveg skiljanlegt að fólk verði hissa og að einhverjum sviði að sjá mig með Keflavík en það er bara þannig. Ég er ekki að fara að þjálfva Grindavík næstu tvö árin þar sem Sverrir er með samning við þá. Mér gafst þetta tækifæri núna og ég veit ekkert hvort ég fæ annað tækifæri til að þjálfva. Það gæti komið seint og jafnvel aldrei. Þetta er krefjandi verkefni og stór áskorun. Ég hlakka bara til,“ segir Helgi Jónas.



VANN TITILINN SÍÐAST Helgi Jónas Guðfinnsson gerði Grindvíkinga að Íslandsmeisturum þegar hann þjálfaði síðast árið 2012. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

iPad

hvar sem er, hvenær sem er



Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
Tilboð gildir til 21. apríl 2014.



Apple TV

Tilboð: 15.990.-*

Fullt verð: 18.990.-

Smáralind

Skírdagur 13-18 | Laugardagur 11-18
Lokað föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum
Sími 512 1330

iPad
Verð frá: 49.990.-

epli.is

Nýtt kortatímabil í Smáralind frá 17. apríl

Stöð 2 Sport 2 kl. 18.35 Manchester City – Sunderland

Bein útsending frá sannkölluðum stórleik í ensku úrvalsdeildinni. Með sigri færast City-menn einu skrefi nær titlinum og gætu hrifsað hann úr höndum Liverpool ef vel gengur á lokasprettinum. Ef þeir tapa hins vegar í kvöld gæti röðurinn orðið þungur fyrir leikmenn Manchester City í síðustu leikjum leiktíðarinnar.



Í KVÖLD



Gordon Ramsay's Ultimate Home Cooking

SKJÁREINN KL. 19.55 Meistarakokkurinn Gordon Ramsay tekur þig í kennslustund og hjálpar þér að öðlast raunverulegt sjálfstraust í eldhúsinu. Gordon er einn þekktasti kokkur heims og liggur ekki á skoðunum sínum.



Grey's Anatomy

STÖÐ 2 KL. 21.15 Tíunda sería þessa vinsæla dramabáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



We Bought a Zoo

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 18.20 Hugljúf og myndin fjölskyldumynd sem byggð er á sönnum atburðum um fjölskyldu sem flytur út á land til að reka dýragarð. Með aðalhlutverk fara Matt Damon, Scarlett Johansson, Thomas Haden Church og Elle Fanning. Jónsi úr Sigur Rós semur og flytur tónlistina úr myndinni.

Bylgjan kl. 10.00 Ívar Guðmunds

Ívar er einn farsælasti útvarpsmaður landsins og fylgir landsmönnum til hádegis með skemmtilegum fróðleik um allt milli himins og jarðar sem og hressandi tónlist sem kemur flestum í gott skap.



STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In the Middle (20:22)
- 08.30 Wipeout
- 09.15 Bold and the Beautiful (6342:6821)
- 09.35 Doctors (145:175)
- 10.15 Masterchef USA (18:20)
- 11.05 Spurningabomban (17:21)
- 11.50 Grey's Anatomy (9:24)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Up All Night (15:24)
- 13.20 Material Girl (5:6)
- 14.15 Suburgatory (22:22)
- 14.35 2 Broke Girls (11:24)
- 15.00 Sorry I've Got No Head
- 15.30 Tommi og Jenni
- 15.55 UKI
- 16.00 Grallararnir
- 16.25 Mike & Molly (12:24)
- 16.45 How I Met Your Mother (14:24)
- 17.10 Bold and the Beautiful (6342:6821)
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan (11:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Svínasúpan
- 19.45 The Middle (21:24)
- 20.10 Death Comes To Pemberley (1:3)
- 21.15 Grey's Anatomy (19:24)
- 22.00 Rita (6:8)
- 22.45 360
- 00.35 NCIS (9:24)
- 01.20 Person of Interest (12:23)
- 02.05 Precious
- 03.55 The Killing (3:12)
- 04.40 The Killing (4:12)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 11.20 Magdeburg - Hamburg
- 12.40 Benfica - AZ Alkmaar
- 14.20 Evrópu deildarmörkin
- 15.10 Hestaíþróttir á Norðurland
- 15.40 Njarðvík - Grindavík
- 17.10 Meistaradeildin í hestaíþróttum
- 17.40 3. liðið
- 18.10 RN Löwen - Kiel
- 19.40 Ensku bikarmörkin 2014
- 20.10 FA bikarinn (Wigan - Arsenal)
- 21.50 RN Löwen - Kiel
- 23.10 Granada - Barcelona
- 00.50 NBA
- 01.40 Dortmund - Real Madrid

SPORT 2

- 07.00 Arsenal - West Ham
- 11.40 Sheffield - Tottenham, 1994
- 12.10 Ensku mörkin - úrvalsdeildin (34:40)
- 13.05 Reading - Leicester
- 14.45 WBA - Tottenham
- 16.25 Arsenal - West Ham
- 18.05 Destination Brazil
- 18.35 Man. City - Sunderland
- 20.55 Everton - Crystal Palace
- 22.35 Messan
- 00.00 Man. City - Sunderland

INN

- 14.00 Hrafnáping 15.00 Stjórnarráðið 15.30 Skuggaráðuneytið 16.00 Hrafnáping 17.00 Stjórnarráðið 17.30 Skuggaráðuneytið 18.00 Hrafnáping 19.00 Stjórnarráðið 19.30 Skuggaráðuneytið 20.00 Ámi Páll 20.30 Tölvur, tækni og kennsla 21.00 Fasteignaflofan 21.30 Á ferð og flugi 22.00 Ámi Páll 22.30 Tölvur, tækni og kennsla 23.00 Fasteignaflofan 23.30 Á ferð og flugi

- ÚTVARP**
FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
- FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

STÖÐ 3

- 12.10 Simpson-fjölskyldan (7:22)
- 12.30 Friends (5:24)
- 12.55 Gossip Girl (5:10)
- 13.40 Hart of Dixie (7:22)
- 14.25 Pretty Little Liars (7:25)
- 15.10 Glee (7:22)
- 15.55 School Pride (2:7)
- 16.35 American Idol (26:39)
- 17.55 American Idol (27:39)
- 18.15 Malibu Country (2:18)
- 18.35 Bob's Burgers (10:23)
- 19.00 Junior Masterchef Australia (16:22)
- 19.45 Baby Daddy (5:16)
- 20.10 Revolution (8:22)
- 20.50 Tomorrow People (9:22)
- 21.30 Tomorrow When the War Began
- 23.10 The Unit (10:22)
- 23.55 Hawthorne (7:10)
- 00.35 Supernatural (11:22)
- 01.15 Junior Masterchef Australia (16:22)
- 02.00 Baby Daddy (5:16)
- 02.20 Revolution (8:22)
- 03.05 Tomorrow People (9:22)
- 03.45 Tomorrow When the War Began
- 05.28 The Unit (10:22)
- 06.13 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

Krakkastöðin

- 07.00 Á fram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveinsson 07.45 Hvellur keppnisbill 07.55 UKI 08.00 Ævintýri Tinna 08.25 Ljótí andarunginn og ég 08.47 Tom and Jerry 08.55 Rasmus Klumpur og félagar 09.00 Brunabílarnir 09.23 Latibær 09.47 Ævintýraferðin 10.00 Dóra könnuður 10.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 10.45 Doddi litli og Eyrnastór 10.55 Sumardalsmyllan 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveinsson 11.45 Hvellur keppnisbill 11.55 UKI 12.00 Ævintýri Tinna 12.25 Ljótí andarunginn og ég 12.47 Tom and Jerry 12.55 Rasmus Klumpur og félagar 13.00 Brunabílarnir 13.23 Latibær 13.47 Ævintýraferðin 14.00 Dóra könnuður 14.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 14.45 Doddi litli og Eyrnastór 14.55 Sumardalsmyllan 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveinsson 15.45 Hvellur keppnisbill 15.55 UKI 16.00 Ævintýri Tinna 16.25 Ljótí andarunginn og ég 16.47 Tom and Jerry 16.56 Rasmus Klumpur og félagar 17.00 Brunabílarnir 17.23 Latibær 17.47 Ævintýraferðin 18.00 Dóra könnuður 18.24 Mörgæsinar frá Madagaskar 18.45 Doddi litli og Eyrnastór 18.55 Sumardalsmyllan 19.00 Öskubuska í villta vestrinu 20.25 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.40 Strákarnir
- 18.10 Friends (9:24)
- 18.35 Seinfeld (9:22)
- 19.00 Modern Family (14:24)
- 19.25 Two and a Half Men (18:23)
- 19.50 Hamingjan sanna (3:8)
- 20.30 Örlagadagurinn (11:14)
- 21.00 Twenty Four (19:24)
- 21.40 Chuck (3:13)
- 22.25 The Fixer (5:6)
- 23.15 Without a Trace (6:24)
- 00.30 Hamingjan sanna (3:8)
- 01.05 Örlagadagurinn (11:14)
- 01.35 Chuck (3:13)
- 02.20 The Fixer (5:6)
- 03.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

BÍÓ

- 11.00 The Three Musketeers
- 12.50 We Bought a Zoo
- 14.55 Mary and Martha
- 16.30 The Three Musketeers
- 18.20 We Bought a Zoo
- 20.25 Mary and Martha
- 22.00 Gangster Squad
- 23.55 Ted
- 01.40 Lincoln
- 04.10 Gangster Squad

RÚV

- 08.00 Morgunstundin okkar
- 08.01 Teitur (3:13)
- 08.11 Poppý kislóra (3:13)
- 08.22 Froskur og vinir hans (3:12)
- 08.29 Kóala bræður (3:13)
- 08.40 Friðþjófur forvitni (3:10)
- 09.03 Franklín (3:7)
- 09.25 Babar og Badou (3:13)
- 09.47 Skrípin (7:52)
- 09.50 Rangó
- 11.35 Stephen Fry: Græjukarl - Vinnusparnaður (3:6)
- 12.00 Attenborough - 60 ár í nátturu - Viðkvæma Jörð (3:3)
- 12.55 Vert að vita (3:3)
- 13.40 Elizabeth Taylor
- 14.50 Tilraunin - Öfvirgni og athyglisbrestur (3:3)
- 15.20 Ástarlíf (3:3)
- 16.10 Ljósmodirin
- 17.05 Motorsystur
- 17.20 Disneystundin (13:52)
- 17.21 Finnbogi og Felix (13:26)
- 17.43 Sígildar teiknimyndir (13:30)
- 17.50 Herkúles (13:21)
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi III (1:8)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.40 Kastljós
- 20.05 Útvarp
- 21.15 Morðgátur Murdochs (2) (Murdoch Mysteries)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Takk fyrir að reykja
- 23.50 Draugur
- 01.55 Kastljós
- 02.15 Fréttir

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers (18:26)
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.00 Titanic - Blood & Steel (6:12)
- 16.50 Once Upon a Time (14:22)
- 17.35 Dr. Phil
- 18.15 The Good Wife (10:22)
- 19.05 Cheers (19:26)
- 19.30 America's Funniest Home Videos (39:48)
- 19.55 Gordon Ramsay's Ultimate Home Cooking (14:20)
- 20.20 Solsíðan (2:10)
- 20.45 The Millers (15:22)
- 21.10 Unforgettable (8:13)
- 22.00 Blue Bloods (15:22)
- 22.45 CSI Miami (6:24)
- 23.25 The Walking Dead (15:16)
- 00.10 The 11th Victim
- 02.10 Unforgettable (8:13)
- 03.00 Blue Bloods (15:22)
- 03.50 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 2014 Augusta Masters 12.35 Golfing World 2014 13.25 Augusta Masters Official Film 15.10 European Tour 2014 18.25 Golfing World 2014 19.15 PGA Tour Latinoamerica 19.40 Golfing World 2014 20.30 2014 Augusta Masters 22.30 LPGA Tour 2014

A

Um 20 fyrirtæki og verslanir eru í Vild og fer fjölgandi



C

Í Vild færðu afsláttinn án þess að biðja um hann

B

Afslátturinn kemur sjálfkrafa á kortaviðskiptin

Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365

SVONA FÆRÐU AFSLÁTT ÁN ÞESS AÐ BIÐJA UM HANN!

Allir áskrifendur sjónvarps eða fjarskiptaþjónustu 365 fá nú sjálfvirkian afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.

Vild

skrðu þig á
365.IS



PÁSKARNIR EINS OG ÞÚ VILT HAFA ÞÁ

Tvær heilar seríur í SkjáFrelsi í dag: **Betrayal** og **Fleming: The Man Who Would Be Bond**.
Læknirinn í eldhúsinu hefst á morgun kl. 20.00



SKJÁREINN

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT!
SKJARINN.IS | 595 6000

MORGUNMATURINN



„Svart, gott kaffi og uppáhaldið er hafragrautur úr ristudum trölla-höfrum með rúsinum, kanil, smá sírópi og mjólk.“

Ásta Sveinsdóttir, eigandi suZushii og Roadhouse.

Tekur árspásu frá Séð og heyrt

Íris Dögg Pétursdóttir, ritstjóri tímaritsins, flytur til Gautaborgar í sumar.

„Ég er að fara í sumarfrí og svo í framhaldi af því í fæðingarorlof en ég á von á mínu þriðja barni í byrjun ágúst,“ segir Íris Dögg Pétursdóttir, ritstjóri Séð og heyrt. Hún hefur stýrt blaðinu síðastliðið ár en á dögunum var auglýst eftir nýjum ritstjóra frá og með 1. júní næstkomandi. Íris er þó ekki hætt sem ritstjóri heldur er einungis á leið í ársleyfi.

„Ég mun taka mér ársleyfi og flytjast til Gautaborgar í sumar. Maðurinn minn fer í námsleyfi í

ár og ætlar í nám við háskólann í Gautaborg, en við strákarnir mínir ætlum að massa sænskuna og borða McDonalds og kjötbollur út í eitt,“ segir ritstjórinn en hún á von á þriðja drengnum í sumar ásamt Eyþóri Atla Einarssyni kennara.

„Þriðji strákurinn á leiðinni. Það er spurning um að halda sig bara í Svíþjóð og eiga tvo í viðbót. Þá erum við komin með solid sænskt hokkílið,“ segir Íris hlæjandi. Aðspurð hvort hún eigi ekki eftir að sakna tímaritsins stendur

→ Íris á synina Nökkva Dag og Bjarka Leó og á von á þriðja drengnum.

ekki á svörunum. „Árið sem ég hef starfað sem ritstjóri þessa lífríka og líflega blaðs hefur verið virkilega gefandi, fjölbreytt og skemmtilegt og mun ég sakna þess svakalega að vera ekki með puttann algjörlega á púlsinum hvað varðar heitustu fréttirnar á meðan á orlofinu stendur.“ -lkg



BARN Á LEIÐINI Íris á von á sínu þriðja barni með Eyþóri Atla Einarssyni. MYND/ÚR EINKASAFNI




BYLGJAN989

#BYLGJAN

**SPURNINGAKEPPNI
FJÖLMÍÐLANNA
ER Í LOFTINU**

**LOGI BERGMANN OG ALLIR HELSTU FJÖLMÍÐLAR
LANDSINS**

SKÍRDAG, FÖSTUDAGINNLANGA OG PÁSKADAG KL. 16:00



BYLGJAN
989



UNGSKÁLD Adolf Smári er upprennandi ljóðskáld.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Aukin ást í meira wífi

Adolf Smári Unnarsson var að gefa út bókina Wífi ljóðin þar sem viðfangsefnið er flakkarasamfélag nútímans. Tvær til fimm sekúndur tekur að lesa hvert ljóð.

„Bókin er í raun tilraun til þess að athuga hvort að ljóð sem taki aðeins þrjár til fjórar sekúndur geti skapað sömu hughrif og önnur,“ segir Adolf Smári Unnarsson ljóðskáld en hann gaf nýverið út ljóðabókina Wífi ljóðin.

„Við búum í heimi þar sem hver sjónvarpsstöð fær í raun bara fjórar sekúndur, hver útvarpsstöð fjórar sekúndur og síðan lesum við bara fyrirsagnir fréttar,“ segir Adolf en bókin virðist vera ádeila á flakkarasamfélag nútímans og er Adolf þar ekki undanskilinn. „Ég er alveg miskunnarlaus flakkarari,“ segir ljóðskáldið. „Jafnvel þó að uppáhaldslagið mitt sé á Bylgjunni skipti ég samt um stöð,“ segir Adolf. „Það er eins og að það hafi

allir þessa þörf fyrir að vera alls staðar, alltaf.“ Wífi ljóðin er fyrsta ljóðabók ungskáldsins en hann hefur áður fengið ljóð sín prentuð og var það með ungskáldum Fríyrkjunnar.

„Þar komu fyrstu kvæðin mín út en þau voru aðeins frábrugðin þeim sem finnast í þessari bók. Þessi ljóð mega í raun ekki taka neinn tíma í lestri, það er hluti af tilrauninni, þau eiga bara að hafa áhrif strax.“

Ljóðabókin er kaflaskipt eftir þráðlausu netsambandi eða wífi en Adolf lýsir henni sem eins konar ástarsögu.

„Í einum kaflanum er fullt wífi og inniheldur mestmegnis ástarljóð, síðan minnkar tengingin og þá er meiri efi í ljóðunum en síðan

“Pessi ljóð mega í raun ekki taka neinn tíma í lestri, það er hluti af tilrauninni, þau eiga bara að hafa áhrif strax.”

Adolf Smári Unnarsson

er ekkert samband eða ekki kveiti á netinu og þar eru ljóðin því sambandslaus og dekkri en í hinum köflunum,“ segir Adolf sem vinnur mikið með myndmál og alls konar tákni í bókinni. Útgáfuforlagið Lús býður til útgáfuhófs í kvöld vegna ljóðabókarinnar klukkan sex í bóka-búð Máls og menningar á Laugaveginum en bókina er hægt að nálgast í næstu bóka-búð. baldivin@frettabladid.is

Saga Belforts víti til varnaðar

Jón Gunnar segir að þeir sem starfa við sölumennsku geti lært mikið af Úlfinum.

„Útskýring á dýrara miðaverði á söluráðstefnu Jordans Belfort í Háskólabíói er einföld – þessi viðburður í Danmörku er bara fyrirlestur, ekkert annað, engin kennsla á sölutækni og enginn aðgangur að Jordan Belfort með spurningum,“ segir Jón Gunnar Geirdal. Hann stendur fyrir komu Jordans Belfort til Íslands þann 6. maí. Fréttablaðið skrifaði um það fyrir stuttu að talsvert dýrara væri á viðburðinum í Háskólabíói en fyrirlestur Jordans í Danmörku í september. Jón Gunnar segir ráðstefnuna á Íslandi vera íbúðarmeiri en fyrirlesturinn í Danmörku.

„Ráðstefnan hér heima samanstendur af klukkutíma fyrirlestri, þriggja tíma Straight Line Persuasion-sölunámskeiði með spurt og svarað sem er einfaldlega dýrari útfærsla af því sem hann hefur upp á að bjóða. En þetta þýðir um leið að í Háskólabíói þennan

dag fær fólk miklu meira út úr viðburðinum.“

Jón Gunnar hefur þurft að sæta talsverðri gagnrýni fyrir að flytja Jordan Belfort hingað til lands. Jordan er í daglegu tali kallaður Úlfurinn af Wall Street og fjallar verðlaunamyndin The Wolf of Wall Street um líf hans. Í myndinni sést hvernig Úlfurinn náði frægð með því að svíkja fé út úr saklausu fólki.

„Saga Belforts er víti til varnaðar um svikastarfsemi sem er látin óáreið, en það er málefni sem hefur verið áberandi í umræðunni eftir hrúnið 2008. Þrátt fyrir skuggalega fortíð Belforts er óumdeilanlegt að þeir sem starfa við áhættustýringu og sölumennsku, sama hver varan eða þjónustan er, geta mikið lært af viðskiptaviti, samskiptafærni, sölugetu og forystuhæfileikum hans, um leið og þeir forðast að falla í sömu gryfjur á framabrotinu,“ segir Jón Gunnar. -lkg



SVARAR GAGNRÝNISRÖÐDUM Jón Gunnar lofar að fólk fái mikið út úr komu Jordans þann 6. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HLEÐSLA | 100%
ÍPRÓTTADRYKKUR | HÁGÆÐA
PRÓTEIN



NÝ OG FERSK HLEÐSLA MEÐ EKTA SÚKKULADIBRAGÐI



VIÐ VITUM AÐ ÞAÐ ÞARF ÚTHALD OG EINBEITINGU TIL AÐ HALDA SÉR GANGANDI.
HLEÐSLA ER GERÐ ÚR NÁTTÚRULEGU ÍSLENSKU HÁGÆÐAPRÓTEINI, INNIHELDUR
ENGAN HVÍTAN SYKUR OG BYGGIR UPP VÖÐVANA. FÁÐU SEM MEST ÚT ÚR ÆFINGUNNI
MEÐ ÞVÍ AÐ SKELLA Í ÞIG HLEÐSLU EÐA NJÓTTU HENNAR Á MILLI MÁLA.

ÍSLENSKA SÍÐLE KSA 0812610711

ÞINN LÍKAMI ÞARF HLEÐSLU

MS.IS

FRÉTTIR AF FÓLKI

Grínisti á skjáinn

Uppistandarinn **Ari Eldjárn** hoppar inn sem meðstjórnandi í spurningaþættinum Útsvari í Ríkissjónvarpinu í kvöld. Ari verður þar við hlið Þóru Arnórsdóttur en róteringar hafa verið síðustu vikur á meðstjórnendum hennar í fjarveru Sigmars Guðmundssonar. Grínistinn vinsæli fetar þar með í fótspor þeirra Andra Freys Viðarssonar, Benedikts Valssonar og Helga Seljan sem allir hafa fyllt skarð Sigmars í spurningaþættinum lífseiga undanfarið. -áp



Ferðalag og nýtt sirkustjald

Mikið er um að vera í lífi fjöllistakonunnar **Margrétar Erlu Maack** en hún er um þessar mundir á ferðalagi um Bandaríkjin. Margrét birtir myndir úr ferðinni á Instagram en þar má meðal annars sjá myndir af henni með grínistanum og fyrrverandi kærasta hennar, Reggie Watts, og fyrrverandi keppanda í America's Next Top Model, Shandi Sullivan. Von er á Margréti aftur til landsins um páskaletyð en þá tekur við nýtt ævintýri. Glænýtt sirkustjald Sirkuss Íslands verður kynnt almenningi á föstudaginn langa. Margrét og vinir hennar í sirkusnum eru að vonum spennt, en komu tjaldsins hefur verið beðið með eftirvæntingu. -jm



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Nakin í framboði
- 2 Íslensk kona í ótrúlegum árekstri í Bandaríkjunum
- 3 „Íslendingar munu aldrei byggja nýjan flugvöll“
- 4 Nektarmyndir af stúlkum á fermingaráldri á spjallsíðu
- 5 Utan vallar: Foreldrar – Ekki gera eins og David Beckham

LG BOGIÐ OLED SJÓNVARP

Heimsins fyrsta bogna OLED sjónvarpið



Sjónvarpsmiðstöðin
SÍÐUMÚLA 2 • WWW.SM.IS

WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

EYDDU Í FRÍIÐ EKKI FLUGIÐ

EVROPA


FRÁ

12.990 kr.

15 ÁFANGASTAÐIR

Í

SUMMAR



wowair.is